skoðun 20

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Gönguskór

Mörg járn í eldinum
Gígja Ísis Guðjónsdóttir vinnur að því að rannsaka og þróa hinn íslenska sauðskinnsskó.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
23. júní 2011
144. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

Slær í gegn á netinu
Páll Óli Ólason er nýjasta stjarnan á Flick My Life.
fólk 50

Málari eilífðarinnar
Ragna Sigurðardóttir rýnir í glæstan feril Georgs Guðna og metur áhrif hans.
menning 32

Betra að tala saman
Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, ræðir um hvað læra má af þátttöku og undirbúningi U-21 árs liðsins á EM í Danmörku.
sport 42

veðrið í dag

NOKKUÐ BJART V-TIL Í dag verður hæg N-læg eða breytileg átt. Bjart með köflum V-til en hálf skýjað eða skýjað annars staðar. Líkur á skúrum síðdegis. Hiti 5-15 stig, hlýjast V-lands.

VEÐUR 4

TENGI
FRÁBÆRT TILBOÐ ELDHÚSVASKUR
Intra
Inspired by design

Tilboðsverð kr. 18.900,-
INTRA - TEKA
UNIVERSO 100D - 790 X 500 MM
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SUÐURLANDSVEGUR TVÖFALDAÐUR Það er nóg um að vera á Hellisheiði þessa dagana en þar er unnið að fyrsta áfanga við tvöföldun Suðurlandsvegar. Framkvæmdum á að ljúka um miðjan september en áfanginn er á milli Litlu kaffistofunnar og Lögbergsbrekku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjördæmapot upprætt af fjárlaganefnd

Alþingi mun ekki úthluta styrkjum til samtaka, félaga og einstaklinga frá og með næsta ári. Styrkirnir hafa verið gagnrýndir sem fyrirgreiðslur og kjördæmapot og þótti fjárlaganefnd tímabært að breyta fyrirkomulaginu.

STJÓRNMÁL Alþingi mun hætta að úthluta styrkjum til samtaka, félaga og einstaklinga á næsta ári. Styrkirnir nefnast safnliðir á fjárlögum, en þeir nema nú 759 milljónum króna frá þinginu auk 653 milljóna sem koma frá ráðuneytum, að sögn Oddnýjar G. Harðardóttur, formanns fjárlaganefndar. Framvegis mun þingið aðeins ákveða hversu háar upphæðir renna til einstakra málaflokka en láta lögbundnum sjóðum, sveitarfélögum, ráðuneytum og fleirum eftir að úthluta styrkjum.

Safnliðirnir hafa verið gagnrýndir sem kjördæmapot og „gamaldags fyrirgreiðslufyrirkomulag,“ eins og Valgerður Bjarnadóttir þingmaður Samfylkingarinnar orðaði það í fyrirspurn um safnliði á síðasta ári.

„Allir flokkar hafa gagnrýnt þetta og okkur fannst tími til kominn að gera breytingar á þessu,“ segir Oddný G. Harðardóttir. Hún segir að þar sem bæði Alþingi og ráðuneytin hafi úthlutað styrkjum hafi það stundum gerst að sömu aðilarnir hafi fengið úthlutað styrkjum frá báðum.

> Því það hefur verið orðrómur upp um að þingmenn noti þetta til að hygla sínu kjördæmi og vinum sínum jafnvel.
>
> ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR
> FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR

Mikill tími fjárlaganefndar fer í viðtöl og vinnu vegna styrkjanna. Þannig á það ekki að vera að mati Oddnýjar, heldur á nefndin að geta einbeitt sér að stærri málum.

Breytingunum nú er ætlað að gera úthlutanir gegnsærri og auka traust á því hvernig fjármunum ríkisins er skipt. „Því það hefur verið orðrómur uppi um að þingmenn noti þetta til að hygla sínu kjördæmi og vinum sínum jafnvel.“ Þá eiga breytingarnar að bæta stjórnsýsluna og yfirsýn yfir einstaka málaflokka. „Það er mjög neytendafjandsamlegt að Alþingi skuli vera að úthluta, af því að Alþingi fellur ekki undir stjórnsýslulög.“ Því beri Alþingi ekki að skýra úthlutun, sem ráðuneyti og sveitarfélög þurfa hins vegar að gera.

Oddný var formaður vinnuhóps fjárlaganefndar sem í sátu auk hennar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þór Saari og Þuríður Backman. Samstaða var um breytingarnar og verður öllum umsóknum áfram fundinn farvegur. Nánari útfærsla á breytingunum verður kynnt í haust. - þeb

Ostarúllurnar frá Ostahúsinu
frábærar í matargerð og á ostabakkann
Þekking • Reynsla • Gæði
Osta HÚSIÐ
Stofnað 1992

Áfram reynt að ná sátt í dag:

Yfirvinnubann hjá flugmönnum á morgun

KJARAMÁL Samninganefndir atvinnuflugmanna og Icelandair funduðu í tólf tíma í gær án þess að ná samkomulagi um kjarasamning. Áfram verður fundað í dag en náist ekki samkomulag brestur á yfirvinnubann hjá flugmönnum á morgun.

Komi til bannsins mun það raska starfsemi Icelandair töluvert og farþegar geta átt von á töfum á áætlun flugfélagsins.

Helsta baráttumál flugmanna er aukið starfsöryggi og að dregið verði úr árstíðasveiflum í ráðningum. Segjast þeir frekar grípa til yfirvinnubanns en verkfalls til að hlífa ferðaþjónustunni yfir sumartímann.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa lýst yfir miklum áhyggjum af mögulegu yfirvinnubanni. - mþl

Popparar á kirkjutónleikum:

Lög við sálma Sigurbjörns

TÓNLIST **Pétur Ben, Toggi, Svavar Knútur og Matthías Baldursson ætla að frumflytja eigin lög við sálma Sigurbjörns Einarssonar á tónleikum í Lindakirkju 30. júní. Tónleikarnir verða haldnir í tilefni þess að biskupinn fyrrverandi hefði orðið 100 ára þennan sama dag. Lag Togga, sem samdi Þú komst við hjartað í mér, er við sálminn Hjá Guði og var hann ekki lengi að hrista það fram úr erminni. „Ég samdi það bara um kvöldið og tók það upp á símann minn,“ segir Toggi, sem er sjálfur ekki trúaður maður.**

TOGGI

- fb / sjá síðu 50

SPJALDTÖLVUR
og aukahlutir í úrvali
USB bílhleðslutæki
Frábær 8” snertiskjár
Inbyggt 3G og GPS

Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

SPURNING DAGSINS

Yrsa, var þetta blóðug keppni?

„Nei, þetta er blóðdropinn sem holar steininn.“

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur hlaut í fyrradag Blóðdropann, glæpasagnaverðlaun Hins íslenska glæpafélags fyrir hrollvekjuna Ég man þig.

Þingmenn í Kaliforníu sviptir launum þar til þeir skila hallalausum fjárlögum:

Refsað fyrir hallafjárlögin

BANDARÍKIN, AP Þingmenn Kaliforníuríkis fá engin laun greidd fyrr en þeim tekst að afgreiða hallalaus fjárlög. Búist er við því að þeir þurfi að minnsta kosti viku til að ljúka verkinu.

John Chiang, fjármálastjóri Kaliforníuríkis, tók þessa ákvörðun í samræmi við lög sem Kaliforníubúar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í nóvember síðastliðnum.

Samkvæmt þessum lögum má svipta þingmenn bæði launum og dagpeningum takist þeim ekki að afgreiða hallalaus fjárlög fyrir 15. júní ár hvert. Launagreiðslur hefjast að nýju um leið og fjárlög liggja fyrir, en launalausi tíminn verður þó ekki bættur með eftirágreiðslu launa.

KALIFORNÍUÞING Kaliforníuríki sparar sér nokkrar milljónir króna á dag meðan þingmenn eru launalausir. NORDICPHOTOS/AFP

Lögin voru borin undir þjóðaratkvæði til þess að skapa þrýsting á þingmenn, sem á hverju ári hafa skilað fjárlögum löngu eftir að tilskilinn frestur til þess, nefnilega 15. júní, er liðinn.

Þingmennirnir lögðu því óvenju hart að sér í ár og fögnuðu ákaft þegar fjárlög voru samþykkt á síðustu stundu. Gleðin rann hins vegar fljótt af þeim þegar fjármálastjórinn skýrði frá launasviptingunni, enda voru þessi fjárlög ekki hallalaus. - gb

Landsbankinn selur eignir:

Allt mun fara í opnu söluferli

VIÐSKIPTI Landsbankinn ætlar að bjóða til sölu allar eignir sem hann hefur fengið við yfirtöku eins fljótt og unnt er í opnu og gegnsæju söluferli á almennum markaði. Skilyrði er þó sett um það að salan brjóti ekki gegn lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans.

Minni fasteignir, ökutæki og lausafjármunir verða boðin til sölu eins fljótt og unnt verður. Hlutabréf í óskráðum fyrirtækjum verða seld í opnu söluferli. - jab

Sex eru í haldi í Noregi:

Stúlkurnar eru heilar á húfi

NOREGUR Tvær stúlkur, sem var rænt í Noregi á þriðjudagsmorgun, fundust í gær heilar á húfi. Faðir þeirra er í haldi lögreglu ásamt fimm öðrum, grunaður um að hafa lagt á ráðin um mannrænið.

Stúlkurnar fundust í húsi í Hönefoss, um 50 kílómetrum sunnan við Brandbu, þaðan sem þeim var rænt. Faðir þeirra og tveir aðrir voru handteknir í húsinu. Á þriðjudag höfðu þrír menn verið handteknir vegna málsins.

Foreldrar stúlknanna eru frá Írak, sem og aðrir sem eru í haldi lögreglu. Því hafði lögreglan talið líklegt að reynt yrði að koma börnunum úr landi og var mikið eftirlit á landamærum meðan leitað var að þeim. - þeb

Rannsóknin tók fjögur ár:

Ákærður fyrir umboðssvik

DÓMSMÁL Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ákært Viggó Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Verðbréfaþjónustu Sparisjóðanna, fyrir stórfelld umboðssvik. Frá þessu var greint í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Ákæran var gefin út hinn 9. júní en fjögur ár eru frá því rannsókn málsins hófst. Brotin voru talin felast í útgáfu tilhæfulausrar ábyrgðaryfirlýsingar upp á 200 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 22 milljarða króna. Viggó var gert að sæta farbanni í 23 mánuði vegna málsins.

Samkvæmt almennum hegningarlögum geta umboðssvik varðað allt að sex ára fangelsi ef sakir eru miklar, en Viggó er ákærður til vara fyrir tilraun til fjársvika.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Viggós, sagði í viðtali við Stöð 2 að umbjóðandi sinn myndi neita sök í málinu.

ÞJÓNAÐ TIL BORÐS Lokað hefur verið fyrir bílaumferð í Austurstræti og geta gestir og gangandi því sest þar víða niður án þess að eiga á hættu að lenda fyrir bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Brunareitur lifnar við

Hvert fyrirtækið af öðru er að flytja inn í húsin sem brunnu til kaldra kola síðasta vetrardag fyrir fjórum árum. Reiturinn er hluti af sögu þjóðarinnar.

MANNLÍF „Okkur líður mjög vel í húsinu, vinnum fimmtán tíma vinnudag og gleymum því að fara heim,“ segir Unnur Ósk Stefánsdóttir, kölluð Lukka, einn eigenda veitingastaðarins Happs við Austurstræti 22.

Húsin á horni Lækjargötu og Austurstrætis skemmdust í eldsvoða síðasta vetrardag árið 2007. Endurbygging þeirra hefur staðið yfir á brunareitnum svokallaða síðan þá og sér nú fyrir endann á verkinu. Veitingastaðurinn var opnaður við Austurstræti á þjóðhátíðardaginn.

Líf færist smám saman yfir í hin húsin. Í því sem snýr að Lækjargötu verður skartgripaverslunin Leonard til húsa, verslun fyrir ferðamenn og skrifstofur á efri hæðum.

Á milli hússins við Lækjargötu og Austurstrætis er port sem opið verður á daginn. Þar inn af er unnið hörðum höndum að opnun veitingastaðarins Grillmarkaðarins. „Það er allt morandi í iðnaðarmönnum hér,“ segir landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran, eigandi staðarins sem er á tveimur hæðum. Eldavélar verða hitaðar upp um helgina en stefnt er að formlegri opnun á fimmtudag í næstu viku.

Í framtíðinni verður hægt að ganga inn eftir portinu á milli Lækjargötu og Pósthússtrætis og þaðan út bæði á Austurvöll og við Skólabrú.

Húsið sem stóð við Austurstræti 22 markar spor í sögu landsins. Ísleifur Jónsson dómari lét reisa hús þar árið 1801. Stiftamtmaðurinn Trampe greifi keypti það fjórum árum síðar. Jörundur hundadagakonungur gerði húsið að sínu árið 1809 þegar hann handtók Trampe. Hús Happs er eftirmynd af húsi Ísleifs.

Fyrirhugað er að opna sýningu í húsinu á morgun sem sýnir lífið í því á árum áður. Meðal annars verða sýndar myndir af Jörundi, eiginhandaráritun hans og teikningar af dansleik sem þar var haldinn. „Hér var lágt til lofts og á einni myndinni má sjá konu festa hárkollu í ljósakrónu,” segir Lukka. jonab@frettabladid.is

Launahækkanir hækka verð:

Verð á mjólkurvörum hækkar

EFNAHAGSMÁL Heildsöluverð á mjólk hækkar um 4,25 prósent um mánaðamótin. Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið þetta. Verð á öðrum mjólkurafurðum hækkar um sömu prósentu nema verð á smjöri og mjólkurdufti sem hækka um 6,7 og 6 prósent.

Ástæður verðhækkananna eru sagðar launabreytingar og verðhækkanir á aðföngum.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, sagði þessar hækkanir vera talsvert umfram það sem launahækkanir kjarasamninganna gefa tilefni til, í samtali við Stöð 2 í gær. Þessar hækkanir og fleiri undanfarið vekji upp ótta um að launahækkanirnar brenni upp á báli verðbólgunnar. - mþl

REYKJANESBRAUT Maðurinn er ekki talinn í lífshættu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ungur karlmaður slasaður:

Vélhjólaslys á Reykjanesbraut

SLYS Ungur karlmaður missti stjórn á vélhjóli á Reykjanesbrautinni við Innri Njarðvík um klukkan hálf sex í gær. Þeyttist vélhjólið út af veginum og lenti í möl á milli akreina eins og maðurinn.

Maðurinn var meðvitundarlaus þegar lögreglu- og sjúkraflutningamenn mættu á slysstað en komst til meðvitundar í sjúkrabíl á leiðinni á bráðamóttöku Landspítalans. Maðurinn er talsvert brotinn en ekki talinn í lífshættu. - mþl

Ríkjaráðstefna aðildarríkja Evrópusambandsins hefst í Belgíu í dag:

Rætt um Schengen og Grikki

EVRÓPUMÁL Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins mætast til reglulegrar tveggja daga ríkjaráðstefnu í Brussel í dag.

Helst verður rætt um efnahagsmál, þ.e. vanda Grikklands og annarra skuldsettra ríkja ESB. Einnig um framtíð Schengen-svæðisins í ljósi óvæntra viðbragða Ítala, Frakka og Dana við afrísku flóttamannabylgjunni í vor sem leið, en þar þótti skorta talsvert á samstarfsvilja og samheldni þjóðanna.

Rætt verður um hvernig megi stýra ytri landamærum ESB betur og þar með landamærum Íslands. Einnig um hvernig aðildarríkjum gangi að framfylgja reglum um frjálsa för fólks; hvernig megi bæta þær. Fjallað verður og um samevrópskt flóttamannakerfi.

Forseti framkvæmdastjórnar ESB, José Manuel Barroso, verður viðstaddur og hefur kynnt áherslur sínar fyrir fundinn. Barroso hefur áhuga á nýjum tekjustofni, eða „Hróa-hattarskatti“ til að leggja á alþjóðlega fjármagnsflutninga. Þetta yrði leið til að ná skaðabótum af fjármálafyrirtækjum vegna fjármálakreppunnar.

Þá leggst Barroso gegn því að aðildarríki taki upp landamæraeftirlit innan Schengen, sem t.d. Danmörk hefur lagt til, og segir að framkvæmdastjórnin muni grípa inn í, fari svo að einstaka aðildarríki vegi að þessum grundvallaratriðum Evrópusamstarfsins. - kóþ

SAMMÁLA! Stundum fer býsna vel á með þeim Sarkozy Frakklandsforseta og Merkel Þýskalandskanslara. Þau sjást hér á síðasta leiðtogafundi ESB, sem var haldinn í mars. NORDICOHOTOS/AFP

TAX FREE
HEFST Í DAG!

PALLAEFNI

TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TA

TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI OG SKJÓLVEGGJUM FYRIR SÓLPALLINN

TAX FREE*
SLÁTTUVÉLAR OG ORF
(Bensín og rafmagns)
Fimmtudag til sunnudags

Látum verkin tala!

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI
TAX FREE AF PALLAEFNI GILDIR TIL 4. JÚLÍ

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 22.06.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,64	115,18
Sterlingspund	184,86	185,76
Evra	164,7	165,62
Dönsk króna	22,077	22,207
Norsk króna	20,839	20,961
Sænsk króna	17,975	18,081
Japanskt jen	1,4281	1,4365
SDR	183,06	184,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,6622

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áfrýjunarnefnd staðfesti rétt Samkeppniseftirlitsins til að beita dagsektum:

Hafnaði rökum Seðlabankans

STJÓRNSÝSLA Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti í gær ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að beita Seðlabankann dagsektum vegna vanrækslu á afhendingu gagna og upplýsinga um útlán banka.

Forsaga málsins er sú að Samkeppniseftirlitið óskaði eftir gögnum frá Seðlabankanum í tengslum við rannsókn á samkeppnisaðstæðum á bankamarkaði. Seðlabankinn hafnaði hins vegar beiðninni með vísan til trúnaðar- og þagnarskyldu sem hvíldi á bankanum og benti á að eðlilegra væri að leitað væri beint

SEÐLABANKINN Seðlabankanum er skylt að afhenda Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um útlán banka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

til umræddra banka. Seðlabankinn fær í kjölfar úrskurðarins í gær frest til 1. júlí til að veita Samkeppniseftirlitinu þau gögn sem um var beðið en ella sæta dagsektum.

Í tilkynningu sem barst eftir að úrskurðurinn lá fyrir er hann sagður vera til skoðunar hjá Seðlabankanum. Þá er það sagt mat Seðlabankans að úrskurðurinn muni að óbreyttum lögum hafa áhrif á þá starfsemi bankans sem snýr að hagskýrslugerð. „Rík trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á ríkisstofnunum sem sinna opinberri hagskýrslugerð og skulu upplýsingar sem aflað er til hagskýrslugerðar eingöngu notaðar í slíkum tilgangi," segir enn fremur í tilkynningunni en þar er ekki útilokað að málinu verði vísað til dómstóla. - mþl

Bardagi í jemensku fangelsi:

Tugir liðsmanna al Kaída sluppu

JEMEN Tugir liðsmanna al Kaída hryðjuverkasamtakanna flúðu úr fangelsi í suðurhluta Jemens í gær í kjölfar árásar á fangelsið. Yfirvöld segja að félagar fanganna hafi gert árás og um leið hafi brotist út bardagi á milli fanganna og fangavarða.

Að minnsta kosti fjörutíu komust undan og þar á meðal eru menn sem fengið hafa dóma fyrir hryðjuverkastarfsemi.

Mikill órói hefur verið í Jemen undanfarna mánuði eins og víðar í Mið-austurlöndum.

Axarmaðurinn í Árósum:

Tíu ára fangelsi í Landsrétti

DANMÖRK Muhudiin Mohamed Geele, sem réðist inn á heimili skopmyndateiknarans Kurts Westergaard á nýársdag í fyrra, vopnaður öxi, var í gær dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir landsrétti.

KURT WESTERGAARD

Geele, sem er af sómalískum uppruna, réðist inn til Westergaards í reiði sinni út af hinum umdeildu Múhameðsteikningum þess síðarnefnda. Westergaard náði að fela sig inni á baðherbergi þegar Geele réðist inn í húsið og eftir snörp átök við lögreglu var árásarmaðurinn handtekinn. - þj

Prestur skrifaði til varnar barnaníðingi

Séra Örn Friðriksson skrifaði bréf til félagsmálayfirvalda árið 1998 til varnar dæmdum barnaníðingi. Siðanefnd Prestafélagsins áleit skrif prestsins ámælisverð. Örn véfengdi orð ásakendanna í rannsóknarskýrslu þjóðkirkjunnar.

ÞJÓÐKIRKJAN Séra Örn Friðriksson, fyrrverandi sóknarprestur Mývetninga, skrifaði félagsmálayfirvöldum bréf í september árið 1998 til varnar dæmdum kynferðisbrotamanni. Maðurinn hafði misnotað stjúpdætur sínar kynferðislega um langt skeið og var dæmdur í tveggja ára fangelsi í júní árið 1995. Hann afplánaði fangelsisdóminn á Kvíabryggju og var sleppt einu og hálfu ári síðar.

ÖRN FRIÐRIKSSON

Maðurinn, sem ólst upp í sókn prestsins í Mývatnssveit, átti tvær dætur með eiginkonu sinni fyrrverandi. Fór hún fram á að félagsmálayfirvöld ábyrgðust umgengni hans við börnin þeirra eftir að hann losnaði úr fangelsi. Af því tilefni skrifaði séra Örn yfirvöldum bréf þar sem hann sagði meðal annars að maðurinn, sem áður var skólastjóri í sveitinni, væri „myndarlegur maður og vel gefinn". Þá skrifaði Örn að sér væri ljóst að það sem olli hjónaskilnaði mannsins og konu hans hefði ekki verið „meint misnotkun hans á dætrum hennar." Hann sakaði konuna um rógburð og lygi og sagði að dómurinn yfir manninum hafi verið hæpinn. Hún hefði ákveðið „að reyna að fá hann dæmdan."

Þá skrifar séra Örn: „Hverjir svo sem gallar [mannsins] kunna

MÝVATNSSVEIT Séra Örn var sóknarprestur í Mývatnssveit en hafði hætt störfum þegar hann skrifaði bréfið til félagsmálayfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Segist sjálfur hafa verið ásakaður

Í skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings segir að séra Örn hafi verið einn þeirra prófasta sem á sínum tíma lýstu yfir stuðningi við Ólaf Skúlason. Í andmælabréfi sínu til nefndarinnar, dags. 11. maí síðastliðinn, skrifar Örn meðal annars að hann trúi ekki konunum sem ásaka Ólaf, þær hafi líklega verið á höttunum eftir peningum. „Það er vel þekkt staðreynd, að stundum ljúga konur í slíkum málum, og hefi ég persónulega orðið fyrir slíku," skrifaði séra Örn til rannsóknarnefndarinnar.

að vera, verður það ekki af honum skafið að hann er einstaklega ljúfur og góður piltur. Honum þykir afarvænt um dætur sínar."

Móðir stúlknanna sendi bréf Arnar til siðanefndar Prestafélagsins. Nefndin áleit skrifin ámælisverð og sagði í umsögn, dagsettri 30. september 1999, að bréf Arnar hefði í heild sinni ómálefnalegt yfirbragð. „Órökstuddar fullyrðingar í svona viðkvæmum málum eru ámælisverðar og ættu aldrei að vera lagðar fram sem umsögn í jafnviðkvæmum málum eins og þessum."

Þá var það samdóma álit nefndarinnar að með óvarkárum og órökstuddum málflutningi hefði séra Örn brotið siðareglur. Afrit af álitinu var sent Karli Sigurbjörnssyni biskupi, Geir Waage, formanni Prestafélagsins, og Erni sjálfum. Ekkert var þó frekar að gert, enda var séra Örn hættur störfum. Siðanefndin taldi þó að hann félli áfram undir siðareglur Prestafélagsins. sunna@frettabladid.is

Skoðanakönnun MMR:

Meirihluti gegn málshöfðun

DÓMSMÁL Alls 65,7 prósent landsmanna eru mótfallin því að höfðað hafi verið sakamál fyrir landsdómi gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráherra. Þetta eru niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar MMR. Fylgjandi málshöfðuninni voru 34,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu en svarhlutfall var 83,6 prósent.

Töluverður munur var á afstöðu eftir stjórnmálaskoðunum. Þannig var mikill meirihluti Sjálfstæðismanna á móti en rúm 70 prósent fylgismanna VG fylgjandi.

Þegar spurt var um stuðning við málshöfðun gegn Geir í september 2010 voru 60 prósent þeirra sem tóku afstöðu fylgjandi málshöfðun. - mþl

Ban Ki-moon endurkjörinn:

Nýtur almenns stuðnings

SÞ Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna var í fyrrakvöld endurkjörinn í embætti til fimm ára.

Þetta var ákveðið á aðalþingi stofnunarinnar en áður hafði Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkt endurkjörið. Enginn bauð sig fram á móti og þykir Ban Ki-moon njóta almenns stuðnings.

ÁRÉTTING

Vegna fréttar blaðsins þann 14. júní þar sem fjallað var um að erlend fyrirtæki hefðu í sumum tilfellum minnkað innihald sælgætispakkninga án þess að lækka verð, vill heildsalan Innnes árétta að pakkningar Toblerone súkkulaðis sem selt sé hér á landi hafi ekki breyst að stærð.

Elsta kona heims er látin:

Varð 114 ára og 347 daga gömul

BRASILÍA Maria Gomes Valentim, sem talin hefur verið elsta kona í heimi, lést í Brasilíu í gær 114 ára og 347 daga gömul.

MARIA GOMES VALENTIM

Heimsmetabók Guinnes hafði sannreynt nýverið að fæðingarvottorð hennar væri ófalsað og skráði hana í sínar bækur í síðasta mánuði. María átti aðeins nokkrar vikur í að ná 115 ára aldri en hún var fædd árið 1896.

Nú er Besse Cooper frá Georgíu í Bandaríkjunum elsta kona heims samkvæmt sérfræðingum Guinnes. Hún er 48 dögum eldri en Valentim heitin.

SÓLGLER
með styrkleika
fylgja kaupum á
gleraugum í júní

augastaður
Gleraugnaverslunin þín

MJÓDDINNI
Álfabakka 14
Opið: virka daga 9–18

FIRÐI
Fjarðargötu 13–15
Opið: virka daga 10–18 og laugardaga 11–15

AKUREYRI
Hafnarstræti 95
Opið: virka daga 9–17.30

SELFOSS
Austurvegi 4
Opið: virka daga 10–18

PIPAR\TBWA • SÍA • 111590

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

SKYN OG SKÚRIR
Ágætis veður næstu daga. Áfram hægur vindur víðast hvar og hitatölur frá 5 upp í 15 stig. Tiltölulega bjart á V-landi í dag en léttast syðst á morgun. Stöku skúrir seinnipartinn næstu daga. Dálítil væta NA-lands á morgun.



HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	28°
Berlín	23°
Billund	18°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	24°
London	17°
Mallorca	24°
New York	28°
Orlando	35°
Ósló	17°
París	18°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Ama Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

ÉG VEIT ÞÚ KEMUR...

FORSALA Á ÞJÓÐHÁTIÐ

ÞJÓÐ HÁTIÐ

FORSÖLUVERÐ AÐEINS
14.900 KR.
FULLT VERÐ 16.900 KR.

Eins og venjulega fá viðskiptavinir N1 forskot þegar skemmtilegustu viðburðirnir eru annars vegar. Í dag hefst forsala á Þjóðhátíð á **þjónustustöðvum N1 um allt land**. Forsalan byrjar með sérstökum látum við Hringbraut - með glæsilegum tónleikum. Sjáumst!

TUBORG pepsi MAX

FRIÐRIK DÓR
BLAZ ROCA
INGÓ

ÞJÓÐHÁTÍÐAR TÓNLEIKAR Í DAG

Í tilefni forsölunnar bjóðum við upp á glæsilega þjóðhátíðartónleika við þjónustustöð okkar við Hringbraut frá kl. 18 í dag.

SJÁUMST KL. 18

ÍS OG PEPSI MAX Í BOÐI!
meðan birgðir endast

99 PYLSA KR.

WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

KJÖRKASSINN



Hefur þú lent í miklum seinkunum í flugi með Iceland Express?

Já	48,5%
Nei	51,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur eldsneytisverðið áhrif á ferðalög þín innanlands?

Segðu þína skoðun á vísir.is. VÍSIR

Papandreú tryggði sér þingmeirihluta en á erfitt verk fyrir höndum:

Aðhaldsaðgerðir óafgreiddar

GRIKKLAND Þótt Georgios Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, hafi fengið meirihlutastuðning þingsins til að halda áfram að ná tökum á skuldavanda ríkisins, á hann þó enn mikið verk óunnið því ekki er öruggt að þingmeirihlutinn fallist á þær skattahækkanir og niðurskurð sem hann hefur boðað.

Á tveggja daga leiðtogafundi ESB, sem hefst í Brussel í dag verður bæði skuldavandi Grikklands og hinn almenni vandi evruríkjanna til umræðu, ekki síst áform um nánara samstarf um evruna.

Bæði Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri Evrópusambandsins, og John Lipsky, sem til bráðabirgða gegnir yfirmannsstarfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafa hvatt Evrópusambandið til að styrkja umgjörðina um evrusamstarfið.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur staðið hart gegn því að endursamið verði um skuldir Grikklands, nema á grundvelli frjálsra samninga við skuldunautana, en hefur nú í fyrsta sinn ljáð máls á því að greiðsluþak verði sett svo létta megi byrðinni að hluta af Grikkjum. - gb

MÓTMÆLI Í APÞENU Enn er mikil andstaða meðal Grikkja við væntanlegar aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Ljósmæðrafélag Íslands:

Styður við leikskólakennara

KJARAMÁL Ljósmæðrafélag Íslands hefur lýst yfir stuðningi við baráttu leikskólakennara fyrir bættum kjörum.

Í tilkynningu frá félaginu segir að kjarabarátta leikskólakennara snúist um að störf þeirra verði metin í samræmi við menntun og ábyrgð og þá grunnhugmynd að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi á launum sínum.

Leikskólakennarar munu boða til verkfalls þann 22. ágúst ef ekki tekst að ná saman um kjarasamninga fyrir þann tíma. - mþl

Panetta verður ráðherra:

Tekur við af Robert Gates

BANDARÍKIN, AP Öldungadeild Bandaríkjanna hefur fallist á að Leon Panetta, yfirmaður leyniþjónustunnar CIA, verði varnarmálaráðherra Bandaríkjanna þegar Robert Gates lætur af embætti um næstu mánaðamót.

LEON PANETTA

Panetta fékk mikinn stuðning meðal þingmanna beggja flokka og segja repúblikanar að Barack Obama forseti hafi valið alveg réttan mann í starfið.

Panetta er orðinn 72 ára og fær meðal annars það verkefni að stjórna brottflutningi Bandaríkjahers frá Afganistan næstu misserin. - gb

Kona ákærð fyrir fjársvik:

Tók um milljón úr peningaskáp Samkaupa

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akranesi hefur ákært konu á fertugsaldri fyrir fjárdrátt. Konunni er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 30. ágúst á síðasta ári farið í peningaskáp verslunarinnar Samkaupa Strax í Dalabyggð og tekið þar tæpar 885 þúsund krónur og sex bandaríska dollara.

Konan var verslunarstjóri þegar þetta gerðist. Í peningaskápnum var afrakstur helgarsölu verslunarinnar svo og skiptimynt.

Lögregla lagði hald á um 358 þúsund hjá konunni. Samkaup krefjast þess að hún greiði afganginn, rúm 526 þúsund með vöxtum. - jss

Nýtt fagsvið skólamála með 30 milljarða rekstur á ári

Nýtt fagsvið skóla- og frístundamála hefur verið samþykkt í borgarstjórn. Formaður menntaráðs segir breytinguna fagnaðarefni. Minnihlutinn átelur vinnubrögð meirihlutans og segir meint hagræði óljóst.

SKÓLAMÁL Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á þriðjudag tillögu um stofnun skóla- og frístundasviðs sem mun taka yfir starfsemi menntasviðs, leikskólasviðs og frístundahluta íþrótta- og tómstundasviðs. Undir nýtt svið fellur rúmlega helmingur útgjalda borgarinnar og miðað við fjárhagsramma þessa árs má áætla að reksturinn nemi um 30 milljörðum á ári.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi breyting sé fagnaðarefni og mjög í takt við það sem viðgengst í þessum málaflokkum hjá borgum í nágrannalöndunum.

„Það eru mikil tækifæri sem felast í nánari samþættingu skóla- og frístundastarfs til að skapa heilstæðan vinnudag barna, sem hefur verið kallað eftir síðasta áratuginn eða svo. Frístundastarfið í borginni er frábært og margt sem skólastarfið getur lært af því og það gildir líka á hinn veginn."

Tillagan var samþykkt með atkvæðum meirihlutans, en minnihlutinn greiddi atkvæði gegn breytingunum enda hafa fulltrúar bæði Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna deilt hart á þessa tillögu.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir að gagnrýni þeirra beinist að óljósum markmiðum um fjárhagslega hagræðingu, en allra helst að vinnubrögðum meirihlutans í þessu máli.

„Okkur finnst að þau hafi átt að leggja meira upp úr samráði í þessu ferli, bæði við okkur í minnihlutanum og starfsfólk. Mín skoðun er sú að þetta sé rekið í gegn til málamyndana í þeim tilgangi að sefa réttmæta gagnrýni úr skólaumhverfinu. Þar var mjög hart deilt á meirihlutann vegna þess að þrátt fyrir umfangsmiklar aðgerðir í skólakerfinu hafði ekki verið tilkynnt um neinn niðurskurð í miðlægri stjórnsýslu."

Þorbjörg bætti því við að borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna sé alls ekki andsnúin stjórnkerfisbreytingum sem slíkum og hafi í raun kallað eftir þeim.

Fulltrúar Vinstri grænna lögðust einnig gegn hugmyndunum, en í bókun þeirra á fundinum segir að breytingarnar séu „afar varhugaverðar".

Þau setji sig ekki gegn því að sameina menntasvið og leikskólasvið, en frístundastarfið eigi ekki heima á sama stað og með þessu sé vegið að jákvæðri þróun málaflokksins síðustu ár og frístundamál í raun sett undir þrjú fagsvið.

„Með þessu er þannig verið að gera lítið úr frístundafræðum sem fagi, enda verður enginn samstarfs- eða þróunarvettvangur til staðar á vettvangi Reykjavíkurborgar", segir í bókuninni og klykkt út með því að segja vinnubrögð meirihlutans til skammar.

Oddný vísar þessari gagnrýni á bug. Þó að tölur um ætlaða fjárhagslega hagræðingu liggi ekki fyrir, hafi það sýnt sig í fyrri sameiningum sviða að hagræði hljótist af, en ekki síst bætt þjónusta fyrir borgarana. „Þetta mun skila okkur skýrara og skilvirkara kerfi og í því hljóta að felast fjárhagsleg tækifæri."

Stefnt er að því að innleiðingu verði að fullu lokið í árslok og muni nýja sviðið þá taka formlega til starfa.

thorgils@frettabladid.is

Í SKÓLANUM Borgarstjórn hefur samþykkt stofnun nýs fagsviðs. Undir það heyra málefni leikskóla, grunnskóla og frístundahluta Íþrótta- og tómstundasviðs. Á myndinni eru börn í Hlíðaskóla að þreyta samræmt próf.

> Þetta mun skila okkur skýrara og skilvirkara kerfi og í því hljóta að felast fjárhagsleg tækifæri.
>
> **ODDNÝ STURLUDÓTTIR**
> FORMAÐUR MENNTARÁÐS

Viðfangsefni nýja sviðsins

„Hið nýja svið mun annast rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila ásamt umsjón með daggæslu í heimahúsum. Jafnframt heyrir rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita undir hið nýja svið.

Sviðið mun hafa umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Skóla- og frístundasvið mun jafnframt hafa umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum í tengslum við sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf."

(Af vef Reykjavíkur)

TIL LEIGU

HÁRGREIÐSLUSTOFA

MEÐ BÚNAÐI, MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK.
MJÖG HAGSTÆÐ KJÖR FYRIR RÉTTA AÐILA.
GOTT TÆKIFÆRI FYRIR FAGFÓLK AÐ TAKA SAMAN HÖNDUM OG HEFJA EIGIN REKSTUR.

OPIÐ HÚS 18:00 - 20:00 Í DAG FIMMTUDAGINN 23.JÚNÍ



Vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið furugerdi3@gmail.com eða í síma 693-8310

Borgarstjóri útnefndi borgarlistamann ársins 2011 í Höfða í gær:

Magnús Pálsson heiðraður

MENNING Myndlistarmaðurinn Magnús Pálsson var í gær útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur 2011. Útnefningin fór fram í Höfða þar sem Jón Gnarr, borgarstjóri, veitti Magnúsi ágrafinn stein, heiðursskjal og viðurkenningarfé.

Magnús fæddist á Eskifirði 25. desember árið 1929 og nam bæði í Birmingham og Vínarborg eftir stúdentspróf. Fyrstu einkasýninguna hélt hann í Ásmundarsal árið 1967 og hefur síðan sýnt verk sín reglulega á Íslandi og einnig í nokkrum Evrópulöndum.

Magnús hefur verið í fararbroddi íslenskra listamanna um áratugi en auk þess að mála hefur hann búið til skúlptúra, samið ljóð, framkvæmt gjörninga, samið hljóð- og leikverk auk ýmiss fleira. Þá hefur hann verið brautryðjandi í myndlistarkennslu á Íslandi. - mþl

HÖFÐI Borgarstjórn hélt móttöku Magnúsi til heiðurs í gær þar sem útnefningin var tilkynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

AFNEMUM SKATT

GILDIR TIL 29. JÚNÍ

af ÖLLUM barnafatnaði og barnaskóm*

* Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Skorum aftur á ríkisvaldið að endurskoða álagningu virðisaukaskatts á barnafatnaði!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvaða rithöfundur hlaut blóðdropann; glæpasagnaverðlaun Hins íslenska glæpafélags?*
2. *Hver er ráðherra innflytjendamála í Danmörku?*
3. *Hvaða fyrrverandi ráðherra situr í nýrri stjórn Orkuveitu Reykjavíkur?*

SVÖR
1. Yrsa Sigurðardóttir 2. Sören Pind 3. Gylfi Magnússon

Kristjaníubúar fá að kaupa landsvæði og hús af danska ríkinu og tryggja þar með óbreytta búsetu:

Framtíð fríríkisins hefur verið tryggð

DANMÖRK Íbúar Kristjaníu hafa ákveðið að kaupa landsvæðið sem „fríríkið“ stendur á og húsin sem á því standa af danska ríkinu og tryggja með því óbreytt búsetufyrirkomulag fyrir þá 700 sem þar búa.

Sameignarsjóður íbúanna greiðir rúmar 62 milljónir danskra króna, um 1.400 milljón krónur íslenskar, og sex milljónir danskar að auki í leigu ár hvert fyrir þá hluta svæðisins og húsanna sem ekki er hægt að selja beint. Þá er í samningum ákvæði um að hægt sé að kaupa nýbyggingarrétt á svæðinu fyrir 40 milljónir danskra króna til viðbótar.

Eftir sjö ára þrætur um yfirráð yfir þessum hluta Kaupmannahafnar við Kristjánshöfn var ríkinu dæmdur eignarréttur. Fyrir tæpum fjörutíu árum flutti hópur ungs fólks inn í yfirgefna herstöð og settist þar að. Síðan þá hefur Kristjanía, sem var áður herstöð, verið nær óháð yfirvöldum og einn af helstu ferðamannastöðum Kaupmannahafnar.

Claus Hjort Fredriksen, fjármálaráðherra Danmerkur, segist ánægður með samkomulagið. Kjörin sem ríkið hafi boði íbúum séu bæði sanngjörn og skynsamleg. - þj

SJÁLFS SÍN HERRAR Kristjaníubúar fá að halda sínum bæjarbrag um ókomna tíð þar sem sameignarsjóður þeirra keypti land og hús af ríkinu. NORDICPHOTOS/AFP

Vísindavefur og Alþingi kynna:

Evrópuvefur HÍ opnaður í dag

EVRÓPUMÁL Sérstakur upplýsingavefur um Evrópusambandið og Evrópumál verður opnaður á vegum Vísindavefs Háskóla Íslands og Alþingis í dag.

Tilgangur vefsins er að veita „málefnalegar og óhlutdrægar upplýsingar um Evrópusambandið,“ segir á heimasíðu HÍ.

Uppsetning og framsetning verður með svipuðu móti og er á Vísindavefnum. Þar verður hægt að „spyrja spurninga um allt sem viðkemur Evrópusambandinu,“ segir Háskólinn, en starfsmenn vefsins og fræðimenn munu sjá um að svara spurningunum. - kóþ

Þrjóskur ökufantur á ferð:

Þrisvar tekinn fullur sömu nótt

DANMÖRK Lögreglan í Óðinsvéum í Danmörku hafði þrívegis afskipti af 28 ára gömlum manni vegna ölvunaraksturs á nokkurra klukkustunda tímabili í fyrrinótt.

Hann var fyrst stöðvaður við reglubundið eftirlit lögreglu um klukkan eitt og svo aftur rúmum tveimur tímum síðar og var hann í bæði skiptin færður til blóðprufu og síðan sleppt lausum. Hann lét sér hins vegar ekki segjast og klukkan hálf sex um morguninn var hann handtekinn í þriðja sinn.

Hann þarf ekki að óttast ökuleyfissviptingu, því að hann hefur verið leyfislaus um hríð. - þj

Ísland 83 prósent sammála Evrópu

Ísland tekur undir flestar yfirlýsingar ESB um utanríkismál. Afar lítil þörf á laga- eða kerfisbreytingum, komi til aðildar. Sinna þyrfti stefnumótun. Ísland verði áfram „herlaust land og friðsamt“. Ríkin standa saman ef hamfarir verða.

EVRÓPUMÁL Ísland tók undir 83 prósent af yfirlýsingum ráðherraráðs ESB um afstöðu sambandsins til mála víðs vegar um heiminn í fyrra, að því er fram kemur í 28. fundafrásögn samninganefndar Íslands gagnvart ESB.

Fundafrásagnir þessar eru birtar á vef utanríkisráðuneytisins og fjalla um þau atriði sem samið skal um í aðildarviðræðunum.

Í téðri frásögn, um utanríkis-, öryggis- og varnarmál, segir að afar lítil þörf sé á laga- eða kerfisbreytingum í þeim málum, komi til aðildar að ESB. Stefna Íslands sé enda „í aðalatriðum sambærileg stefnu ESB.“

Hins vegar myndi Ísland öðlast við aðild „aðgang að ákvarðanatöku og stefnumótun í málaflokknum,“ segir þar. Því þyrfti að taka þátt í ýmsu nefndastarfi og má gera ráð fyrir að það útheimti fleira starfsfólk.

„Aðild að ESB er ekki talin hafa áhrif á grundvallarsamninga Íslands við önnur ríki á sviði öryggis- og varnarmála,“ segir þar. Farið er yfir áherslur Alþingis um að Ísland verði áfram „herlaust land og friðsamt“. Einnig að Ísland eigi ekki að taka þátt í Evrópsku varnarmálastofnuninni.

Markmið friðargæsluverkefna ESB sé að styðja við ályktanir Sameinuðu þjóðanna. Almennt falli þau vel að stefnu Íslands og kostnaður við þau sé valfrjáls.

GÆSLAN Á VAKT Sameiginleg öryggis- og varnarmálastefna ESB gengur aldrei framar stefnu hvers einstaks aðildarríkis og ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum her né herskyldu af neinu tagi, segir í fundafrásögn utanríkisráðuneytis. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Utanríkis- og öryggisákvarðanir ESB þarf að taka einróma og „því er ekki mögulegt að hefja verkefni á vegum ESB án samþykkis allra aðildarríkja,“ segir í frásögninni.

Minnt er á áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá 2009 þar sem segir að styrkja beri samstarf við ESB vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, farsótta, náttúruhamfara og þess háttar.

ESB-ríki eru skuldbundin til að standa saman og veita sameiginlega aðstoð ef eitt ríkið verður fyrir hryðjuverkaárás, innrás eða náttúruhamförum. klemens@frettabladid.is

Áherslur ESB

Grundvallaráherslur ESB á alþjóðavettvangi eru eftirfarandi: lýðræði, virðing fyrir lögum og reglum, mannréttindi og grundvallarfrelsi, jafnrétti og samstaða og virðing fyrir sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalögum. Þá er lögð áhersla á að stuðla að sjálfbærri þróun með það að markmiði að útrýma fátækt, vinna að því að afnema viðskiptahindranir og stuðla að umhverfisvernd.

- Úr 28. fundafrásögn.

Tekinn með fíkniefni:

Dæmdur á skilorð vegna tafa

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir vörslu fíkniefna og kannabisræktun.

Maðurinn var með í sinni vörslu 121,63 grömm af hassi, 3,13 grömm af kókaíni og eina kannabisplöntu í ræktun, þegar lögreglan gerði leit í íbúðinni.

Maðurinn játaði brot sitt. Í dómnum segir að verulegur óútskýrður dráttur hafi orðið á málinu hjá lögreglu og ákæruvaldi. Að auki hafi orðið verulegar breytingar á högum mannsins til batnaðar og því verði refsingin skilorðsbundin. - jss

ÁTÖK Í BELFAST Verstu óeirðirnar í áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Óeirðir á Norður-Írlandi:

Tveir urðu fyrir byssuskotum

NORÐUR-ÍRLAND, AP Miklar óeirðir brutust út í kaþólsku hverfi í Belfast á Norður-Írlandi í fyrrakvöld eftir að hópur sambandssinna hélt inn í hverfið og lét ófriðlega.

Tveir menn urðu fyrir byssuskotum og voru fluttir á sjúkrahús. Annar þeirra er ljósmyndari sem var að taka fréttamyndir af atburðunum.

Lögreglan segir að um 400 manns hafi tekið þátt í óeirðunum, bæði aðskilnaðarsinnar og sambandssinnar. Einungis óánægðir liðsmenn Írska lýðveldishersins hafi þó notað skotvopn. - gb

Fylgst með hraða og búnaði:

Hert umferðareftirlit lögreglu

LÖGGÆSLA Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun í sumar halda uppi auknu umferðareftirliti á Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut. Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr ökuhraða en jafnframt að tryggja að vanbúin ökutæki séu ekki á ferð um þjóðvegi landsins. Eftirlitið stendur yfir alla daga en þungi þess verður þó um helgar.

Hugað verður að ljósabúnaði, skráningu og hleðslu ökutækja, tjaldvagna, fellihýsa og hjólhýsa. Einnig verður fylgst með því að hliðarspeglar ökutækja sem draga breiða eftirvagna séu samkvæmt reglum. - jss

NÝ SÝNING

ÞÚSUND ÁR – fyrsti áfangi

Íslensk myndlist í aldanna rás.
Fyrsti áfangi nýrrar yfirlitssýningar um íslenska myndlist í aldanna rás; 19. öldin til nútímans. Í heild mun sýningin fjalla um íslenska myndlist frá miðöldum til samtíðar.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
THE CULTURE HOUSE
National Centre for Cultural Heritage

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími 545 1400
www.thjodmenning.is

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Sýningar · leiðsögn · verslun
Veitingar á virkum dögum.

Opið 11 - 21 í dag

Útsalan hefst í dag

Allt að

70%

AFSLÁTTUR

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

TVÍBURATJARNIR Þar sem Tvíburaturnarnir í New York stóðu eru nú þessar tvíburatjarnir til minningar um hryðjuverkin 2001. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisendurskoðun finnur að ýmsu í rekstri Sjúkrahússins á Akureyri í nýrri skýrslu:

Vilja úttekt á öryggi sjúklinga

HEILBRIGÐISMÁL Læknaskortur Sjúkrahússins á Akureyri er viðvarandi vandamál og á sumum deildum þess starfa svo fáir læknar að öryggi sjúklinga kann að vera ógnað.

Þetta er meðal niðurstaðna stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar sem hvetur Landlæknisembættið til að gera úttekt á öryggi sjúklinga á sjúkrahúsinu. Starfsemi sjúkrahússins fer nú fram í 38 einingum og eru millistjórnendur um fimmtíu en starfsmenn samtals um 600. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að fækka einingum með því að sameina þær.

Í úttektinni er fjallað um skipulag, stefnu og stjórnun sjúkrahússins. Fram kemur að samkvæmt viðhorfskönnun sem Ríkisendurskoðun gerði meðal starfsmanna ríkir óánægja með ýmsa þætti í skipulagi og stjórnun þess.

Ríkisendurskoðun telur að móta þurfi nýja stefnu og framtíðarsýn fyrir sjúkrahúsið og leggur til að velferðarráðuneytið ákveði framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi. - shá

Helstu niðurstöður

- Landlæknir geri úttekt á öryggi sjúklinga vegna viðvarandi læknaskorts
- Starfsmenn óánægðir með ýmsa þætti í skipulagi og stjórnun sjúkrahússins
- Einfalda þarf skipulagið og styrkja framkvæmdastjórn
- Móta þarf nýja stefnu fyrir sjúkrahúsið

Skipverjinn á Goðafossi:

Amfetamínið var í ferðatösku

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri sem situr nú í gæsluvarðhaldi vegna fíkniefnasmygls var með fjögur kíló af amfetamíni í ferðatösku þegar hann var tekinn við reglubundið eftirlit í Sundahöfn.

Maðurinn, Íslendingur á fertugsaldri, sem verið hafði skipverji á Goðafossi, skipi Eimskipafélagsins, var handtekinn við komu skipsins hingað til lands 13. júní síðastliðinn. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 5. júlí, að kröfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. - jss

NÝJU RÁÐHERRARNIR Jyrki Katainen forsætisráðherra ásamt nokkrum af meðráðherrum sínum á leið til forsetahallarinnar í Helsinki í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sex flokka stjórnin tekin við völdum

Tveimur mánuðum eftir þingkosningar tókst Jyrki Katainen, leiðtoga Þjóðstjórnarflokksins í Finnlandi, að koma saman ríkisstjórn. Hinir umdeildu Sönnu Finnar eru ekki með í stjórnarsamstarfinu.

FINNLAND Jyrki Katainen hlaut í gær stuðning 118 þingmanna gegn 72 til myndunar sex flokka ríkisstjórnar, sem hann boðaði í síðustu viku að yrði mynduð.

Ásamt Þjóðstjórnarflokki Katainens, sem er hægriflokkur, eiga Sósíaldemókratar, Vinstribandalagið, Græningjar, Sænski þjóðarflokkurinn og Kristilegir demókratar aðild að stjórninni.

Stefna stjórnarflokkanna sex er afar mismunandi, því þarna eru innbyrðis jafnt hægri sem vinstri flokkar. Meginforsenda stjórnarsamstarfsins virðist hafa verið sú helst að halda Sönnum Finnum, hinum umdeilda stjórnmálaflokki vinstri þjóðernissinna, utan við stjórnina.

Sannir Finnar fengu mikið fylgi í þingkosningunum, sem haldnar voru fyrir tveimur mánuðum. Þeir eru nú þriðji stærsti flokkurinn á þingi, með 39 þingmenn af 200, næst á eftir Þjóðstjórnarflokki Kaitanens, sem er með 44 þingsæti, og Sósíaldemókrötum, sem eru með 42 þingmenn.

Sannir Finnar hafa staðið hart gegn því að Finnland taki þátt í kostnaði við fjárhagslegar björgunaraðgerðir Evrópusambandsins vegna skuldavanda Grikklands og fleiri evruríkja.

Öll aðildarríki Evrópusambandsins þurfa að standa sameiginlega að þeim björgunaraðgerðum, þannig að andstaða finnsku stjórnarinnar, væru Sannir Finnar innanborðs, myndi hleypa þeim aðgerðum í uppnám.

118 er sá fjöldi þingmanna sem styður hina nýju sex flokka ríkisstjórn Jyrki Katainen. 72 þingmenn eru í stjórnarandstöðu.

Katainen sagði stjórnarmyndunarviðræðurnar hafa verið erfiðar og viðurkenndi að líklega verði stjórnarsamstarf flokkanna sex ekki auðvelt.

Tveir þingmanna Vinstribandalagsins greiddu atkvæði gegn stjórninni í gær, þrátt fyrir að flokkur þeirra eigi aðild að stjórnarsamstarfinu.

Tarja Halonen, forseti Finnlands, sagði í ávarpi sínu til nýju stjórnarinnar að hún yrði að taka tortryggni kjósenda, sem kom fram í þingkosningunum fyrir tveimur mánuðum, alvarlega.

Auk Sannra Finna er Miðflokkurinn utan stjórnarinnar, en Miðflokkurinn er bændaflokkur á miðju pólitíska litrófsins. Hann fékk 35 þingsæti í kosningunum og er þar með fjórði stærsti flokkurinn á þingi. gudsteinn@frettabladid.is

markhonnun.is

nettó

Kræsingar & kostakjör

GIRNILEGUR GRILLMATUR



Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 23.-26. júní

eða meðan birgðir endast

FRÉTTASKÝRING: Fiskveiðistjórn og byggðaþróun

Þörf á nýrri byggðaúttekt véfengd

Samþykkt var í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis á þriðjudag að óskað yrði eftir við sjávarútvegsráðuneytið að gerð verði úttekt á áhrifum fiskveiðistjórnunarkerfisins á íslenskt samfélag allt frá árinu 1991. Áhrif á íbúa og byggðaþróun verði skoðuð auk annarra samfélagslegra þátta.

Í HÖFN Vikum saman hafa þing og þjóð tekist á um tillögur um breytingar á stjórn fiskveiða. Ljóst er þó að deilurnar til þessa eru aðeins upptakturinn að því sem verður á vetri komanda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Greinargerð sérfræðingahóps sjávarútvegsráðuneytisins um hagræn áhrif breytinga á fiskveiðistjórnuninni voru til umfjöllunar á fundinum. Eins og kunnugt er gefur sérfræðingahópurinn lítið fyrir breytingatillögurnar flestar hverjar, sem felast í frumvörpum Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra.

Gerð úttektarinnar er runnin undan rifjum þeirra Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingmanns Vinstri grænna og formanns nefndarinnar, og Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar og varaformanns nefndarinnar.

En er þörf á nýrri úttekt á samfélagslegum og hagrænum áhrifum kvótakerfisins?

Með og á móti

Rök Lilju Rafneyjar og Ólínu fyrir gerð úttektarinnar er að æskilegt sé að fara í slíka vinnu í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnuninni.

Einar K. Guðfinnsson, þing- og nefndarmaður úr röðum Sjálfstæðisflokksins, telur að um örvæntingarfulla tilraun sé að ræða til að byggja undir breytingatillögurnar og flest það sem rannsaka skal hafi komið fram áður. „Mikið af þessu er hægt að finna í úttekt sérfræðihóps ráðuneytisins, eins var unnin góð úttekt um stjórn fiskveiða og samfélagsmál fyrir Auðlindanefndina árið 2000. Þá eru ónefndar upplýsingar sem Fiskistofa hefur yfir að ráða, rannsóknir Byggðastofnunar svo eitthvað sé talið.“ Einar segir hins vegar gagnrýniverðast að tillaga um úttektina komi fram þegar frumvörp um breytingar liggja fyrir en slík vinna hefði átt að fara fram áður en breytingatillögurnar voru unnar.

Lilja Rafney segir að vissulega séu miklar upplýsingar til en því mikilvægara að draga alla þá vitneskju saman á einn stað til að yfirsýn náist. Um niðurstöður hagfræðiúttekta á samhengi byggðaröskunar og fiskveiðistjórn-unar síðustu ára, þar sem fáir hagfræðingar sjá afdráttarlaust samband á milli, segir Lilja Rafney að ekki þurfi hagfræðing til að sýna fram á það samhengi. „Vitneskjan um afleiðingar kvótakerfisins liggur fyrir. En það er ekki sama með hvaða gleraugum menn skoða þessi mál. Þar eru engin ein sannindi og þeir þekkja þetta manna best sem hafa lifað og starfað í þessu umhverfi. Það þarf enginn hagfræðingur að segja mér eitt eða neitt í þessum efnum. Ég þekki þetta á eigin skinni eins og margir íbúar landsbyggðarinnar. Tölur á blaði geta aldrei sagt fólki til um hvaða áhrif þetta kerfi hefur haft á líf þess.“

Flókið samspil

Sveinn Agnarsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, vann úttektina um stjórnun fiskveiða fyrir Auðlindanefndina árið 2000, sem Einar vísar til. „Það er stjórnmálanna að meta það hvort þörf sé á svona úttekt,“ segir Sveinn. „Þetta hefur verið rannsakað og töluvert verið skrifað, ekki bara frá hendi hagfræðinga heldur einnig mannfræðinga, félagsfræðinga og landfræðingar hafa líka komið að þessu. Á löngum tíma verður til mikið af efni og kannski er tilefni til að taka það saman og gera eitthvað nýtt því til viðbótar.“

Sveinn segir að samband fiskveiðistjórnunar og byggðaröskunar sé flókið. „Margir þættir snertast þegar byggðaþróun er skoðuð og það getur verið erfitt að draga eitthvað eitt þar út sem orsakavald.“

Þjóðhagsstofnun sendi frá sér skýrslu árið 2000 sem ber heitið Stjórnkerfi fiskveiða og byggðaþróun. Þar segir að samband milli búsetuþróunar og kvótakerfisins sé afar flókið. Því sé ósvarað hver sé þáttur kerfisins í þeirri fólksfækkun sem sannarlega hafði átt sér stað í mörgum útgerðarplássum til þess tíma. Enn erfiðara sé að fullyrða nokkuð um hvort annað stjórnkerfi fiskveiða hefði reynst betur hvað varðar byggðaröskun.

Til þessarar niðurstöðu vitnaði Birgir Þór Runólfsson, dósent við Hagfræðideild HÍ, í mars síðastliðnum á málþingi áhugahóps háskólamanna um sjávarútvegsmál. Þar kynnti hann rannsóknir sínar þar sem hann fann þess ekki stað að kvótakerfið hefði haft bein áhrif á byggðaþróun. Þó beindi hann rannsóknum sínum sérstaklega að Vestfjörðum sem þráfaldlega eru nefndir í umræðu um fiskveiðistjórnun og meinta upplausn byggða henni fylgjandi. Hann sagði að Vestfirðingum hefði fækkað stöðugt frá stríðslokum, jafnt fyrir og eftir innleiðingu fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Sigríður Ólafsdóttir, sérfræðingur á sviði auðlindastjórnunar haf- og strandveiða og stundakennari við líf- og umhverfissvið HÍ, gagnrýndi rannsóknir Birgis í grein í Fréttatímanum í apríl og véfengdi niðurstöður hans. Hún sagði gögn Birgis hvorki sanna né afsanna tengsl innleiðingar kvótakerfisins og byggðaröskunar. Þau sýndu einvörðungu margslunginn veruleika sjávarbyggðanna. Hún hnykkti sérstaklega á því að niðurstaðan hefði kannski orðið önnur ef aðferðum annarra fræðigreina en hagfræðinnar hefði verið beitt, sérstaklega félagsfræðinnar.

Skammur tími til stefnu

Lilja Rafney segir að sjávarútvegsráðuneytið muni bera ábyrgð á því hvernig rannsóknarnefndin verði skipuð. Það verði svo Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem kveði endanlega upp úr um það hverjir verða fengnir til að vinna verkið. Lilja segir að hún sem formaður nefndarinnar og varaformaður hennar muni gera sínar tillögur um nefndarmenn, ásamt fleirum.

Tímarammi vinnunnar er þröngur. Lagt er út frá því að niðurstöður liggi fyrir áður en þing kemur saman í október.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Ályktanir úr skýrslu Auðlindanefndar

„Sú skoðun hefur heyrst að kvótakerfið og frjálst framsal aflaheimilda hafi valdið hluta af byggðaröskun síðustu ára og stefnt byggð á mörgum útgerðarstöðum, einkum hinum smærri, í verulega hættu. Fyrirliggjandi gögn benda hins vegar ekki til þess að þessi skoðun eigi við sterk rök að styðjast og sé að minnsta kosti mikil einföldun á því sem gerst hefur.

- Í fyrsta lagi er ljóst af þeim gögnum er fyrir liggja að miklar sveiflur hafa lengi einkennt sjávarútveg og meðal annars komið fram í breytilegum afla og hag einstakra byggða. Ef á heildina er litið er ekki að sjá að tilkoma kvótakerfisins og síðan frjáls framsals hafi markað þáttaskil í þessu efni.
- Í öðru lagi eru engin merki þess, sé litið á landið í heild, að útgerð eða vinnsla séu að flytjast frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsbreytingar í átt til aukinnar hagkvæmni hafa hins vegar leitt til þess að útgerð hefur eflst sums staðar en dalað annars staðar. Óljóst er þó hvaða þátt kvótakerfið gæti átt í þessari þróun sem getur verið hagkvæm fyrir þjóðarbúið í heild þótt henni fylgi félagsleg röskun. Hin pólitíska spurning er hvort eigi að hamla gegn þessum breytingum þótt allar líkur séu til þess að þær nái fram að ganga fyrr eða síðar af hagkvæmnisástæðum.
- Í þriðja lagi hafa átt sér stað miklar breytingar á mörgum atriðum í starfsumhverfi útgerðarinnar á síðustu árum sem ýtt hafa undir samþjöppun og tilflutning aflaheimilda milli byggða. Þar má nefna tæknivæðingu og tilkomu frystitogara, bættar samgöngur, hlutafjárvæðingu og viðleitni fyrirtækja til að dreifa þeirri áhættu sem óhjákvæmilega fylgir ætíð fiskveiðum. Minni staðir eru að auki ekki færir um að bjóða alla þá þjónustu sem fylgir nútíma útgerð.

Sveinn Agnarsson, Stjórnun fiskveiða á Íslandi, Fylgiskjal 2 með áliti Auðlindanefndar, kafli 6.3

BROSANDI ALLAN HRINGINN
Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 5.700 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Bókaðu gistingu á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Vandaðar og öruggar vörur á góðu verði

Allt í sjósportið

á einum stað

Talstöðvar
VHF bátatalstöðvar
frá kr.
34.300 kr.

Vatnshelt MP3 hulstur
og vatnsheld heyrnatól
6.390 kr.

NACR SOLAS strope
á björgunarvesti
13.250 kr.

Sjóskíði og blöðrur í úrvali

Navisafe
díóðu köfunar-vasaljós
4.400 kr.

Rock oil MP3 Sport 1
tvígengisolía, á besta verði
1.695 kr.
pr.liter

Þurrgallar
GUL shadow þurrgallar
m/öndun
64.900 kr.
Skór, hanskar og hettur
í úrvali

Björgunarvesti 100N
7.900 kr.

Aquatic kayakvesti
Vasi fyrir neyðarblys, vatnspoka (camelbag), strobe-festing og fjöldi annara geymslumöguleika
21.720 kr.

Seago Automatic
uppblásanlegt björgunarvesti
40-140kg
17.900 kr.
Einnig barnavesti 20-40kg

Mullion alvöru flotvinnugallar
29.900 kr.

Seago lífbjörgunarbátur fyrir skemmtibáta
3 ára skoðunartíðni, 12 ára ábyrgð
Verð frá
159.900 kr.
Fást í hylki eða tösku

Krakka blautgallar
Vandaðir krakka blautbúningar
frá GUL
Verð: 12.900 kr.
Einnig skór, hanskar og hettur

Fjallabúnaður frá Ítalíu
á ótrulega hagstæðu verði
Mannbroddar, Alpin Tour ísexir, fjalla- og klifurhjálmar, Discovery öryggisbelti

Notaðir bátar til sölu
uppl. á staðnum

Viðgerðarþjónusta á gúmmíbátum og göllum

G&G Gúmmíbátar & Gallar **Sjósport** Thunder Cat Racing

Súðavogi 42 (gegnt afleggjara að Snarfara) • 571 1020 • www.sjosport.is
Opið virka daga frá kl. 14 - 19 • laugardaga frá kl. 10 - 14

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

VISTVÆN FRAMLEIÐSLA

BÓNUSSALAT
459 kr. 150g

VISTVÆN FRAMLEIÐSLA

SALAT Í POTTI
275 kr. stk

VISTVÆN FRAMLEIÐSLA

SPÍNAT
279 kr.100g

FRÁ HOLLANDI
RAUÐ PAPRIKA
359 KR.KG

29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g

298 KR. 250g
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU- OG ÓLÍFUM OG KRYDDOLÍU

219 KR. KG
LITLAR VATNSMELÓNUR

298 KR. 250g
BÚRFELLS **BRAUÐSKINKA** 250g

129 KR. STK
GÚRKUR FRÁ GUFUHLÍÐ 350g

98 KR. PK
GÆÐABAKSTUR **FLATKÖKUR**

FROSIN JARÐARBER
1.2 KG. POKI
498 KR.

398 KR. PK
BÚRFELLS **HANGIKJÖTSÁLEGG** 143g

479 KR. KG
SÉRVALDIR ÍSLENSKIR **TÓMATAR**

198 KR. STK
GRAND **SALAT Í POTTI**

198 KR. 4 stk.
BÓNUS **KRINGLUR** NÝBAKAÐAR

598 KR. 3 kassar
GÓU ÞRENNAN PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR

259 KR. 770g
MYLLU **HEIMILISBRAUÐ**

298 KR. 380g
MYLLU SKÚFFUKAKA MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380g

BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML
159 KR. 3 FERNUR

GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
69 KR. STK

FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.

COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT

EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR 250ML
69 KR.
MEÐ EÐA ÁN SYKURS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!

ÞARF AÐEINS AÐ HITA

ALI SPARERIBS
1159 KR.KG.

998 KR.KG
ALI FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**

HOLTA KJÚKLINGAVÆNGIR FORELDAÐIR
459 KR. 960G
ÞARF AÐEINS AÐ HITA

798 KR.KG
K.S FROSINN **HEILL LAMBABÓGUR**

598 KR.KG
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

598 KR.PK
NAUTAVEISLU **HAMBORGARAR** 80g M. BRAUÐI **4 STK.**

998 KR.KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUTA & GRÍSAKJÖT 100% KJÖT

259 KR.KG
K.S FROSIN LAMBASVIÐ

498 KR. 8 stk
EUROSHOPPER **ÍSTOPPAR** 8 stk

1298 KR.KG
TILBOÐS BEIKON Í SNEIÐUM

195 KR. 270ml
BÓNUS **KALDAR GRILLSÓSUR**

MEÐ TÚNFISKI OG RÆKJUM
159 KR.STK

298 KR. 3 stk
EUROSHOPPER **LÚXUS ÍSPINNAR 3 x 120 ml**
(599 kr.kg]

U.Þ.B. 285 KR.PAKKINN
BÓNUS PYLSUR 10 stk (599 kr.kg]

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK

398 KR. 4 ds.
HEINZ BAKAÐAR BAUNIR
4 DÓSIR/ 420g

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

neytendur
hagur heimilanna

41,9% *Verðið á kílói af innfluttu kaffi hefur hækkað um 41,9% á þremur árum.*

GÓÐ HÚSRÁÐ Kertavaxið burt

Hárþurrkan er til margra hluta nytsamleg

Erfitt getur verið að ná kertavaxi burtu en við slíkar aðstæður getur hárþurrkan komið sér vel. Best er að beina hárþurrkunni að blettinum og þurrka svo yfir með klút.

Ef þessi aðferð virkar ekki og enn eimir eftir af blettinum, til dæmis á viðarborði, þá getur verið þjóðráð að blanda saman ediki og vatni, til helminga. Vætið tusku og strjúkið síðan rólega yfir blettinn.

NÝJUNG FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI

FJÖRMJÓLK KOMIN Í FERNUR MEÐ TAPPA

Mjólkursamsalan hefur hafið framleiðslu á Fjörmjólk í fernum með skrúfuðum tappa. Mjólkin endist betur í slíkum umbúðum, þar sem hægt er að loka þeim alveg. Fjörmjólk kom á markað í lok árs 1993 og hefur notið vinsælda síðan. Útliti Fjörmjólkurumbúðanna hefur einnig verið breytt lítillega í tilefni af nýju fernunum.

Sumarhappdrætti

Krabbameinsfélagsins

Útdráttur 17. júní 2011

Vinningar

Birt án ábyrgðar

Chevrolet Captiva, 5.590.000 kr.
118329

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.
110604

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 200.000 kr.

7565	23971	34787	62329	97327	122092	125428
9453	31028	39974	83265	101294	122763	126823
10044	32986	41033	86768	103068	124042	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.

188	17632	39807	59935	83061	107443	126527
356	19262	40496	60417	85147	108425	127333
1666	20737	41391	61172	85222	108713	127445
2612	21132	42182	61491	86926	109484	127742
2643	21192	42320	61978	88663	110455	128859
3516	22084	42876	63906	88825	110806	131556
3998	22169	43014	64035	88850	111376	134039
4562	23637	43137	64130	89247	112593	134389
4593	25287	45172	65064	91323	112924	134803
4981	25947	45390	65499	92550	113965	136148
5405	26120	45874	66132	93139	114002	136246
5458	26421	46761	66200	93436	114233	136948
5463	26804	47880	67761	96586	114525	137405
7325	27104	48122	68652	97500	115297	138509
7347	27457	48259	69860	98601	115424	139250
7855	27560	48696	70041	99365	115590	140042
8058	28553	48800	71008	99545	115675	140718
8573	28916	49051	71309	101132	118083	141374
8801	29538	49066	71986	101135	118384	141872
10458	31145	51698	72308	102419	119107	142027
11094	31813	51769	72313	102974	119770	144095
11231	31835	52420	73208	103032	120613	144107
11762	32081	53248	78577	104164	121681	145081
13188	35248	55833	81601	105209	121749	145222
14883	35291	56887	81748	105278	122003	145630
14929	36033	57169	81770	106183	123822	145686
16201	37626	57925	81804	106784	123934	145857
16779	38775	58321	82688	106875	124967	146695
17213	38917	58426	82699	106981	125138	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 30. júní nk.

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

EITRI ÚÐAÐ Á MEINDÝRIN Ákveðnum tegundum er ekki vært nema þeim sé hjálpað, að sögn Erlings Ólafssonar skordýrafræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nauðsyn að fá ráðgjöf vegna garðaúðunar

Sá sem hefur ræktað garð í nokkur ár þekkir garðinn sinn. Hann getur þess vegna úðað sjálfur til þess að bjarga ákveðnum tegundum sem viðkvæmar eru fyrir meindýrum.

> Hver meindýrategund á sína uppáhaldsplöntu. Sumar vilja bara eina plöntu en aðrar margar.
>
> **ERLING ÓLAFSSON**
> SKORDÝRAFRÆÐINGUR

„Sumar plöntur, sem komnar eru út fyrir sín náttúrulegu heimkynni, eru mjög viðkvæmar fyrir meindýrum. Þetta er spurning um rétt val á plöntum í garðinn í stað þess að velja plöntur sem étnar eru upp til agna nema þær séu fullar af eitri. Ákveðnum tegundum er ekki vært nema þeim sé hjálpað," segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hann getur þess að í raun sé allt kerfið rústað þegar eitrað er. „Hver meindýrategund á sína uppáhaldsplöntu. Sumar vilja bara eina plöntu en aðrar margar. Fjölhæfu meindýrategundirnar gera mestan skaða, þar á meðal lirfa fiðrildisins haustfeta sem er aðallega að éta í júní. Hún á hins vegar sína óvini eins og sníkjuvespur sem verpa eggjum inn í lirfur annarra. Þær eru svo étnar upp innan frá. Þetta kerfi brenglast við eitrunina."

Það er mat Erlings að garðeigendur fái ekki nægilega ráðgjöf. „Fagmaður sér hvert stefnir í garðinum og hvaða plöntur eru í hættu. Garðeigendur þurfa slíka ráðgjöf í stað þess að fá mann sem þekkir ekki til lífríkisins en á eiturefnabrúsa og sullar um allan garðinn."

Að sögn Erlings kemur grænsápublanda að góðum notum við garðaúðun. „Hún brotnar hratt niður í jarðveginum og er miklu hugguleg ri en eitrið."

Brynjar Kjærnested, eigandi Garðlistar ehf., segir eftirspurn eftir úðun með eitri gegn meindýrum svipaða nú og áður. „Margir leyfa þó maðkinum að vera. Það er rosalega misjafnt hvar mörkin liggja hjá viðskiptavinunum. Sumir hafa þá stefnu að úða alls ekki með eitri. Menn geta auðvitað notað vistvænt eitur og það er einnig hægt að úða með grænsápublöndu en árangurinn hefur ekki reynst eins góður."

Brynjar leggur áherslu á að þegar einungis sé hægt að njóta einkagarðs í um tvo mánuði á ári vilji menn hafa hann fallegan. „Menn vilja kannski ekki vera með hálfétna runna við sólpallinn en það má alltaf deila um hvort úða hefði þurft með eitri."

Hjá Garðlist kostar úðun einkagarðs með eitri frá 5.020 kr. til 8.660 kr.

Ódýrasti úðunarbrúsinn til heimabrúks kostar 1.449 kr. hjá Blómavali. „Þessi stærð hentar ef menn ætla að úða á lítinn runna," segir Ásdís Ragnarsdóttir, deildarstjóri Blómavals í Skútuvogi. Brúsar sem taka 5 lítra fást á 5.995 kr. en einnig á 14.495 kr. Þá er um mjög öflugan kút að ræða, að sögn Ásdísar.

100 ml skammtur af eitri kostar 2.299 kr. „Ef ílátið er haft lokað á eitrið að geymast í fimm til sex ár," segir Ásdís.

ibs@frettabladid.is

Öll söfn Borgarbókasafns verða opin allt sumarið:

Aukinn fjöldi gesta og útlána

„Söfn Borgarbókasafns verða öll opin í sumar. Ég vona að því verði ekki breytt. Í fyrra voru önnur söfn en aðalsafn í Grófarhúsi og Kringluhúsi lokuð í tvær til þrjár vikur," segir Erla Kristín Jónasdóttir, safnstjóri aðalsafns.

Hún segir júlí einn af mestu útlánamánuðum ársins.

„Áður fyrr var mesta útlánið yfir háveturinn en júlí er glettilega hár þótt skólanemar þurfi ekki jafnmikið á bókasöfnum að halda og yfir veturinn. Fólk er að ná sér í alls konar lesefni í sumarfríinu."

Árin 2008 og 2009 voru bókasöfnin afar vel sótt, að því er Erla greinir frá. Árið 2008 voru útlán 1.033.949 en voru 941.249 árið 2007. Útlán jukust enn meir árið 2009 og voru þá 1.176.720. Þeim fækkaði hins vegar í fyrra og voru þá 1.147.312.

„Sumarlokunin hefur haft einhver áhrif á útlána- og gestatölur," segir Erla.

Heildar gestafjöldinn 2007 var 572.119, árið 2008 voru gestirnir 632.470 og 698.133 árið 2009. Í fyrra voru þeir 684.707 talsins.

Á BÓKASAFNI Bókasöfn eru jafnvinsæl að sumri og yfir veturinn.

Á undanförnum sex árum hefur gestum Borgarbókasafns fjölgað um 26 prósent en útlán hafa aukist um 20 prósent. - ibs

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

90% FJÁRMÖGNUNAR-MÖGULEIKI

NÚNA ER TÍMINN TIL AÐ KAUPA FELLIHÝSI!

KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI 451.936 KR. MEÐ ÖLLUM NÝJUM FELLIHÝSUM

MARKÍSA • GRJÓTGRIND • SÓLARSELLA • COLEMAN-FERÐAGASGRILL • 2 VIFTUR MEÐ LJÓSI • 4 COLEMAN-STÓLAR • BORÐ • FORTJALDSBOTN • GASHYLKI

Coleman

SEDONA-FELLIHÝSI
VERÐ **2.190.000** KR.

Tæknilýsing	
Lengd kassa	8 fet
Breidd kassa	248 cm
Heildarþyngd	1090 kg
Þyngd óhlaðins vagns	713 kg



CHEYENNE-FELLIHÝSI
VERÐ **2.690.000** KR.

Tæknilýsing	
Lengd kassa	10 fet
Breidd kassa	310 cm
Heildarþyngd	1360 kg
Þyngd óhlaðins vagns	922 kg



EXPEDITION-FELLIHÝSI
VERÐ **2.960.000** KR.



Tæknilýsing	
Lengd kassa	9.5 fet
Breidd kassa	295 cm
Heildarþyngd	1586 kg
Þyngd óhlaðins vagns	1024 kg

Komdu og skoðaðu úrvalið af ferðatækjum.

ADRIA HYMER carado Coleman Camp-let ALINER

PIPAR\TBWA • SÍA • 111720

109,9 **STIG ER VÍSITALA BYGGINGARKOSTNAÐAR** um miðjan mánuðinn. Hún hefur hækkað um 2,3 prósent á milli mánaða. Hækkun launa vegna kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands skýra hækkunina að miklu leyti, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

NÁÐ Í PENINGA Kínverjar hafa síðastliðin sex ár verið iðnir við kaup á bandarískum ríkisskuldabréfum. Sá tími kann að vera að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kínverja sagðir hættir að kaupa bandarísk skuldabréf:

Snúa sér til Evrópu

Talið er að kínversk stjórnvöld hafi dregið úr kaupum á bandarískum ríkisskuldabréfum á fyrstu fjórum mánuðum ársins og séð hag sínum borgið með kaupum á evrópskum ríkisskuldabréfum.

Breska viðskiptablaðið Financial Times segir þetta í samræmi við yfirlýsingar kínverskra ráðamanna þess efnis að stjórnvöld ætli að styðja fjárhagslega við þau Evrópuríki sem glími við fjárhagserfiðleika.

Kínverski seðlabankinn hefur keypt bandarísk ríkisskuldabréf viðstöðulítið síðastliðin sex ár og var í mars síðastliðnum stærsti lánardrottinn Bandaríkjanna með þrjú þúsund milljarða dala af skuldabréfum í hirslum sínum.

Það var breski bankinn Standard Chartered sem vann mat á fjárfestingum kínverskra stjórnvalda upp á síðkastið. Gögn bankans benda til að gjaldeyrisforði Kínverja hafi aukist um tvö hundruð milljarða Bandaríkjadala á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

Stephen Green, aðalhagfræðingur Standard Chartered í málefnum Kína, segir í samtali við Financial Times ævinlega erfitt að átta sig á fjárfestingum kínverska seðlabankans. Hann fjárfesti í gegnum fjármálastofnanir utan landsteina, svo sem í London og Hong Kong í þeim tilgangi að fela slóð fjárfestinga sinna. - jab

SAT FYRIR SVÖRUM Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, skýrði hagstjórnarstefnu bankans og framtíðarhorfur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjálpardekk losað af vestra

Bandaríski seðlabankinn hefur dregið úr stuðningi við banka og fjármálafyrirtæki. Nokkuð hefur dregið úr væntingum um hagvöxt vestra á árinu.

Bandaríski seðlabankinn tilkynnti í gær að hann muni kaupa síðasta skammtinn af ríkisskuldabréfum í lok mánaðar í næstu viku. Eftir það muni ljúka þessum stuðningi hins opinbera við banka og fjármálafyrirtæki þar í landi sem varað hefur síðastliðin þrjú ár.

Bankastjórnin vísaði til þess í tilkynningu í gær að þessi hjálparlína seðlabankans hafi verið dregin til baka þar sem vísbendingar séu um að efnahagslífið sé að taka við sér þótt gangurinn sé hægari en áður var reiknað með. Nú er gert ráð fyrir 2,7 til 2,9 prósenta hagvexti á árinu í stað allt að 3,3 prósenta vaxtar. Að sama skapi hefur dregið verulega úr væntingum um allt að 4,2 prósenta hagvöxt á næsta ári.

Alþjóðlegar sveiflur hafa helst sett strik í reikning bankastjórnarinnar, svo sem verðhækkun á raforkuverði og hrávöru auk þess sem jarðskjálftinn í Japan í mars hefur sitt að segja en hann olli töluverðri truflun hjá bílaframleiðendum. Verðlag hefur lækkað nokkuð frá áramótum og gerir bandaríski seðlabankinn ráð fyrir að verðbólga fari ekki mikið yfir tvö prósent á árinu.

Þá gera spár bankans ráð fyrir að draga muni út atvinnuleysi næstu misseri þótt það hafi aukist til skamms tíma. Atvinnuleysi í Bandaríkjunum mældist 9,1 prósent í síðasta mánuði. Á sama tíma drógu fyrirtæki vestanhafs úr ráðningum.

Þótt seðlabankinn hafi hætt kaupum á ríkisskuldabréfum er ekki þar með sagt að hann ætli að sleppa hagkerfinu alveg út í lífið. Bandarískir fjölmiðlar segja að seðlabankinn muni enn hafa slaka á peningamálastefnunni og halda stýrivöxtum niðri við núllið í langan tíma. Bandaríska stórblaðið New York Times hefur eftir sérfræðingum á fjármálamarkaði að ekki séu líkur á hækkun stýrivaxta fyrr en einhvern tíma á næsta ári. jonab@frettabladid.is

ESB vill fjölga konum í stjórnum fjármálafyrirtækja:

Breskir bankamenn óttast tillögurnar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) er sögð íhuga að innleiða kynjakvóta í stjórnum banka og fjármálafyrirtækja.

ANA PATRICIA BOTÍN

Breska dagblaðið The Guardian segir 130 blaðsíðna drög frá Michel Barnier, yfirmanni innri markaðsmála hjá ESB, hafa gengið manna á milli innan breska fjármálageirans. Þar sé lagt til að þriðjungur stjórnarmanna verði konur. Barnier segir í samtali við blaðið að kynjakvótar gætu komið í veg fyrir hjarðhegðun í stjórnum banka og fjármálafyrirtækja sem hafi leitt til fjármálakreppunnar.

Guardian segir kynjakvótana geta valdið titringi innan evrópsks fjármálageira enda fáir bankar sem uppfylli skilyrðin sem lögð eru til í drögunum. Í Bretlandi eru flestar konur í stjórn HSBC, eða fjórðungur stjórnarmanna. Ein kona er bankastjóri í Bretlandi. Það er Ana Patricia Botín, bankastjóri Santander. Hún var áður stjórnarformaður Banco Español de Crédito á Spáni. Faðir hennar er spænski milljarðamæringurinn Emilio Botín, stjórnarformaður Santander-bankasamstæðunnar.

Nokkrar konur eru í æðstu stöðum í fjármálafyrirtækjum hér. Birna Einarsdóttir er bankastjóri Íslandsbanka, og Hanna Björk Ragnarsdóttir bankastjóri Sparibankans, en verið er að koma honum á laggirnar. Þá er Elín Jónsdóttir forstjóri Bankasýslu ríkisins, sem fer með hlut ríkisins í yfirteknum bönkum og sparisjóðum. Þar að auki er Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital. Halla Tómasdóttir er stjórnarformaður fyrirtækisins.

Til viðbótar eru sjö af átján stjórnarmönnum stóru bankanna þriggja konur. Hæst er hlutfallið í stjórn Landsbankans, þrjár af fimm stjórnarmönnum. Þá er Monica Caneman stjórnarformaður Arion Banka og Guðrún Johnsen varaformaður stjórnar. Fæstar konur eru í stjórn Íslandsbanka, eða tvær af sjö stjórnarmönnum. - jab

ÚTILÍF

MIKILVÆG ÖRYGGISVIÐVÖRUN
VEGNA UVEX FUNRIDE SKÍÐAHJÁLMA

UVEX VILL KOMA ÞVÍ Á FRAMFÆRI AÐ VIÐ REGLUBUNDIÐ GÆÐAEFTIRLIT KOM Í LJÓS AÐ FUNRIDE-SKÍÐAHJÁLMAR GETA VERIÐ GALLAÐIR.

Framleiðslugallinn getur dregið úr höggdeyfingu og brotstyrk á lykilhlutum hjálmsins (við loftop, hnoð og samskeyti) sem getur valdið alvarlegum áverkum við fall.

Vinsamlega hættu að nota hann og skilaðu honum í **Útilíf í Glæsibæ** gegn fullri endurgreiðslu á kaupverðinu.

Skíðahjálmurinn þinn er **Funride**-hjálmur ef hann ber þetta merki:

Við hjá **UVEX** tökum slagorðið okkar „protecting people“ (til verndar fólki) alvarlega. Sem framleiðendur gæðavöru viljum við biðjast innilega afsökunar á óþægindunum. Við þökkum aðstoðina og vonum að þú hafir sömu trú á vörum okkar eftir sem áður.

Nánari upplýsingar á: **www.uvex-sports.de/en/recall**

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

GARÐPLÖNTUR

Garðplöntuveisla
fimmtudag-sunnudags

birkikvistur, blátoppur, dvergrósakvistur, gljá-mispill, japanskvistur, loðvíðir, geilsasópur, skriðmispill ofl.

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

skoðun

greinar@frettabladid.is

Upplýsingar um stundvísi flugfélaga eru mikilvægar fyrir neytendur:

Af hverju leynd?

Fréttir Fréttablaðsins af stundvísi flugfélaga hafa vakið talsverða athygli og viðbrögð. Blaðið sagði frá því í fyrradag að yfir sumarmánuðina, þegar ferðalög landsmanna eru í hámarki, var í fyrra einungis rúmlega þriðjungur flugferða Iceland Express um Keflavíkurflugvöll á áætlun og tæplega 74 prósent ferða Icelandair. Hins vegar var norræna flugfélagið SAS á áætlun í rúmlega 93 prósentum tilvika.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Frétt blaðsins var tilkomin vegna fjölda ábendinga frá lesendum um miklar seinkanir í millilandaflugi að undanförnu, einkum hjá Iceland Express. Leitað var til Isavia ohf., hlutafélags í eigu ríkisins sem rekur flugvelli landsins, til að fá tölur um stundvísi flugfélaga. Þær var ekki hægt að fá frá fyrirtækinu. Fréttablaðið fékk upplýsingarnar um sumarmánuðina í fyrra eftir öðrum leiðum.

Í kjölfar fréttarinnar lét Iceland Express Fréttablaðinu í té upplýsingar um stundvísi sína undanfarna níu mánuði, sem sýna að ástandið var betra í vetur, nema í desember. Undanfarna daga hafa hins vegar verið miklar seinkanir á áætlun félagsins. Icelandair lét blaðið einnig hafa upplýsingar um stundvísi sína það sem af er þessu ári, sem sýnir betri tölur en í fyrrasumar. Þegar leitað var til Isavia um nýjar tölur var svarið hins vegar aftur nei, þrátt fyrir að vitað sé að fyrirtækið heldur tölfræðinni saman.

Upplýsingar um stundvísi flugfélaga eru að sjálfsögðu mikilvægar upplýsingar fyrir neytendur. Flugfélag, sem er iðulega of seint – jafnvel óhóflega seint, eins og Iceland Express var í fyrrasumar og hefur verið aftur undanfarið, er augljóslega að selja neytendum gallaða vöru.

Iceland Express hefur stuðlað að virkri samkeppni á markaði fyrir millilandaflug og oft á tíðum boðið neytendum lægra verð en keppinautarnir. En auðvitað skiptir það neytandann máli hvort áætlunin stenzt, því að tíminn er líka peningar. Sá sem missir af tengiflugi, mikilvægum fundi eða degi í fríi vegna seinkana verður fyrir tjóni sem flugfélagið bætir oft ekki.

Þess vegna er það í rauninni sjálfsögð krafa að fyrst upplýsingarnar um stundvísi flugfélaga sem fljúga um Keflavíkurflugvöll eru til, séu þær birtar opinberlega. Það myndi auðvelda neytendum að ákveða við hvaða flugfélag þeir eiga að skipta og auka aðhald með flugfélögunum. Bæði íslenzku flugfélögin hljóta að stefna að því að ná sambærilegum árangri í stundvísi og keppinauturinn SAS; það er augljóslega hægt. Markmið IE um 75% stundvísi er hins vegar ekki mjög metnaðarfullt.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, sagðist í Fréttablaðinu í gær íhuga að krefjast upplýsinganna – og ætti klárlega að gera það, bregðist Isavia ekki við að fyrra bragði.

Isavia ber fyrir sig að sem hlutafélag sé það undanþegið upplýsingalögum. Þó liggur fyrir Alþingi frumvarp um að hlutafélög þar sem ríkið á meirihluta, eins og í Isavia, hafi upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Meðal annars í því ljósi ætti Isavia að birta tölurnar án frekari málalenginga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ums.is

SÍÐASTI DAGUR FYRIR GREIÐSLUSKJÓL NÝRRA UMSÓKNA UM GREIÐSLUAÐLÖGUN ER

30. JÚNÍ 2011

Umboðsmaður skuldara

FRÁ DEGI TIL DAGS

Breytt viðhorf
Vindar almenningsálitsins eru sviptingasamir. Samkvæmt nýrri könnun MMR eru um 67 prósent Íslendinga á móti því að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, verði dreginn fyrir landsdóm fyrir vanrækslu í embætti í aðdraganda bankahrunsins. Þetta er merkilegt í ljósi þess að í þjóðarpúlsi Gallup í september í fyrra voru rúmlega 61 prósent hlynnt því að Geir yrði ákærður. Hér býr þjóð sem á annaðhvort erfitt með að ákveða sig eða er fljót að fyrirgefa.

Sá útvaldi
Hugsanlega skýrist þessi viðhorfsbreyting að einhverju leyti af því að Geir er einn ákærður. Í sama þjóðarpúlsi fyrir tæpu ári vildu nefnilega 64 prósent að Árni Mathiesen yrði ákærður og ríflega 55 prósent vildu sjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir landsdómi. Minnihluti, tæp 45 prósent, vildi aftur á móti að Björgvin G. Sigurðsson yrði ákærður. Þau þrjú sluppu með skrekkinn en ekki Geir.

Sammála um markmið?
Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, ræddi í fyrradag við Smuguna um nýja skýrslu OECD um Ísland en í henni er varað við breytingum á kvótakerfinu. Steingrímur sagði í tilefni þess það vissulega vera hag allra að tryggja hagkvæmni, menn deildu hins vegar um útfærslur og hversu miklu mætti breyta. „Að öðru leyti eru menn sammála um markmið," sagði Steingrímur svo. En er ekki einmitt málið að menn eru ósammála um markmið? Ríkisstjórnin virðist vilja nota fiskveiðistjórnunarkerfið til að koma til móts við byggðasjónarmið og margt fleira en stuðningsmenn núverandi kerfis leggja höfuðáherslu á hagkvæmni og arðsemi. Eru þetta ekki ólík markmið?

bergsteinn@frettabladid.is
magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Hrafnseyrarþing

Menning

Vésteinn Ólason
fyrrverandi prófessor

Ekki er laust við að þeir sem fylgst hafa með rannsóknum á Íslandssögu undanfarna áratugi undrist stundum orð alþingismanna þegar þeir fara að vísa til sögunnar. Í ræðum þeirra gætir einatt viðhorfa sem rekja má til sagnfræðirita eða sagnfræðiumræðu nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Þegar þessi sögufróðleikur hljómar í þingsölum hefur hann þó oftast farið gegnum mörg stig endurvinnslu síðan hann kom fyrst fram.

Nú hefur Alþingi stofnað prófessorsstöðu í minningu eins ágætasta sagnfræðings og textafræðings nítjándu aldar. Meginatriði í frétt um starfið er að prófessornum beri að stjórna málþingi á afskekktum stað á Vestfjörðum einu sinni á ári. Ekki er fullljóst af frétt um hvort embættið sé á sviði sagnfræði. Þó má ætla að það verði veitt sagnfræðingi eða a.m.k einhverjum sem stundað hafi árangursríkar og mikils metnar rannsóknir á sögu og menningu þjóðarinnar.

Með þessari samþykkt hefur Alþingi tekið viturlega ákvörðun sem gæti orðið til góðs. Í reglugerð ætti að kveða á um að alþingismenn skuli taka þátt í málþinginu fyrir vestan og njóta þar fræðslu um nýjustu viðhorf og niðurstöður rannsókna á sögu Íslands og menningu. Samgöngur við staðinn ættu að tryggja að þar geti menn einbeitt sér að náminu. Hæfilegt væri svo að prófessorinn héldi þingmönnum við efnið með vikulegum fyrirlestrum í Alþingishúsinu á starfstíma Alþingis. Þar hófust einmitt háskólafyrirlestrar fyrir einni öld.

> Hæfilegt væri svo að prófessorinn héldi þingmönnum við efnið með vikulegum fyrirlestrum í Alþingishúsinu á starfstíma Alþingis.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Starfinu miðar áfram

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
prófessor

Hvar sem ég kem verð ég var við áhuga fólks á störfum Stjórnlagaráðs. Gagnlegar athugasemdir og ábendingar berast dag hvern frá almenningi inn á vef ráðsins og eftir öðrum leiðum. Á fyrri tíð kom fyrir, að stjórnlagaþing þurftu að koma saman á afskekktum stöðum til að fá frið fyrir ágangi kröfuharðra hagsmunahópa. Svo er ekki nú. Við komum saman á opnum fundum í alfaraleið og bjóðum öllum, sem þess óska, að leggja hönd á plóg. Endurskoðun stjórnarskrárinnar er samstarfsverkefni, þar sem margir koma að málum. Þess vegna höfum við óskað eftir að hafa þjóðina með í ráðum skref fyrir skref frá upphafi til enda frekar en að vinna fyrir luktum dyrum og leggja fram fullmótaðar tillögur að loknu verki. Allir hafa aðgang að Stjórnlagaráði. Útlendingar hafa sýnt þessu opna vinnulagi áhuga og sagt frá því í erlendum blöðum og sjónvarpi.

Viðbrögð fólksins í landinu við þessu frjálslega verklagi hafa verið góð svo sem við mátti búast í ljósi mikils fjölda framboða til Stjórnlagaþings í vetur leið. Frambjóðendurnir 522 gáfu kost á sér vegna þess, að þeir töldu endurskoðun stjórnarskrárinnar skipta máli og töldu sig hafa mikilvægar hugmyndir fram að færa. Svör frambjóðenda við spurningum blaðamanna um stjórnskipunarmál fyrir kosningarnar í nóvember vitnuðu um samstöðu í frambjóðendahópnum um æskilegar breytingar á stjórnarskránni eins og ég lýsti í tveim greinum hér í blaðinu 6. og 13. janúar. Margar þessara tillagna um breytingar eru nú sem óðast að taka á sig mynd svo sem áfangaskjal Stjórnlagaráðs vitnar um (sjá vefsetur ráðsins stjornlagarad.is). Að vísu er eftir að fylla ýmsar eyður og slípa skjalið grein fyrir grein. Okkur miðar áfram. Verkinu á að ljúka fyrir júlílok.

Sumum finnst tillögur Stjórnlagaráðs ekki ganga nógu langt. Öðrum finnst þær ganga of langt. Það er skiljanlegt. Við reynum yfirleitt að halda okkur miðsvæðis, en við leggjum þó til gagngerar breytingar í ljósi alls, sem á undan er gengið. Við leggjum til ýmis nýmæli í samræmi við niðurstöður þjóðfundarins og hugmyndir stjórnlaganefndar, sem okkur ber að lögum að taka mið af. Stiklum á stóru.

- **Valddreifing.** Við leggjum til meira jafnræði milli Alþingis, ríkisstjórnar og dómstóla með gagnkvæmu aðhaldi og eftirliti. Við stefnum að skarpari þrígreiningu valds, til dæmis með því að færa valdið til að skipa dómara, ríkissaksóknara og kannski fleiri embættismenn frá ráðherrum til forseta Íslands, sem hafi lögbundna nefnd sér við hlið til að meta hæfi umsækjenda. Við segjum: Við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalegra sjónarmiða.

> Ég tel, líkt og brezki heimspekingurinn Karl Popper (1902-1994), að góð stjórnarskrá þurfi að reisa traustar lagaskorður við skaðlegu atferli.

- **Jafnt vægi atkvæða.** Við leggjum til nýja kosningaskipan með persónukjöri, jöfnu vægi atkvæða alls staðar á landinu og heimild til að setja lög um tiltekinn lágmarksfjölda þingmanna í hverju kjördæmi, ákveði Alþingi að hafa kjördæmin fleiri en eitt. Einn lykillinn að þessari lausn er, að hverjum kjósanda er frjálst að merkja við frambjóðendur jafnt innan kjördæmis síns og utan.
- **Auðlindir í þjóðareign.** Við leggjum til, að ákvæði um nytjastofna og aðrar náttúruauðlindir í þjóðareign sé sett í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar til að undirstrika rétt almennings til arðsins af auðlindum landsins við sjálfbæra nýtingu þeirra með almannahag að leiðarljósi.
- **Náttúra Íslands.** Við leggjum til, að öllum skuli með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi og til aðildar að dómsmálum um mikilvægar ákvarðanir um auðlindir í þjóðareigu og náttúru Íslands. Hugmyndin er að lýsa náttúruna friðhelga til jafns við friðhelgi einkalífs og eignarréttar til að undirstrika gagnkvæman rétt náttúrunnar gagnvart okkur mönnunum. Við megum nýta auðlindir okkar, en við höfum ekki leyfi til að níðast á náttúrunni, hvorki hennar vegna né okkar sjálfra og afkomenda okkar.
- **Opið þjóðfélag.** Við leggjum til, að með lögum skuli tryggja gegnsæja stjórnsýslu, greiðan aðgang að upplýsingum, frjálsum og sjálfstæðum fjölmiðlum með gegnsætt eignarhald og vernd handa blaðamönnum, nafnlausum heimildarmönnum þeirra og uppljóstrurum.

Sumir telja, að stjórnarskráin eigi að vera lægsti samnefnari þjóðarsálarinnar, samfélagssáttmáli, sem allir geta fellt sig við í öllum greinum. Ég tel, líkt og brezki heimspekingurinn Karl Popper (1902-1994), að góð stjórnarskrá þurfi að reisa traustar lagaskorður við skaðlegu atferli. Réttur eins leggur skyldu á herðar annars. Því er eðlilegt, að þeir, sem ný stjórnarskrá setur stólinn fyrir dyrnar, felli sig ekki við hana. Listin er að draga línuna á réttum stað. Við skulum hlusta hvert á annað og hjálpast að.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

Vandi Sarkozys er Le Pen

Þótt minnst sé á pólitísk ættarveldi er ekki þar með sagt að það verði sósíalisti sem helst muni ógna Sarkozy. Le Pen ættin hefur enn tök í Frakklandi. Dóttir Jean Marie Le Pen, Marine Le Pen, er nú með 23 prósenta fylgi og hún mun augljóslega geta aflað sér meira fylgis.

Eitt er víst að Sarkozy er með áætlun. Vinnugleði hans er takmarkalaus og hann eru fullur af orku. Hann mun að öllum líkindum gera allt til þess að fá að vera um kyrrt í Elyséehöllinni. Vandinn er hvernig hann getur mætt þeirri ógn sem stafar af Marie Le Pen án þess að lenda í gildru hennar.

Í Frakklandi er hefð fyrir fjölmenningarsamfélagi, jafnrétti og þolinmæði. Ef Sarkozy, sem er sonur ungversks innflytjanda, tekst ekki að verja þessa hefð á trúverðugan hátt verða það óskyggileg skilaboð til annarra Evrópulanda.

http://hbl.fi/opinion

Úr leiðara Hufvudstadsbladet

Evrópsk lexía

Axli aðildarríkin ekki pólitíska ábyrgð, heldur reyni að nota myntbandalagið í eigin þágu, mun ekki margt breytast. Lönd sem vilja fljóta með öðrum munu alltaf finna nýjar smugur.

Auk þess þarf þjóðarinnsýn í kreppuna í evrulandi sem glímir við mikinn vanda – annars duga engir björgunarsjóðir í heimi. En hin sameiginlega mynt mun halda velli og vonandi virka betur en áður.

http://www.dn.se/ledare

Úr leiðara Dagens Nyheter

PIPAR\TBWA-SÍA

Frumkvöðlasetrið á Ásbrú býður frumkvöðlum og fyrirtækjum með plássfrek nýsköpunarverkefni hagkvæma smiðjuaðstöðu.

Þar er veittur stuðningur, fræðsla og ráðgjöf við að hrinda hugmyndum í framkvæmd, og þar gefast fjölmörg tækifæri til að finna mögulega samstarfsaðila og efla tengslanet.

Meðal þeirra sem hafa aðstöðu í Frumkvöðlasetrinu eru **Mýr Design, Leikfangasmiðjan Dunamis, HBT og Valorka.**

Nánari upplýsingar um Frumkvöðlasetrið á Ásbrú er að finna á asbru.is/nyskopun

FRUMKVÖÐLASETRIÐ Á ÁSBRÚ
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
ÁSBRÚ



Ásbrú í Reykjanesbæ er samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs.

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Jóhanna og traustið

Stjórnmál

Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins

Á þjóðhátíðardögum eiga ýmsir ræðumenn það til að verða yfirmáta jákvæðir í garð meðborgaranna og væmnir í meira lagi. Að þessu sinni kvað mjög rammt að þessu á Íslandi vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra las ræðu á Austurvelli að morgni 17. júní og sagði þar m.a.: „Lykillinn að betri tíð er samstaða þjóðarinnar og traust manna í millum.“

Nú ætti það að vera fullkomlega eðlilegt að forsætisráðherra leggði sig fram um að auka traust milli manna í þjóðfélaginu. Auka traust milli hópa, landshluta, hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka. En hefur ráðherrann lagt sig fram um það?

Þann 29. maí, fyrir tæpum þremur vikum, réðist hún gegn stórum hópi landsmanna með fáheyrðum svívirðingum á flokksstjórnarfundi Samfylkingar. Jóhanna Sigurðardóttir sagði þá m.a.:

„Ofurlaunaliðið, fjárglæframennirnir og stóreignaelítan fá ekki að soga til sín hagvöxtinn sem fram undan er … nóg að þjóðin hafi þurft að greiða fyrir síðasta gleðskap þessa fólks.

Sú svallveisla var haldin undir lúðrablæstri frjálshyggjutrúboðs Sjálfstæðisflokksins.“

Þriðjungur þjóðarinnar fjárglæframenn?

Hér talar forsætisráðherra lýðræðisþjóðar! Sá ráðherra á að vera fremstur meðal jafningja og veita leiðsögn og forystu. Þegar forsætisráðherra kemur fram með slíkri heift og hatri í garð þriðjungs þjóðarinnar, þá verður erfitt að gera kröfur um málefnalega umræðu meðal landsmanna.

Ætli ráðherrann hafi nokkuð verið með þennan þriggja vikna skæting í huga þegar hann las orðin „traust manna í millum“ á Austurvelli þann 17. júní? Þau orð eru lítils virði í ljósi þess sem sagt var þann 29. maí.

> Ætli fylgjendur þessa flokks, rúmur þriðjungur þjóðarinnar, sé sáttur við að forsætisráðherra leyfi sér að kalla hann „fjárglæframenn“?

Sjálfstæðisflokkurinn hefur á síðari áratugum yfirleitt notið kjörfylgis á bilinu 33% til 38% kjósenda í alþingiskosningum. Hann mælist með slíkt fylgi í skoðanakönnunum um þessar mundir. Ætli fylgjendur þessa flokks, rúmur þriðjungur þjóðarinnar, sé sáttur við að forsætisráðherra leyfi sér að kalla hann „fjárglæframenn“? Er það með framkomu af þessu tagi sem forsætisráðherra ætlar að auka samstöðu og traust manna í millum?

Kommúnistaávarpið

Kolbrún Bergþórsdóttir lýsti athyglisverðri sýn á flokksþingsræðu forsætisráðherra í pistli þann 2. júní sl. Kolbrún er að mínu mati skemmtilegasti, beittasti og athyglisverðasti greinarhöfundurinn sem skrifar reglubundið í Morgunblaðið undir nafni. Hún sagði þá m.a.:

„Eftir nýlegan flokksstjórnarfund Samfylkingarinnar er ljóst að báðir ríkisstjórnarflokkarnir fyrirlíta fjármagn, hafa takmarkaðan áhuga á atvinnuuppbyggingu og berjast fyrir því að koma á láglaunastefnu, svo að þegnarnir hafi það nú örugglega flestir jafnskítt.“

Þá sagði hún að ræða Jóhönnu væri sennilega sú furðulegasta sem hún hafi haldið á ferlinum en þar taldi hún upp þá hópa sem ríkisstjórnin hygðist beita sér sérstaklega gegn, en þeirra var getið hér að framan.

Þá sagði Kolbrún: „Þetta kommúnistaávarp forsætisráðherra var þvílíkur samsetningur að manni fallast hendur. Áleitnasta hugsun manns er: Getur enginn losað þjóðina við þessa skelfilegu ríkisstjórn?“

Samstaða þjóðarinnar og traust manna í millum næst einungis ef leiðsögninni verður lyft á hærra plan en nú er.

Borgarráð og trúin

Trúmál

Tryggvi Hrólfsson
kennari

Í aðsendri grein þann 21. júní síðastliðinn skrifar Dögg Harðardóttir athyglisverða grein um margumtalaðar tillögur mannréttindaráðs um samstarf skóla og trúar/lífsskoðunarfélaga. Meginatriði greinarinnar er að það sé mikilvægt fyrir borgarráð að styðjast við vísindalegar rannsóknir þegar tekin er ákvörðun í málinu þannig að það megi rökstyðja hana með faglegum hætti. Enn fremur heldur Dögg því fram að auðvelt sé að nálgast slíkar rannsóknir með leitarvélum, sem sagt rannsóknir á tengslum trúar við breytur eins og hamingju, heilsufar, tilgang í lífinu og sjálfsvíg svo einhver dæmi séu tekin, og að niðurstöður þeirra í heildina bendi til þess að þeim sem telja sig trúaða vegni almennt betur en hinum. Vegna þessa og vegna þess að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn, sé borgarráði ekki stætt á að fara gegn vísindalegum rannsóknum og samþykkja reglur mannréttindaráðs.

Það eru ýmsar leiðir fyrir mig að svara þessum rökum Daggar. Ég get til dæmis farið að ráði hennar og leitað eftir frekari upplýsingum um þessar vísindalegu rannsóknir. Það tók mig innan við fimm mínútur að komast að því að málið er hvergi nærri eins einfalt og Dögg heldur fram, og að flest bendi til þess að það sé ekki trúin sem auki lífshamingju fólks heldur þau félagstengsl og samsemd sem trúað fólk myndar gjarnan með sér í kringum félagsstarfsemi tengdri trú sinni. Félagsstarfsemi og samsemd skipta vissulega miklu máli í skólastarfinu, en því miður kemur þetta lítið við málefninu sem Dögg lagði upp með og auk þess enginn ágreiningur um að því er ég veit til. Sjálfsagt er að skólinn leggi ríka áherslu á félagsstarf og samsemd nemenda sinna og hann getur gert það án þess að mögulega brjóta á mannréttindum nokkurs manns. Dögg er því einfaldlega sjálfri ekki stætt á að handvelja vísindalegar rannsóknir eftir því hvað hentar og alhæfa út frá þeim eftir eigin hentugleik.

Þessi umræða er orðin afar þreytt. Fyrst og fremst vegna þess að langmestur meirihluti hennar, þar á meðal grein Daggar og svar mitt að ofan við henni, kemur málinu einfaldlega ekkert við. Tillögur mannréttindaráðs snúast til dæmis ekkert um að leggja niður kristilegan menningararf þjóðarinnar, enda skipar hann áfram mikilvægan sess í skólastarfi þó áherslan sé á fræðslu en ekki iðkun, heldur snúast þær um það hvort skólinn sem stofnun á vegum borgaryfirvalda í ríki sem að nafninu til að minnsta kosti kennir sig við trúfrelsi ætti að taka þátt í trúboði. Dramatískar upphrópanir og hálfsoðnar tilvísanir í vísindalegar rannsóknir koma því málinu sjaldnast við og þar sem mannréttindi og velferð barna okkar eru gríðarlega mikilvæg málefni hvet ég alla sem vilja koma að máli til þess að halda sig við efnið.

Þeir sem hafa áhuga á því að aðrýna í grein sem ég fann varðandi tengsl lífshamingju, trúar og félagstengla geta fundið hana hér: http://www.asanet.org/images/journals/docs/pdf/asr/Dec10ASRFeature.pdf

FATAHÖNNUÐIR BJÓÐA Í HEIMSÓKN

Í tilefni Jónsmessunætur bjóða fatahönnuðir í miðbænum ykkur í heimsókn í kvöld milli 18 og 21.

Komið og skoðið nýjustu sumarlínurnar og þiggið léttar veitingar.
Nýtt kortatímabil.

EINVERA
Forynja
GuSt
HANNA felting
igló
kiosk
kurl project Iceland
MUNDI
Nostrum DESIGN

FATAHÖNNUNARFÉLAG ÍSLANDS
MARTINI

Gerðu pallinn enn betri!

Vnr. 86332040-9040
Viðarvörn
KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

5.490

Viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður!

Gleðilegt sumar

4 l

Kaupauki með 5 l. pallaolíu frá Málningu!
VIÐARSKOLI 1 l. fylgir allri pallaolíu frá MÁLNINGU!
Gildir til sunnudags!

5 l

Vnr. 86363040-550
Pallaolía **6.890**
Kjörvari pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 5 l.

4 l

Vnr. 86360040-1337
Pallaolía **7.990**
KJÖRVARI þekjandi viðarvörn, margir litir, 4 l.

Sumarið er tíminn!

Kaupauki með 5 l. PINOTEX pallaolíu!
SADOLIN BIO-pallahreinsir 1 l. fylgir allri PINOTEX pallaolíu
Gildir til sunnudags!

5 l

Pinotex
Vnr. 89410450-2650
Pallaolía
PINOTEX CLASSIC gegnsæ viðarvörn, glær, svört, tekk eða fura, 6 l. Aðrir litir 5 l.
5.990

5 l

Pinotex
Vnr. 89470150-950
Viðarvörn
PINOTEX Classic þekjandi viðarvörn, margir litir, 5 l.
9.990

5 l

Pinotex
Vnr. 89436375-94
Pallaolía
PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða pine, 5 l.
5.990

Vnr. 83020210-30
Penslar Verð frá **380**
HARRIS PREMIER penslar, 1, 1,5, 2 eða 3".

Vnr. 58365522
Pensill
SPEKTER XTRA-EINAR pensill, 5".
2.390

Vnr. 84105030/163500
Pallaskrúbbur **2.990**
SPEKTER pallaskrúbbur eða pallavírbursti.

Hentar fyrir harðviðar-húsgögn

Pinotex
Vnr. 89440010-2910
Harðviðarolía **2.990**
PINOTEX harðviðarolía, tekk, mahóní, svört eða glær, 1 l.

5 l

Sadolin
Vnr. 89819950
Pallahreinsir **3.990**
SADOLIN BIO pallahreinsir, 5 l.

BYKO

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO · www.expo.is

Þróun í sjávarútvegi – stóra myndin frá 1991-2008

Sjávarútvegsmál

Jóhannes Geir Sigurgeirsson
sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Saga Fjárfestingarbanka

Það er umhugsunarefni hvers vegna ekki er gert meira af því að koma á framfæri einföldum upplýsingum varðandi það sem hefur verið að gerast í sjávarútveginum hér á landi á síðustu tveim áratugum. Af sögulegum ástæðum og vegna mikilvægis greinarinnar búa fáar atvinnugreinar við eins nákvæma skráningu á megin hagstærðum sínum og sjávarútvegurinn. Á meðfylgjandi mynd er sett fram hvernig nokkrar stærðir í greininni hafa þróast frá árinu 1991 eða frá þeim tíma sem fiskveiðistjórnunarkerfið hefur verið í núverandi horfi. Þær tölulegu upplýsingar sem hér eru settar fram byggja allar á gögnum frá Hagstofu Íslands og Fiskistofu.

1. Starfandi í greininni, sjómönnum og landverkafólki, hefur fækkað um rúmlega 50% eða úr 15.600 árið 1994 og í 7.300 árið 2008 (fjölgaði aðeins aftur 2009).
2. Á sama tíma stendur útflutningsverðmæti greinarinnar nánast í stað eða vex örlítið í krónum talið á verðlagi ársins 2008 eins og sýnt er á myndinni. Sé þróunin hins vegar skoðuð í erlendri mynt (SDR) þá stendur verðmætið nánast í stað.



> Hærra afurðaverð hefur unnið upp samdráttinn í afla og gert það að verkum að samdrátturinn hefur ekki komið fram í lægri útflutningsverðmætum.

3. Það vekur athygli að á þessum árum minnkar afli úr sjó úr því að vera 700.000 tonn, talið í þorskígildum, í það að vera 500.000 tonn eða um 29%.

Hvaða ályktanir er hægt að draga af þessar þróun?

- Launahlutfall í greininni hefur lækkað mun minna en sem nemur fækkun starfa (1997 – 2008 fækkar starfandi um rúmlega 48% en launahlutfall lækkar um tæplega 19%). Það þýðir að raunlaun þeirra sem vinna við greinina hafa hækkað mikið á tímabilinu. Það er hægt að fá það staðfest í gögnum frá Hagstofunni sem sýna að á tímabilinu hafa laun í sjávarútvegi hækkað verulega umfram meðaltal. Þetta þýðir einnig að ef greinin væri með svipaðan mannafla og var 1991-1997 væru laun á starfsmann í greininni 36% lægri en þau eru í dag miðað við sama launahlutfall og þá var en 48% miðað við launahlutfallið 2008.
- Hærra afurðaverð hefur unnið upp samdráttinn í afla og gert það að verkum að samdrátturinn hefur ekki komið fram í lægri útflutningsverðmætum. Þessa hækkun er ekki hægt að skýra nema að hluta með almennri hækkun á afurðaverði erlendis. Verulegur hluti hækkunarinnar er kominn til vegna markaðsdrifins þróunarstarfs þar sem virðiskeðjan er látin vinna saman frá veiðum og til neytandans og leitað er inn á þá markaði sem greiða hæst verð.

Markaðsdrifinn þekkingariðnaður

Samandregið má segja að á tímabilinu hafi orðið bylting í sjávarútvegi á Íslandi. Greinin hefur á tveim áratugum breyst úr veiðadrifnum framleiðsluiðnaði í markaðsdrifinn þekkingariðnað.

Þetta má öllum vera ljóst sem fylgst hafa með þróuninni og er hægt að styðja með margvíslegum rökum. Markaðsdrifin vinnsla sem byggir á nýjustu tækni og þekkingu þýðir að væntanlega hefur fækkun starfa í veiðum og vinnslu verið mætt að einhverju leyti með fjölgun afleiddra starfa sérfræðinga í stuðningsgreinum atvinnuvegarins.

Að öllum líkindum er umræddur tími einnig lengsta tímabilið í nútíma útflutningssögu sjávarafurða á Íslandi sem greinin hefur ekki þurft á stuðningsaðgerðum ríkisvaldsins að halda; þrátt fyrir allt sem á hefur gengið. Það er til að mynda skoðun undirritaðs að greinin sem heild geti unnið sig út úr þeim hremmingum sem fylgdu bankahruninu.

Að verða við kalli tímans

Ef litið er til þess að grunnþættirnir í íslenskum sjávarútvegi séu mannafli, þekking, fjármagn og aðgangur að hráefni þá má varpa fram eftirfarandi kenningu: Eftir 1990 hefur þekking og fjárfestingar í tæknibúnaði og markaðsstarfi leyst mannafla í auknum mæli af hólmi við að skapa aukin verðmæti úr takmarkaðri auðlind.

Áður hefur komið fram að laun í greininni hafa hlutfallslega hækkað verulega á tímabilinu. Það er síðan sjálfstætt rannsóknarefni að kanna hvort þessi kenning stenst og þá í hvaða hlutföllum þetta hefur gerst ásamt því að kanna hvaða störf hafa orðið til í stoðgreinum; það er hvort sjávarútvegurinn hefur ekki brugðist við kalli tímans og fært greinina inn í umhverfi upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins.

Það væri glapræði að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi sjávarútvegs á Íslandi án þess að þetta sé rannsakað og vonandi verður tíminn sem vinnst við að stóra kvótafrumvarpið er tekið af dagskrá Alþingis notaður vel hvað þetta varðar.

ÓDÝRT! NICOTINELL FRUIT

Verðsamanburður á Nicotinell Fruit og þremur vinsælustu tegundum sígaretta

Það er ódýrara að nota Nicotinell Fruit heldur en að reykja!

Í þessum samanburði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn tyggi eitt tyggjó fyrir hverja sígarettu sem hann reykti***

Tegund	Fjöldi í kartoni	Meðalverð pr. karton*	Meðalverð pr. sígarettu	Meðalverð pr. pakka
3 vinsælar tegundir	200	9.464	44.32	946

Tegund	Bragð	Styrkleiki	Pakkning	Meðal verð pr. pakka**	Meðal verð pr. tyggjó	Meðalverð x20	Sparnaður
Nicotinell	Fruit	2 mg	24	584	24.31	486	-49%
Nicotinell	Fruit	2 mg	96	2.484	25.88	518	-45%
Nicotinell	Fruit	2 mg	204	4.611	22.60	452	-52%
Nicotinell	Fruit	4 mg	24	902	37.60	752	-21%
Nicotinell	Fruit	4 mg	96	3.483	36.28	726	-23%
Nicotinell	Fruit	4 mg	204	6.380	31.28	626	-34%

* Meðalverð á kartoni í verslunum 10-11, Shell, N1, Olís, Hagkaup, Krónan, Samkaup og Nóatún. Könnun gerð 26. maí 2011
**Verðkönnun gerð í 14 apótekum og apótekskeðjum 5., 16.-19. og 26. maí 2011
***Í flestum tilfellum nægir að nota á bilinu 8-12 tyggjó á dag. Mest skal nota 25 stk. af 2 mg og 15 stk. af 4 mg

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómfíklaæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

Klasamyndun í áliðnaði

Áliðnaður

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samál – Samtaka álframleiðenda á Íslandi

Við mat á þjóðhagslegu vægi áliðnaðar hér á landi vill það gjarnan gleymast hversu mikil viðskipti íslensku álverin eiga við hundruð innlendra fyrirtækja á ári hverju. Heildarfjárhæð þessara viðskipta árið 2010 nam 24 milljörðum króna og eru raforkukaup þar ekki meðtalin. Áliðnaður hefur starfað á Íslandi í liðlega 40 ár, eða frá því álverið í Straumsvík hóf starfsemi sína árið 1969. Framan af var álframleiðsla lítil, innan við 100 þúsund tonn á ári eða sem samsvaraði um 0,5% af heimsframleiðslu. Mikil aukning hefur orðið á liðnum árum og á síðasta ári voru flutt út frá Íslandi 820 þúsund tonn af áli fyrir 222 milljarða króna. Þetta samsvarar 2% af heimsframleiðslu áls, sem er sambærilegt vægi okkar í fiskveiðum í heiminum.

Aukið vægi áliðnaðar á liðnum 10 árum hefur ekki aðeins aukið útflutningstekjur þjóðarinnar heldur hefur einnig myndast fjöldi fyrirtækja í kringum iðnaðinn. Þetta er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í áliðnaði í Kanada. Þar í landi sinna liðlega 4 þúsund fyrirtæki þjónustu við áliðnað. Kanadísk fyrirtæki eru í fararbroddi í bæði hönnun, byggingu og þjónustu við álver um allan heim. Þar er virðisaukinn af stoðfyrirtækjum í kringum áliðnað að minnsta kosti jafnmikill og virðisaukinn af álverunum sjálfum.

Þessarar þróunar er farið að gæta hér á landi. Fjöldi íslenskra fyrirtækja er, auk þess að sinna þjónustu við íslensk álver, einnig tekinn að flytja út þjónustu sína eða vörur. Veruleg sóknarfæri eru fyrir íslenskt atvinnulíf á þessu sviði á komandi árum. Hér starfa stærstu alþjóðlegu fyrirtækin í áliðnaði. Fyrirtæki sem hefur sýnt og sannað getu sína til að þjónusta álver hér á landi er um leið orðið gjaldgengt í þessum iðnaði um heim allan, enda kröfurnar sem gerðar eru til þjónustuaðila hér síst minni en annars staðar í heiminum.

Dæmi um þessa þróun er Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar sem hefur sérhæft sig í þjónustu við áliðnaðinn. Fyrirtækið sinnir annars vegar ýmiss konar þjónustu við daglegan rekstur álveranna en jafnframt framleiðir það úrval tækjabúnaðar til álframleiðslu undir vörumerkinu Stímir. Þessi búnaður hefur verið seldur til álvera í 19 mismunandi löndum.

Annað dæmi er Efla verkfræðistofa, sem hefur um árabil unnið að framkvæmdum við álver og orkufrekan iðnað um allan heim. Fyrirtækið hefur unnið við tugi álvera í löndum eins og Noregi, Svíþjóð, Argentínu, Venesúela, Óman, Barein, Dubai, Katar og Kína svo dæmi séu nefnd.

Þetta er svipuð þróun og hófst í sjávarútvegi fyrir um aldarfjórðungi þegar fyrirtæki á borð við Marel fóru að vaxa og dafna í tengslum við sjávarútveginn.

Marel byggir afkomu sína núna að óverulegu leyti á íslenskum sjávarútvegi en hefði hins vegar aldrei komist á legg nema fyrir tilstilli hans. Ekki er ólíklegt að hér geti svipuð þróun orðið í áliðnaði og raunin varð í sjávarútvegi.

Oft vill gleymast að sú mikla þekking sem hér hefur byggst upp í kringum iðnaðinn skapar einnig fjölda tækifæra.

Opnunartími verslunar:
Opið virka daga frá kl. 08-18.
Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

ÓDÝRT! NICOTINELL FRUIT

Verðkönnun á Nicotinell Fruit og Nicorette Fruitmint í maí 2011

Nicotinell Fruit - ódýrara!

Í þessari könnun voru verð pr. pakka og tyggjó borin saman og mismunurinn er sýndur sem prósentutala. Nicotinell Fruit var **ódýrara í öllum 14 apótekunum** þar sem verðkönnunin var gerð. Það er alveg sama hvernig verðin voru borin saman, pr. pakka eða pr. tyggjó, Nicotinell Fruit var alltaf ódýrara.

Nicotinell			Nicorette		
Tegund	mg	Magn	Tegund	mg	Magn
Fruit	2 mg	24	Fruitmint	2 mg	30
Fruit	2 mg	96	Fruitmint	2 mg	105
Fruit	2 mg	204	Fruitmint	2 mg	210
Fruit	4 mg	24	Fruitmint	4 mg	30
Fruit	4 mg	96	Fruitmint	4 mg	105
Fruit	4 mg	204	Fruitmint	4 mg	210

Verðmunur pr. pakka

Apótek 1	Apótek 2	Apótek 3	Apótek 4	Apótek 5	Apótek 6	Apótek 7	Apótek 8	Apótek 9	Apótek 10	Apótek 11	Apótek 12	Apótek 13	Apótek 14
-21%	-30%	-21%	-21%	-23%	-21%	-28%	-23%	-21%	-22%	-22%	-21%	-21%	-22%
-10%	-18%	-11%	-11%	-13%	-11%	-19%	-12%	-11%	-11%	-12%	-11%	-11%	-14%
-7%	-10%	-4%	-4%	-5%	-4%	-9%	-4%	-4%	-4%	-3%	-4%	-4%	-6%
-26%	-27%	-22%	-22%	-23%	-22%	-23%	-24%	-22%	-22%	-20%	-22%	-22%	-22%
-14%	-17%	-15%	-15%	-16%	-15%	-16%	-15%	-17%	-16%	-11%	-15%	-14%	-12%
-5%	-10%	-6%	-6%	-8%	-6%	-9%	-9%	-8%	-7%	-8%	-6%	-7%	-7%

Nicotinell			Nicorette		
Tegund	mg	Magn	Tegund	mg	Magn
Fruit	2 mg	24	Fruitmint	2 mg	30
Fruit	2 mg	96	Fruitmint	2 mg	105
Fruit	2 mg	204	Fruitmint	2 mg	210
Fruit	4 mg	24	Fruitmint	4 mg	30
Fruit	4 mg	96	Fruitmint	4 mg	105
Fruit	4 mg	204	Fruitmint	4 mg	210

Verðmunur pr. tyggjó

Apótek 1	Apótek 2	Apótek 3	Apótek 4	Apótek 5	Apótek 6	Apótek 7	Apótek 8	Apótek 9	Apótek 10	Apótek 11	Apótek 12	Apótek 13	Apótek 14
-1%	-12%	-2%	-2%	-3%	-1%	-10%	-4%	-1%	-2%	-2%	-2%	-1%	-2%
-2%	-10%	-3%	-3%	-5%	-3%	-11%	-4%	-3%	-3%	-4%	-3%	-3%	-6%
-4%	-8%	-1%	-1%	-3%	-1%	-6%	-1%	-1%	-1%	-0.4%	-1%	-1%	-3%
-7%	-9%	-3%	-2%	-4%	-3%	-4%	-5%	-2%	-2%	-0.5%	-3%	-2%	-3%
-6%	-9%	-7%	-7%	-8%	-7%	-8%	-7%	-9%	-8%	-3%	-7%	-6%	-4%
-2%	-8%	-4%	-4%	-5%	-4%	-6%	-7%	-5%	-4%	-5%	-4%	-4%	-4%

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Verðkönnunin var gerð í eftirtöldum apótekum daganna 5., 16.-19. og 26. maí:
Lyfja, Apótekið, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Skipholtsapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Garðs Apótek, Rima Apótek, Urðarapótek, Apótek Hafnarfjarðar, Reykjavíkur Apótek, Apótek Vesturlands og Akureyrar Apótek. Ath. að röðin á apótekunum er ekki sú sama og kemur fyrir í töflunum fyrir ofan.
Samanlagt ná þessi apótek yfir 90% af markaðnum.

Dagdeildarmeðferð sem kostur?

Fangelsismál

Páll Eiríksson
fyrrverandi yfirlæknir í geðlækningum

Í tilefni af umræðum í fjölmiðlum undanfarið um erfiðleika í fangelsismálum okkar Íslendinga langar mig til þess að skjóta inn nokkrum orðum um valkosti.

Í byrjun sjöunda áratugarins var ég sumarafleysingamaður í lögreglunni í Reykjavík og kynntist „hinni hliðinni“ á lífinu í Reykjavík. Seinna í læknanámi og eftir útskrift kynntist ég við störf á Kleppspítala æ fleirum, sem höfðu komist í kast við lögin og lent í fangelsi. Margir höfðu þeir/þær ungir í ölvímu eða síðari árin í vímu eiturlyfja brotið af sér og orðið „tugthúslimir“ fyrir. Þessir einstaklingar, sem oft komu frá brotnum heimilum eða „sjúkum“ fjölskyldum, með t.d. geðveikri móður og áfengissjúkum föður eru gjarnan viðkvæmar sálir. Sem börn höfðu þau aldrei fengið að finna fyrir þeim varnarmúr (protective shield) frá foreldrum/uppeldisaðilum, sem hverju ungviði er svo mikilvægt til þess að ná að þroskast og vaxa andlega, siðferðilega og félagslega. Frá árinu 1971 hef ég unnið 20 ár á Norðurlöndum á geðdeildum fyrir fullorðna, börn og unglinga og er sama sagan þar og hér. Einstaklingar, sem að mínum dómi vantaði grundvallarstuðning í æsku, lenda í fangelsi í stað þess að fá meðferð og aðstoð til að ná fótfestu í lífinu.

Á árunum 1979-1989 veitti ég forstöðu dagdeild geðdeildar Borgarspítalans. Byggðist starfsemi þessarar deildar, sem hafði allt að 24 sjúklinga í meðferð í einu, á hugmyndum frá Norðurlöndum, Hollandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Á þessum árum heimsótti ég hartnær 60 geðdeildir í þessum löndum og þá fyrst og fremst dagdeildir og meðferðarheimili. Á dagdeild Borgarspítalans var megináhersla lögð á hópvinnu, en einstaklings- og fjölskyldumeðferð skipaði og háan sess á deildinni. Með þessu fyrirkomulagi skapaðist víxlverkun milli meðferðar, fjölskyldu og vinnu, sem að mínum dómi er mjög mikilvæg einstaklingum í sálarkreppu. Margir þessara einstaklinga höfðu átt við vímuefnavanda að etja í kjölfar vanrækslu í æsku, ofbeldis, misþyrminga, nauðgunar eða sifjaspella. Ekki var óalgengt að laganna verðir hefðu komið inn í líf þeirra.

Föstum reglum var fylgt á deildinni og fólk aðstoðað til þess að skipuleggja líf sitt og líta fram á við. Kallaði ég þessa meðferð „lífsins skóla“ í viðtölum við þá einstaklinga og fjölskyldur, sem meðferð fengu. Eftir u.þ.b. 3 mánaða meðferð fórum við að sjá árangur, en sumir komu á deildina mun lengur, enda er ekki til nein hraðspólun eftir margra ára andlegan sársauka og vanlíðan. Starfsfólkið, sem var frábært, var af ýmsum toga: hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar, listþjálfar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, aðstoðarlæknar og geðlæknar. Fór mönnun starfsliðsins eftir ýmsu og sama gilti um meðferðarúrræði og fræðslu. Meðferðin beindist bæði að hinu talaða orði og ekki síður tjáningu tilfinninga/hugsana í formi hreyfingar, teikninga, málunar o.s.frv. Á haustin var tekið slátur og kartöflur, sem settar höfðu verið niður um vorið, teknar upp.

Áhugi starfsfólks var mikill enda sást góður árangur í flestum tilvikum, en margir skjólstæðinga höfðu verið inn og út af geðdeildum, sumir um margra ára skeið. Deildin var rekin nær lyfjalaust. Í sambandi við dagdeildina var og sístækkandi göngudeild jafnframt því sem innlögðum einstaklingum á geðdeild Borgarspítala fækkaði.

Reynsla mín fær mig til þess að drepa niður penna og benda á dagdeildarmeðferð sem valkost í málum dæmdra manna/kvenna, sem ekki teljast hættuleg samfélaginu eða sem eftirmeðferð eftir fangelsisvistun. Tel ég að virk meðferð sérlega yngra fólks muni bera langvarandi árangur og mun betri en innilokun og lítið samband við fjölskyldu, atvinnulíf og lífið sjálft utan veggja fangelsis, Vitur maður og reyndur á þessu sviði Njörður P. Njarðvík sagði á fundi eitt sinn eitthvað á þessa leið: Er nokkurt vit í því að kasta óhörðnuðum unglingi, sem framið hefur „fíkniefnabrot“, beint á Litla Hraun eftir stutta afeitrun?

Vel verður að vanda bæði til vals á starfsfólki og þeim sem meðferð hljóta. Undirbúningur allur í formi forsamtala og jafnvel tilrauna til meðferðar þarf að vera vandaður. Ef vel er á spöðum haldið er ég ekki í vafa um að þjóðfélaginu takist á þennan hátt að breyta lífi margra einstaklinga til meiri þroska og ábyrgðar. Er þá horft til framtíðar, því að skaðaðir einstaklingar verða jú einnig foreldrar og makar. Bitur, niðurbrotinn einstaklingur verður sjaldnast öðrum góð fyrirmynd.

Glíma þarf á slíkum deildum við margvíslegan vanda, andlegan, siðferðilegan og félagslegan ásamt vafalaust fíkniefnavanda og þar gæti reynsla SÁÁ komið inn. Vonast ég til þess að ráðandi yfirvöld líti á þennan valkost í stað þess að einblína á stækkun lokaðra og einangraðra fangelsa. Fangelsa sem bjóða auk þess upp á margs konar hættur fyrir óþroskaða einstaklinga með lítið sjálfstraust og þol, til þess að standast álag frá forföllnum, reyndum afbrotamönnum. Margur maðurinn/konan hefur sagt við mig á löngum ferli mínum í geðgeiranum „Ég kom út úr fangelsi sem verri manneskja en þegar ég fór inn.“ Viljum við slíkt?

Árið 2007 sendi ég þessa grein til yfirmanns fangelsismála og fékk jákvæð viðbrögð. Enn hefur þó ekkert í þessa veru verið gert þrátt fyrir langa biðlista eftir afplánun dóma. Enda er kannski ekki á öðru von þegar bið eftir nýju fangelsi hefur staðið í marga áratugi. En þessi lausn, sem ég bendi hér á gæti vafalaust stytt biðlista eftir afplánun mikið.

> Er nokkurt vit í því að kasta óhörðnuðum unglingi, sem framið hefur „fíkniefnabrot“, beint á Litla Hraun eftir stutta afeitrun?

Að gefnu tilefni

Trúmál

Gunnar Jóhannesson
sóknarprestur

Í bakþanka sínum, Aðskiljum til jöfnuðar, sem birtist í Fréttablaðinu 21. júní síðastliðinn, lætur Kolbeinn Proppé að því liggja að þjóðkirkjan í núverandi mynd heyri til liðnum tíma og hafi einungis haldið velli fram á þennan dag því hún sé „teng[d] við ríkisstyrkta öndunarvél sem ég og þú og allir aðrir skattgreiðendur borga“. Kolbeinn virðist ennfremur þeirrar skoðunar að hér komi fram mikill ójöfnuður sem gangi freklega gegn rétti og frelsi annarra og hljóti að vinna gegn því samfélagi sem við viljum tilheyra. Því skuli „Aðskilj[a] til jöfnuðar“.

Látum það liggja á milli hluta að sá aðskilnaður er þegar orðinn að flestu leyti, enda er þjóðkirkjan sjálfstæð stofnun og sjálfstæður réttaraðili sem ber réttindi og skyldur að lögum. En burtséð frá því er þjóðkirkjan ekki hafin yfir gagnrýni frekar en annað í mannlegu samfélagi, og er rétt og skylt að benda á það sem betur má fara þegar hún er annars vegar. Þá er sjálfsagt að gera breytingar til bóta á ríkjandi fyrirkomulagi þegar þess gerist þörf og vilji stendur til þess. Þjóðkirkjan er þar ekki undanskilin.

En í þeirri umræðu duga ekki til formálalausir þankar á borð við þá sem Kolbeinn leggur fram. Það er eðlileg krafa að rétt sé farið með málavexti, enda leitt þegar málflutningur verður villandi og áróðurskenndur, eins og svo oft vill verða þegar þjóðkirkjan er gagnrýnd. Það sýnir sig ekki síst þegar kemur að fjárhagslegum samskiptum þjóðkirkjunnar og ríkisins, hina „ríkisstyrkt[u] öndunarvél“ sem Kolbeinn kallar svo. Þó það sé til að æra óstöðugan – svo oft hefur þessi misskilningur verið leiðréttur – get ég ekki látið hjá líða að minna á hið rétta í þessu samhengi.

Tekjur þjóðkirkjunnar byggja á lögvörðum samningi við ríkið á grundvelli kirkjueigna. Samkvæmt honum afhendir þjóðkirkjan ríkinu miklar eignir sem á móti greiðir tilteknum fjölda presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar laun. Þessi samningur hefur ekkert að gera með trúfrelsi né stendur gegn því! Þá er stór hluti af tekjum þjóðkirkjunnar fólginn í sóknargjöldunum, sem eru félagsgjöld þeirra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna. Ríkið innheimtir þau fyrir þjóðkirkjuna sem og fyrir önnur trúfélög. Hvað sóknargjöldin varðar má geta þess að ríkið hefur ítrekað skert þau með einhliða lagasetningu frá því sem samið var um þegar núverandi fyrirkomulagi var komið á.

Hér er um tekjur þjóðkirkjunnar að ræða að langstærstum hluta. Í þessu samhengi má líka hafa í huga að þjóðkirkjan veitir landsmönnum öllum víðtæka þjónustu óháð trúfélagsaðild. Auk þess stendur hún vörð um mikil menningarverðmæti sem fólgin eru í gömlum kirkjum sem ríkið hefur friðlýst. Þá er ótalin öll sú blómlega menning sem þjóðkirkjan ræktar með margvíslegu móti um land allt.

Í þessum efnum er síður en svo gengið á rétt einstaklinga eða annarra trúfélaga, ólíkt því sem Kolbeinn lætur að liggja. Raunin er sú að mannréttindadómar hafa fallið sem taka af öll tvímæli um að staða þjóðkirkjunnar gangi ekki gegn trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og almennum mannréttindum. Þá ber ennfremur að geta þess að þar sem skilið hefur á milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga í fjárhagslegum efnum hefur þjóðkirkjan bent á að eðlilegt sé að ríkið rétti við hlut þeirra. Það var meðal annars gert árið 2000 í tengslum við kristnitökuhátíðina.

Það sem mönnum finnst um þjóðkirkjuna og erindi hennar gildir einu í þessu samhengi. Þjóðkirkjan á sjálfsagt tilkall til þeirra réttinda sem eðlileg þykja í réttsýnu samfélagi þar sem farið er að lögum. Enda þótt annað mætti skilja af grein hans leyfi ég mér að ætla að Kolbeinn Proppé sé mér sammála um það.

Rockwood fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.

m/ útdraganlegri hlið.
Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.

Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.898.000kr
Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.
• upphækkað á 15” dekkjum
• sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

• Galvaníseruð grind
• Evrópskar þrýstibremsur
• Upphitaðar 12 cm springdýnur
• Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
• Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
• Útdraganleg trappa við inngang
• Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
• Handbremsa og varadekk m/hlíf
• 50 mm kúlutengi
• 220v tengill (blár skv. reglugerð)
• Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
• Radial dekk / 13” álfelgur
• Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
• Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
• SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
• 2 gaskútar
• Gasviðvörunarkerfi
• Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
• Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
• Skyggni (markísa)
• Skyggðir gluggar
• Flugnanet f. gluggum og hurð
• Gardínur f. gluggum og svefnrými
• 2ja feta geymsluhólf
• Stórt farangurshólf
• Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
• 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
• 1 x færanlegt lesljós með viftu
• 110 amp rafgeymir
• Heitt og kalt vatn, tengt
• Rafmagnsvatnsdæla
• 86 lítra vatnstankur
• Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn®



Versace tískumerkið er í uppsveiflu þessa dagana. Lady Gaga klæddist fötum frá merkinu í nýjasta tónlistarmyndbandi sínu, Edge of Glory, og í nóvember kemur í verslanir ný lína frá Versace fyrir H&M.

NÝKOMINN AFTUR

teg.4500 - minimizer í D,DD,E,F,FF,G
skálum á kr. 6.990,-

Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Rafskutlur
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri

Ný kynslóð

Opið virka daga kl. 9 -18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

SUMARÚTSLAN HAFIN

20-50% AFSLÁTTUR

SKOÐIÐ SÝNISHORN Á LAXDAL.IS

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Þrír strákar sýna lesendum uppáhaldssólgleraugun sín nú í sumar

Alls ekki innandyra

Sólin fór loksins að skína í Reykjavík og borgarbúar drifu fram sumarfötin. Fréttablaðið fékk þrjá unga menn til að sýna lesendum uppáhaldssólgleraugun sín nú í sumar.

;FRAMHALD | 3

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýir svefnsófar - margar gerðir

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Frá 269.900,-

329.900.-

149.900,-

Tilboð
127.425,-

199.900,-

59.900,-

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Íslenskir fatahönnuðir í miðbænum hafa opið til kl. 21 í kvöld í tilefni Jónsmessunætur. Verslanirnar Birna, Forynja, Gust, Hanna, Ígló, Kalda, Kiosk, Kurl, Mundi, og Nostrum verða með nýjar sumarvörur og léttar veitingar.

ÚTSALA !
Glæsilegur sparifatnaður.

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Gígja Ísis Guðjónsdóttir fór á námskeið hjá dönskum fatahönnuði og kolféll fyrir faginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hönnun Gígju Ísisar vakti mikla athygli á útskriftarsýningu fatahönnunarnema við LHÍ. MYND/BRYNJAR SNÆR

Þróar nýja sauðskinnsskó

Gígja Ísis Guðjónsdóttir útskrifaðist úr fatahönnunardeild LHÍ nýlega. Hún hefur mörg járn í eldinum og vinnur nú að því að rannsaka og þróa hinn íslenska sauðskinnsskó og hanna nútímaútgáfur af honum.

Þetta eru aðallega nærföt, sundföt og samfellur," segir Gígja Ísis um útskriftarlínuna sem vakti mikla athygli á útskriftarsýningu fatahönnunarnema LHÍ á dögunum. „Svo er ég líka með kjóla og jakka að ógleymdum fylgihlutunum, sem eru sokkar, hanskar og skór."

Skór eru sérstakt áhugaefni Gígju Ísisar og hlaut hún styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að þróa hinn íslenska sauðskinnsskó yfir í nútímalegt form. „Það er þriggja mánaða verkefni sem ég ætla að vinna að í sumar," segir hún. „Ég hef mikinn áhuga á að gera skó og langar að fara út í skóhönnun. Þegar ég var að vinna útskriftarlínuna og gera skóna við hana fékk ég þessa hugmynd um sauðskinnsskóna og ákvað að sækja um styrk til að þróa hana, sem ég svo fékk. Mér finnst sauðskinnsskórnir kjörnir til að rannsaka og vinna með, þar sem þeir eru sérislenskt fyrirbæri."

Gígja Ísis segist eiga í viðræðum við framleiðanda um framleiðslu skónna, en það sé ekki komið á það stig að hún vilji gefa upp nein nöfn. „Þetta er allt í mótun ennþá, svo ég vil ekki segja meira í bili."

Gígja Ísis stefnir á að fara í starfsnám erlendis og er á kafi í umsóknavinnu þessa dagana. „Ég ætla að reyna að komast í starfsnám á næstu misserum og síðar mun ég svo sérhæfa mig innan fatahönnunargeirans og þykir líklegast að skóhönnun verði fyrir valinu," segir hún, en henni liggur ekki lífið á, því á útskriftardaginn 11. júní varð hún 22 ára. Hefur fatahönnun alltaf vakið áhuga hennar? „Ég var alltaf mjög skapandi sem krakki, en fékk ekki áhuga á fatahönnun fyrr en ég var 17 ára. Þá var ég í Danmörku um tíma og fór á námskeið hjá dönskum hönnuði, kolféll fyrir faginu og eftir það varð ekki aftur snúið."

Jakki, samfella og sokkar úr útskriftarlínu Gígju Ísisar.

fridrikab@frettabladid.is



Rýmum fyrir
nýjum vörum
30% afsláttur af öllu í verslun
sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi
Erum fluttar Skeifuna 8
vertu vinur á facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Sumar-útsalan er hafin
30 - 70% afsláttur
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Framhald af forsíðu

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Marínó Þór Jakobsson

Ég nota sólgleraugu þegar vel viðrar," segir Marínó Þór Jakobsson, fótboltakappi hjá Fjölni í Grafarvogi. „Þessi Ray Ban gleraugu keypti ég á flugvelli í London, leist bara svo vel á þau. Annars á ég ekki mörg. Ég nota sólgleraugu frekar vegna þess að ég þarf þess en fyrir útlitið, til dæmis þegar ég er að keyra."

Hvað ertu að gera í sumar? „Æfa fóbolta og svo er ég vélamaður í Gufuneskirkjugarði, en ég mun sennilega ekki nota Ray Ban gleraugun í vinnunni. Ef veðrið verður áfram svona gott þá splæsi ég í ódýrari gleraugu til að nota í vinnunni í sumar."

Læturðu sjá þig með sólgleraugun innandyra? „Nei, alls ekki," segir hann hlæjandi. „Það þykir ekki svalt."

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Jói Kjartans

Ég fæ ofbirtu í augun af eyðslu Íslendinga, þessi sólgleraugu fékk ég í Góða hirðinum á 50 krónur," segir Jói Kjartans, ljósmyndari og grafískur hönnuður hjá hönnunarstúdíóinu Narfa, en hann kallar sólgleraugun „skuldagleraugun". „Ég set þau upp þegar kortið er farið að ofhitna, til að minna mig á," segir hann hlæjandi. „Ég á ekki mörg sólgleraugu og er duglegur að týna þeim. Síðustu sólgleraugu sem mér þótti vænt um var ég með í láni. Ég þarf því að grípa til skuldagleraugnanna í sumar."

Hvað ertu að gera í sumar? „Núna er ég að skjóta Gus Gus myndband á Eyrarbakka og fer til Hróarskeldu í næstu viku að vinna verkefni fyrir Lifeproject. Samhliða því verð ég að sýna í Skotinu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur."

Lætur þú sjá þig með sólgeraugu innandyra? „Nei."

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áskell Harðarson

Þetta eru næst-uppáhaldssólgleraugun mín, pabbi stal uppáhaldssólgleraugunum mínum og tók þau með sér til Spánar," segir Áskell Harðarson, plötusnúður og búðarmaður. „Þessi eru úr Spúútnik og súperkúl. Ég á svona fimm, sex stykki, flest keypt þegar ég er að ferðast, það er alltaf gaman að kaupa sér sólgleraugu."

Hvað ertu að gera í sumar? „Ég er að vinna í Spúútnik og er að plötusnúðast út um allt eins og brjálæðingur núna,"

Notarðu sólgleraugu þegar þú plötusnúðast? „Nei, svo gott er það nú ekki," segir hann hlæjandi.

Læturðu sjá þig með sólgleraugu innandyra? „Nei, ég er mjög viðkvæmur fyrir því. Finnst það svolítið hallærislegt, eins og fólk sé að fela eitthvað. Sumir „púlla það" kannski, en ekki ég."

Julie Gilhart skartar armbandi Rósu

EIN ÁHRIFAMESTA KONA TÍSKUHEIMSINS BAR SKART RÓSU HELGADÓTTUR Í VEISLU DONNU KARAN Í NEW YORK

„Ég er blind á fræga fólkið þegar það kemur til mín í búðina, en systir mín fletti yfir nýjar myndir á Style.com og tók strax eftir gúmmíblúnduarmbandinu mínu á Julie Gilhart," segir textílhönnuðurinn Rósa Helgadóttir hjá Rósu Design á Skólavörðustíg.

Ein af áhrifamestu konum tískuheimisins bar skart hennar á Stephan Weiss Apple-verðlaunaafhendingunni í New York fyrr í júní, sem haldin var í minningu eiginmanns tískuhönnuðarins Donnu Karan. Meðal frægra gesta voru Bill Clinton, Sarah Jessica Parker, Demi Moore, Michael Douglas og Keith Richards.

Julie Gilhart er þekkt fyrir að hafa auga fyrir flottum hlutum og koma á framfæri óþekktum hönnuðum, en hún stýrði meðal annars innkaupum hjá Barneys New York um árabil.

- þlg

5.000 kr. dagur í Flash

Síðir sumarkjólar 5000 kr.

Gallabuxur háar í mittið 5000 kr.

Galla kvartbuxur 5000 kr.

Galla pils 5000 kr.

Mussur Frakkar Kjólar Og margt margt fleira á aðeins 5000 kr.

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Við erum á facebook. Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

Beint flug frá Keflavík

Síðustu sætin Eistlandi

Tallinn Eistlandi

- miðaldaborg frá 11. öld,16.-24. júlí

Verð einungis 44.900 kr. (flug með skatti)

Verð 78.800 kr. á mann i 2ja manna herbergi.

Innifalið flug, skattar, hótel, fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.

Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav´s kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.

Eistland og Lettland

Miðaldir - 16.-24. júlí

2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum i gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.

Verð 148.900 kr. á mann i 2ja manna herbergi.

Innifalið; Fararstjóri, flug og skattar, hótel, allar skoðunarferðir

Trans - Atlantic

Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig i ferðum til Eistrasaltslanda

www.transatlantic.is

spænskir dagar í júní

fimm rétta spænskur matseðill með sérvöldum vínum

101 hotel reykjavik

borðapantanir í síma: 5800 101 101hotel@101hotel.is www.101hotel.is

101 gæðastund - allir drykkir á hálfvirði frá 17.00-19.00 alla daga

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn

FLEETWOOD Evolution e1. Árgerð 2009. Sólarsella, markísa. Verð 2.500.000. Rnr.163876. Mikið úrval af ferðavögnum á staðnum.

SKOÐAR ÖLL SKIPTI
PORSCHE Boxster s . Árgerð 2003, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.500.000. Rnr.121688. Góðir lána möguleikar.

SJÁLFSKIPTUR
FORD FOCUS TREND station. Árgerð 2004, ekinn 100 Þ.KM, bensín. Verð 990.000. Rnr.202380.

TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35". Árgerð 2008, ekinn 91 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.950.000. Rnr.164126.

TOYOTA Hilux double cab 35". Árgerð 2008, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.164125.

100% Visa/Euro lán í boði
ALPEN KREUZER Duet. Árgerð 1991. Eldhús, fortjald. Verð 299.000. Rnr.202377.

100% Visa/Euro lán í boði
RACLET Escapade. Árgerð 2000, Fortjald. Verð 540.000.- Rnr.202303. TILBOÐ 449.000.-

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

HEIMSBÍLAR

MAZDA 6. Árg. 2006, ek. 93 Þ, sjálfs.loftkæling, álfelgur. V. 1.890þ Rnr.143081.TILBOÐ 1.650. MJÖG GÓÐ KAUP. uppl í s. 567-4000

CADILLAC Escalade. Árg. 2002, ek. 129 Þ, ssk, 7 manna. V. 2.190.000. Rnr.330571.skoðar skipti á ódýari, uppl í s 567-4000

HYUNDAI Terracan glx. Árg. 2005, ekinn 80 Þ. dísel, 5 gírar. V. 2.790.000. Rnr.330363. MJÖG GOTT STAÐGREIÐSV. uppl í s. 567-4000

MMC Pajero did dakar. Árg. 2005, ek. 98 Þ, dísel, SSK. krókur, leður/rúskin, loftkæling. 7 manna. allt nýtt í bremsum, ný kælirör, allur nýyfirfarinn Verð 3.990.000. Rnr.330412.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

Toyota Land Cruiser 200 Vx Dísel. 1 / 2008, Svartur , ekinn 62 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 11.9m, 20" álfelgur, 7 manna, leður, xenon ofl. Er á staðnum.

Land Rover Discovery 3 Dísel G4 7 manna. 8 / 2007, ekinn 59þ.km, Sjálfskiptur. Verð 6.790 Leður, Hiti í fram og aftursætum, dráttarkrókur ofl. Er á staðnum.

AUDI TT 2007 árgerð UMBOÐSBÍLL
Nýja lagið, Leður, Xenon, Bakkskynjari, 18" álfelgur, Ný dekk, Sjálfsk eða Sportbeinsk í stýri, 4 sæta, ek. 78þ. km, Loftkæling, Vindskeið ofl ofl. Toppeintak Verð 5 milljónir Ath skipti S. eftir lokun 663 2430

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

VW GOLF GTI 1.8 TURBO ÁRG 1.2000 EK 153 RECARO INNRÉTTING OG TOPPLÚGA Þ VERÐ TILBOÐ 690 Þ STGR Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

Arnarbílar ehf
Hamarshöfða 1, 110
Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100 bílar bílasala
100bilar.is

VW Touareg 2 V6, árg 2/2008, ek 34þús.km, 281hö, leður, lúga, rafmagn í afturhlera, omfl, Mjög flottur og vel búinn bíll, Ásett verð 6890þús.kr, Rnr 115305, Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00,
Lokað á laugardögum.
www.100bilar.is

Bílamarkaðurinn

ATH erum með staðgreiðslu kaupendur af

Nissan terrano 2000-2005 og

Toyotu Yaris 1300 2006-2008

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Bílar til sölu

Til sölu Toyota Avensis árg. 2006. Ek. 128þ.km. Verð 1980 þús. Skoða skipti á ódýrari. Topp fjölskyldubíll. Uppl. Í síma 823-4444.

50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.

Til sölu Ford Rimor lágþekja árgerð 2006 ekinn 34 þ.km. Dísel,sjálfskiptur,afturhjóladrifinn,stór sólarsella verð 7,8 milj. uppl. 775-8212 og 897-0490.

Zuzuki Jimny
Nýsk. 5/9 03, ek. 86.000, ssk, sk. 12. Dk, aukad, smurb, 2 eig. Verð 820.000, gott ástand. S: 892-2055

Ford Transit með krana!!!!!!
Til sölu Frod Transit 125-350 diesel árg. 2002 ekinn ca 140 þ km 5 gíra skoðaður 2012 er á tvöföldu að aftan, bíll mikið endurnýjaður s.s. turbína, vél, kúpling, spíssar, olíuverk og .fl á pallinum er áfastur Hiab krani, bíll í góðu standi verð 2.200.000 með vsk uppl. í síms 861-7600.

Sjálfskiptur á 390.000-
Mazda 323 árg 4/1999 ekinn 150 þ. km sjálfskiptur 5 dyra krókur CD filmur álfelgur skoðaður 2012 vetrardekk fylgja verð 390.000- uppl. í síma 861-7600.

2001 á 190.000-
Lada 111 wagon árgerð 2001 ekinn ca 40þ km 5 gíra skoðaður 2012 verð 190.000- uppl. í síma 861-7600.

7 manna á 790.000-
Chrysler Town and Country árg 99 ekinn 102 þ m sjálfskiptur leður 7 manna álfelgur skoðaður 2012 verð 790.000 stgr upplí síms 861-7600

Góður bíll!!!!!
BMW 730iA árgerð 92 ekinn 190 þ km sjálfskiptur CD 2 gangar af álfelgum skoðaður 2012 gott eintak verð 790.000- ath skipti á ódýrari upplí síma 849-6691

VW Transporter árg.'07. Sjálfsk, ek. 285þús. Rafmagnshurð, samlitur, 9 sæta. Yfirtaka á láni Uppl. 893 4414.

Michubishi colt, 93' árg. 170 þús. Ný skoðaður. Verð 190 þús. Uppl. í síma 869 6361.

7 MANNA - 4X4-HYUNDAI H-1 "99 Ekin 150.000 km á vél. Verð.550.000 kr. S:7707997

Suzuki Grand Vitara árg. 2007, bensín, sjálfskiptur fæst gegn yfirtöku á láni. Upplýsningar í síma 659-4657

Til sölu Subaru Legacy árg.'97, ek. 189 þús. Ásett verð 300 þús. Uppl. í s. 868 2466.

Nissan sunny, ný sk. í fínu standi, ný dekk, 95' árg. Ek. 170 þús. Verð 170 þús. Uppl. í síma 864 6587.

0-250 þús.

!!TILBOÐ 250 ÞÚS!!!
VW POLO COMFORTLINE árg'00 ek.144 þús,5 dyra,beinskiptur,lítur vel út,þarf að gera við púst! ásett verð 490 þús á bílasölu TILBOÐ 250 ÞÚS ekkert prútt! s.691 9374

150 þús!
KIA SPORTAGE 4x4 árg'96 2.0 beinskiptur,dráttarkrokur,skoðaður 2012,í góðu lagi! TILBOÐ 150 þús stgr! ekkert prútt! s.691 9374

Einn góður í ferðalagið, Hyundai Sonata, árg. 00, ekinn 160þ, ný skoðaður, verð 220 þús S: 692-9572.

Bíll óskast á 25 - 150 þ. Þarf að vera skoðaður og gangfær. Hringið/SMS í S: 8430422

250-499 þús.

Suzuki Jinmy árg. 2000 til sölu. Keyrður 84000 km. Gulur á litinn. 691 4202

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa 20 - 35 manna rútu, afhending ekki síðar en 15 ágúst. Aðeins góður - nýlegur bíll kemur til greina. uppl. í síma 892-8888.

Óska Óska
Eftir ódýrum bíl ekki eldri en '98. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 899 9066.

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir að kaupa Suzuki Jimny árgerð 2004-2008. Uppl. í síma 822 1216.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þús. Ekki eldri en 2000. Má þarfnast lagfæringar. S: 866 0784.

Subaru Legacy óskast!
99-2003 sjálfskiptann station, ekinn undir 170 þús, má þarfnast smá lagfæringa,200-700 þús staðgreitt í boði fyrir rettan bíl s.691 9374

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar

Man 33 464 árg.'00 ek. 252 þús , pallur og stóll. Hiba 166 árg'03 er á hraðfestingum, góður krani. Sigga vagn árg'98 í topp standi. Til greina kemur að taka vel útbúinn húsbíl eða hjólhýsi uppí. Uppl. Páll 895 6337 & Sverrir 690 7141.

Mótorhjól

Harley Davidson - Fat Boy Hjólið er ekið 8500 km og er 100 ára afmælisútgáfan með mikið af auka krómi. Lítur mjög vel út. Tilboð kr. 1.950 þús stgr. Uppl. í s. 772 0202.

Mótorhjól susuki boluward árg. '05 800 cub ek. 7000 míl grá sans. Töskur, glerhlíf, topphjól, gott fyrir byrjendur. byrjendur. Verð 890 þús. Tilboðsverð 800 þús. S. 868 2352.

Sérþekking á gönguskóm mikilvæg

Verslunin Útilíf býður upp á gönguskó frá fjölmörgum framleiðendum eins og Meindl, Trezeta, Lowa, Scarpa og TNF. Starfsfólk verslunarinnar er auk þess sérþjálfað til þess að veita fólki aðstoð við val á skóm.

„Við tölum oft um tvo flokka af gönguskóm og oft þarf fólk að eiga mismunandi gerðir ef það gengur mikið," segir Helgi hjá Útilíf. MYND/STEFÁN

VAL Á SKÓM MIÐAR VIÐ ÞARFIR

„Það er mjög mikilvægt að fólk velji gönguskó sem passa, bæði fæti þess og þeirri tegund af göngum sem það stundar," segir Helgi Ben, vörustjóri í Útilífi, og heldur áfram. „Við tölum oft um tvo flokka af gönguskóm og oft þarf fólk að eiga mismunandi gerðir ef það gengur mikið. Fyrstu skórnir eru léttir og mjúkir og það er gott að ferðast í þeim og ganga í á léttum göngustígum. Þá eru það hálfstífir skór, oft úr leðri og fóðraðir með Gore-Tex sem henta mjög oft vegna þess að aðstæður krefjast þess, bæði landslag og veðrátta hér á landi. Þetta eru vel vatnsvarðir skór með grófari og stífari sóla, til þess að fá gott grip. Þeir eru einnig með góðum ökklastuðningi og hægt er að nota á þá mannbrodda."

AÐ KAUPA GÖNGUSKÓ OG MÁTA

Helgi segir að fólk eigi að kaupa skó miðað við notkun. „Það er best fyrir fólk í leit að gönguskóm að fara í verslun sem hefur nóg úrval, eins og við höfum í Útilífi, máta hinar ýmsu tegundir og leita ráða hjá afgreiðslufólki sem hefur þekkingu á gönguskóm. Ef það er óöruggt um hvers konar gerð henti því er öruggara að kaupa skógerðina fyrir ofan því hana er frekar hægt að nota við mismunandi aðstæður." Helgi bendir einnig á að sokkarnir séu mikilvægir. „Í gönguferðum eru notaðir þykkari sokkar en við notum dags daglega og gjarnan úr ullar-blönduðum efnum, því að tilgangurinn er sá að losa raka frá fætinum. Göngusokkar eru einnig eins og demparar en þeir eru þykkari undir il og hæl. Þeir eyðast og því þarf að skipta þeim út þegar þeir missa eiginleikana. Varðandi stærðina á gönguskónum þá þarf fólk oftast að taka ½ -1 númeri stærra af þeim en venjulegum götuskóm. Mikilvægt er að gott rými sé fyrir tær, en jafnframt þarf hællinn að vera fastur í skónum."

MEÐFERÐ OG VIÐHALD

Góð meðferð og viðhald á skónum er mjög mikilvægt. „Það þarf að gæta þess að bera á leður og yfirefni með til þess gerðum efnum sem vatnsverja og næra leðrið. Nefna má sérstaklega úrval af hentugum efnum frá Grangers. Þá þarf að fylgjast með sólanum, því að með tímanum slitnar hann og eyðileggst og þá þarf að skipta um skó, þar sem það getur reynst hættulegt þegar sólinn hættir að grípa."

SKÓRNIR FRÁ MEINDL

„Meindl-skórnir eru framleiddir í Suður-Þýskalandi við rætur Alpanna og eru í sama klassa og Mercedes Benz og BMW," segir Helgi og brosir. „Við í Útilífi erum búin að vera með þetta skómerki í um 25 ár og það hefur mælst mjög vel fyrir hjá Íslendingum, enda er þetta úrvals framleiðandi. Meindl hefur komið sérstaklega vel út í öllum samanburðarprófunum og hefur hvað besta umtalið í þessum geira. Meindl á sér um 300 ára gamla sögu og notar fyrirtækið aðeins gæðaefni og frágangurinn hjá því er til fyrirmyndar. Sniðið á skónum hentar líka Íslendingum sérstaklega vel en skórnir eru frekar breiðir."

Skipulagðar göngur verða víða um land í tilefni af Jónsmessu. MYND/GVA

Gengið inn í Jónsmessu

Jónsmessan er á morgun og af því tilefni verða fjölbreyttar gönguferðir víða um land.

Jónsmessan er fæðingarhátíð Jóhannesar skírara og þaðan er nafn hátíðarinnar fengið, enda var hann oft nefndur Jón eða Jóan skírari. Dagsetningu Jónsmessu má rekja til ákvörðunar Rómarkirkju um að halda skyldi upp á fæðingardaga Jesú Krists og Jóhannesar skírara á fornum sólstöðuhátíðum, á stysta og lengsta degi ársins á norðurhveli jarðar.

Hátíðarhald á Jónsmessu hérlendis hefur löngum verið minna en sunnar í Evrópu. Í Evrópu var Jónsmessan mikil alþýðuhátíð með brennum og dansi sem gjarnan tengdust yfirnáttúrulegum verum, nornum og djöflum.

Ísland býður nú upp á ýmsar gönguferðir kringum Jónsmessu í hinum ýmsu landshlutum, þar má meðal annars nefna:

● Menningarnefnd Seltjarnarnesbæjar hefur skipulagt Jónsmessugöngu sem hefst klukkan 20 í kvöld í Plútóbrekku. Að þessu sinni verður húsasöguganga um Framnesið.

● Jónsmessuganga verður einnig í Garðinum í kvöld og hefst klukkan 21. Mæting er við veitingahúsið Tvo vita og gengið frá Stóra-Hólmi að Garðskagavita.

Framnesið á Seltjarnarnesi verður gengið í kvöld. MYND/PJETUR

● Rauðanesganga á Jónsmessunótt verður í Þistilfirðinum í kvöld. Lagt verður af stað frá byrjunarreit merktrar gönguleiðar um Rauðanesið klukkan 22.

● Ferðafélag barnanna býður upp á gönguferð á Vífilsfell á morgun. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 klukkan 18. Álfadans og leikir, lifandi tónlist og dulúðug stemning einkennir gönguna.

● Jónsmessuganga í Ölfusi verður farin á morgun í tilefni af alþjóðlegu ári skóga 2011. Lagt verður af stað frá bænum Gljúfri í Ölfusi klukkan 20 og gengið um skógræktina. Skógarbændur, skógræktarbændur og aðrir með græna fingur eru velkomnir.

● Gönguklúbbur Seyðisfjarðar efnir til gönguferðar á morgun. Gengið verður um gamla jeppaslóð frá Selsstöðum út á Brimnes og til baka. Gangan hefst klukkan 20.



● Árleg Jónsmessuganga 24x24 verður farin á laugardag og hefst klukkan 7, en farið verður um Siglufjörð og nágrenni. Gengið verður frá Strákum, suður eftir fjallseggjunum og fyrir fjörðinn og norður eftir Siglunesi. Stefnt er að því að vera þar um miðnæturbil og njóta miðnætursólarinnar. Siglt verður til baka til Siglufjarðar.

● Hin árlega Jónsmessuganga á fjallið Þorbjörn er á laugardag. Lagt verður af stað klukkan 20.30 frá Sundlaug Grindavíkur. Vignir og Hreimur munu skemmta með söng og spili við varðeld hjá fjallinu. Gangan endar í Bláa lóninu. *-mmf*

● **ALLUR ER VARINN GÓÐUR** Hafðu eftirfarandi hollráð í huga áður en þú leggur upp í göngu:

● Frystu vatn á flösku og geymdu hana svo í ullarsokk til að halda vatninu köldu yfir daginn.

● Vertu alltaf með armbandsúr í gönguferðum. Það hjálpar til við að reikna út hraða göngunnar til að halda ferðaáætlun í skorðum.

● Hafðu ávallt meðferðis lítið vasaljós ef ferðaáætlun breytist og myrkur skellur á.

● Farðu aldrei í gönguferð án þess að taka með varabirgðir af mat og drykk. Þú þakkar fyrir forsjálnina þegar lengist óvænt í ferðinni.

● Ávextir, eins og appelsínur, epli, perur og plómur, styðja vel við vatnsbúskap líkamans.

● Taktu farsímann með í gönguna. Hann kemur sér vel ef kalla þarf á hjálp í nauðum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.

Það er margt að óttast á hættulegustu gönguleiðum heims, eins og þverhnípi, þröng göng, fúnar hengibrýr, óstöðuga kletta og soltin bjarndýr.

5 hættulegustu gönguleiðir heims

KODOKA-LEIÐIN Í PAPÚA NÝJU-GÍNEU

Þessi fjandsamlega, afskekkta og langa gönguleið er talin sú lífshættulegasta í heimi. Þar er ósennilegt að einhver leiti að þér eða bjargi úr nauðum fyrr en að löngum tíma liðnum. Leiðin liggur um himinhátt fjalllendi, en einkum þeir sem eru vel að sér í sögu láta ekki hættuförina stoppa sig því á Kodoka fór fram orrusta Japana og Ástrala í seinni heimstyrjöldinni. Draumóramenn segjast mæta hryllilegum draugum á leiðinni. Vertu viðbúinn öfgaveðráttu, ísköldum nóttum og kæfandi hita á daginn. Önnur skæð heilsufarsógn er malaría og fleiri hitabeltissjúkdómar.

EL CAMINITO DEL REY Á SPÁNI

Einn hættulegasti göngustígur heims liggur utan í háum, þverhníptum klettum ofan við örmjótt vatnsfall. Hann var upphaflega lagður fyrir verkamenn við vatnsfallsvirkjun og er innan við metri á breidd. Hættur liggja helst í niðurníðslu stígsins þar sem stór stykki hafa hrunið úr honum og mikið er um ryðgaða bita og óvarðar klettasyllur, þar sem auðvelt er að hrapa fram af. Það eina sem gerir gönguferðina mögulega eru gamlir kaplar sem festir voru í bergið.

HUASHAN-FJALL Í KÍNA

SÁ FRJÁLSLEGI ferðaháttur okkar er þó varla raunhæfur lengur. Nýjustu tölur FÍB segja okkur að greiða þurfi 70 prósentum meira fyrir akstur hringinn um landið í dag, en þurfti fyrir fjórum árum! Þetta las ég hér í blaðinu í gær. Bensínlítrinn hefur hækkað um 110 kall síðan 2007 og ríkið slær ekki af skattheimtunni af dropanum. Nú er svo komið að ekki er hægt að leyfa sér akstur þvers og kruss um landið eftir því hvar sólinni þóknast að sýna sig. Við komumst í mesta lagi á einn eða tvo staði, sem liggja þá í heppilegri fjarlægð frá heimilinu. Sumir munu alls ekki komast neitt.

ÍSLENSK ferðaþjónustufyrirtæki munu mörg hver ekki þrífast í sumar. Vegasjoppur gætu jafnvel þurft að loka, því ef splæsa á í bensín tekur fólk með sér nesti. Það verður ekkert afgangs til að kaupa pylsur með öllu. Íslenskir krakkar læra ekki örnefnin í landinu, þekkja ekki sýslumörk og rugla saman Þórshöfn og Þorlákshöfn, Bárðardal og Búðardal, Bíldudal og Breiðdal.

UTANLANDSFERÐIRNAR rándýru eru skyndilega ekki orðnar svo dýrar ef horft er á kostnað við hringferð um landið. Á suðlægum slóðum er meira að segja hægt að treysta á að sólin skíni á sama stað, marga daga í röð.

Jákvæðar fréttir fyrir sumarið

Þú færð Fréttablaðið á 37 stöðum á Norðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

N1, Staðarskáli, Hrútafirði
Reykjaskóli, Hrútafirði
Kaupfélagið, Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1, Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Samkaup Úrval, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Samkaup Úrval, Skagaströnd
N1, Sauðárkróki
Shell skáli, Sauðárkróki
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Varmahlíð
Samkaup Úrval, Siglufirði
N1, Akureyri
Bónus, Naustahverfi, Akureyri
Tíu ellefu, Akureyri
Olís, Akureyri
Brauðgerð KR. Jónssonar, Ak.
Bláa kannan, Akureyri
Nettó, Akureyri
Samkaup Strax, Byggðavegi
Samkaup Strax, Borgarbraut
Bónus, Akureyri
Olís, Dalvík
N1, Dalvík
Samkaup Úrval, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Samkaup Úrval, Ólafsfirði
N1, Húsavík
Olís, Húsavík
Shell skáli, Húsavík
Samkaup Úrval, Húsavík
Kaskó, Húsavík
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.

*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

Leikhópurinn Lotta verður á ferð um landið í allt sumar og sýnir

Mjallhvíti og dvergana sjö.

Fylgist með á Facebook og á www.leikhopurinnlotta.is

Norðurland

15. júní	miðvikudagur	kl. 18	Hvammstangi
16. júní	fimmtudagur	kl. 18	Blönduós
17. júní	föstudagur	kl. 11	Akureyri
17. júní	föstudagur	kl. 17	Akureyri
18. júní	laugardagur	kl. 16	Húsavík
20. júní	mánudagur	kl. 18	Ólafsfjörður
21. júní	þriðjudagur	kl. 18	Sauðárkrókur
21. júlí	fimmtudagur	kl. 18	Vopnafjörður
22. júlí	föstudagur	kl. 18	Mývatnssveit
23. júlí	laugardagur	kl. 13	Húsavík, Mærudagar
23. júlí	laugardagur	kl. 17	Húsavík, Mærudagar
24. júlí	sunnudagur	kl. 16	Akureyri
5. ágúst	föstudagur	kl. 18	Siglufj., Pæjumótið
6. ágúst	laugardagur	kl. 17	Dalvík, Fiskidagurinn mikli

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUMAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

ÁÐEINS EINN Á MANN

4GB MINNISLYKILL

Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

1.490

8GB 3.990 • 16GB 7.990

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

24"BENQ LCD SKJÁR

BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

29.900

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24" LCD

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

1TB FLAKKARI

Ótrúleg tilboðsverð á glæsilegum Seagate, WD og Samsung USB2 flökkurum

9.990

1.5TB 12.900 • 2TB 16.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

ÞORVALDUR RÆÐIR KONU Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður og rithöfundur, leiðir gesti á sunnudag um sýninguna KONA/FEMME - Louise Bourgeois í Listasafni Íslands. Þorvaldur skoðar verkin út frá táknmerkingu myndmálsins og les í verkin með gestum. Hann mun jafnframt rifja upp kynni sín af verkum listakonunnar frá Documenta 9 sýningunni í Kassel árið 1992. Dagskráin hefst klukkan 14.

Tvær nýjar hljóðbækur

Skáldsagan Ljósa eftir Kristínu Steinsdóttur og smásagnasafnið Milli trjánna eftir Gyrði Elíasson eru komin út á hljóðbók á vegum Dimmu.

Ljósa kom út fyrir síðastliðin jól. Þar er rakin saga titilpersónunnar, sem glímir við geðhvarfasýki í kringum aldamótin 1900. Bókin hlaut á dögunum Fjöruverðlaunin. Höfundurinn les söguna.

KRISTÍN STEINSDÓTTIR

Milli trjánna er safn 47 smásagna eftir Gyrði Elíasson. Bókin kom út fyrir jól 2009. Hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Sigurður Skúlason leikari les.

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

15.06.11 - 21.06.11



1 **Allt á floti**
Kajsa Ingemarsson

2 **10 árum yngir á 10 vikum**
Þorbjörg Hafsteinsdóttir

3 **Ég man þig - kilja**
Yrsa Sigurðardóttir



4 **Fimbulkaldur**
Lee Child

5 **Ævintýri góða dátans Svejks**
Jaroslav Hasek



6 **Handbók um íslensku**
Jóhannes B. Sigtryggs., ritst.



7 **Rauðbrystingur - kilja**
Jo Nesbø

8 **Nemesis - kilja**
Jo Nesbø

9 **Óskabarn - Bókin um Jón Sigurðsson** - Brynhildur Þ.

10 **Eyjafjallajökull**
Ari Trausti Guðmundsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

GEORG GUÐNI Málverk hans breyttu íslenskri listasögu og veittu almenningi nýja sýn á náttúruna, að mati myndlistarrýnis Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

MÁLARI EILÍFÐARINNAR

Georg Guðni myndlistarmaður féll frá um liðna helgi, langt fyrir aldur fram. Ragna Sigurðardóttir, myndlistarrýnir Fréttablaðsins, fer yfir feril listamannsins og metur áhrif hans og vægi.

Georg Guðni var fæddur í Reykjavík árið 1961. Hann nam myndlist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1980-85 og við Jan van Eyck Akademie í Maastricht í Hollandi 1985-87. Hann var meðal okkar ástsælustu og eftirsóttustu málara, málverk hans láta engan ósnortinn.

Ferill Georgs Guðna var glæstur allt frá upphafi. Þegar árið 1985 hlaut einkasýning hans í Nýlistasafninu einróma lof gagnrýnenda. Bragi Ásgeirsson skrifaði um ungan myndlistarmann sem „verður væri allrar athygli og stuðnings," og taldi víst að listamaðurinn „ætti eftir að leggja sitthvað til málanna á vettvangi íslenzkrar myndlistar". Þau orð voru ekki ofsögð. Ekki löngu síðar fékk Lars Bohman Gallery i Svíþjóð Georg Guðna á mála hjá sér og sýndi hann verk sín þar alloft en á ferli sínum sýndi hann auk þess verk sín víða um heim, á Norðurlöndunum, í Evrópu, í Bandaríkjunum og víðar.

Georg Guðni var þrisvar sinnum tilnefndur til hinna virtu, norrænu Carnegie-verðlauna og var einnig tilnefndur til Ars Fennica-verðlaunanna í Finnlandi. Málverk eftir hann eru í eigu allra helstu safna hér á landi, að auki mætti nefna Moderna Museet í Stokkhólmi og Nútímalistasafnið í Ósló. Árið 1998 sýndi Georg Guðni á Kjarvalsstöðum, 2003 var haldin yfirlitssýning á verkum hans á Listasafni Íslands og árið 2007 var Georg Guðni með einkasýningu á verkum sínum í Listasafni Akureyrar.

Mikilvægi Georgs Guðna fyrir sögu íslenskrar myndlistar verður seint ofmetið. Hann setti ekki bara mark sitt á listasöguna, hann breytti henni. Og framlag hans takmarkast ekki við listasöguna heldur urðu málverk hans til þess að veita almenningi nýja sýn á íslenska náttúru. Einn á ferð og öllum að óvörum vakti Georg Guðni íslenskt landslagsmálverk úr áratuga dvala, list hans gaf almenningi nýja hugmynd um náttúru landsins.

> Georg Guðni opnaði augu okkar fyrir fegurð og dulúð auðnarinnar, leyndardómum þokuslunginna dala, lýsandi birtu dúnmjúks mosa í dalverpi, máttugu, einföldu formi fjalls.

Við upphaf síðustu aldar tengdust íslensk landslagsmálverk sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar órjúfanlegum böndum. Málurum var í mun að birta landið sem sælureit því slík sýn átti betur við innblásnar hugmyndir sjálfstæðisbaráttunnar. Myndefnið tengdist gjarnan sögu þjóðarinnar og Íslendingasögum. Kjarval var einstakur í málverkum sínum af hinu smáa, hrauni og gróðri, en um miðja öldina hvarf landslagsmálverkið af sjónarsviðinu sem brýnn tjáningarmiðill í myndlist. Það var ekki fyrr en Georg Guðni kom fram með sína sterku og óvæntu sýn að landslagið opnaðist íslenskum myndlistarmönnum á ný sem frjó uppspretta myndverka.

Georg Guðni opnaði augu okkar fyrir fegurð og dulúð auðnarinnar, leyndardómum þokuslunginna dala, lýsandi birtu dúnmjúks mosa í dalverpi, máttugu, einföldu formi fjalls. Náttúran í myndum hans er íslensk og einstök, en inntak listar hans er samruni mannshugans og náttúrunnar. Hann skapaði draumkenndar myndir af jarðbundnum fyrirbærum. Skrifaði í skissubókum sínum um fjöll sem hugarástand sem hann fór inn í og rannsakaði í andanum. Í málverkum hans öðlast hugmyndir um fjarlægðina og andrúmsloftið nýjar víddir. Hvert fjall er öll fjöll, dalir, kvosir, lautir, samnefnarar fyrir fyrirbæri náttúrunnar, möguleikar á ferðalagi hugans.

Á síðustu árum hafa málverk Georgs Guðna öðlast enn víðtækara gildi, í samhengi við nýrri viðhorf til viðkvæmrar náttúru sem svo mikilvægt er að standa vörð um og vernda. Án efa hefur Georg Guðni verið afar meðvitaður um þennan þátt frá upphafi, en atburðir og þróun síðustu ára hafa aðeins staðfest slíka sýn.

Fjölmörg orð má hafa um málverk Georgs Guðna en þau ná ekki að gera list hans skil, málverk hans eru innblásin og ógleymanleg. Skyndilegt fráfall listamannsins á hápunkti glæsilegs ferils er áfall fyrir íslenska myndlist. List Georgs Guðna á sér marga fylgisveina en engan eftirmann. **Ragna Sigurðardóttir**

Undirbúum ævintýri sumarsins!

Kortadagurinn 2011

Verið velkomin til okkar á Fiskislóð 39 í dag

- Sérfræðingar leiðbeina um val á kortum milli kl. 15 og 19
- Kynning og sértilboð á ferða- og handbókum
- Klifurveggur fyrir börnin og grillaðar pylsur milli kl. 17 og 19

BEYONCE KNOWLES

SÆVAR MAGNÚSSON

>Í SPILARANUM

Sævar - Laugardagur í apríl
Varsjárbandalagið - Russian Bride
Beyoncé - 4
Fucked Up - David Comes to Life

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Höfnuðu James Bond

Rokkararnir í Kings of Leon höfnuðu boði um að semja aðallag næstu James Bond-myndar.

Sjálfur 007, Daniel Craig, bað hljómsveitina þrívegis um að semja fyrir sig lagið en varð ekki að ósk sinni. Þrátt fyrir þetta segjast rokkararnir núna vera tilbúnir til að semja lagið enda hafa þeir alltaf viljað prófa að nota strengjahljóðfæri og þetta veiti þeim gott tækifæri til þess. Óvíst er samt hvort þeir fá verkefnið enda líklegt að Craig hafi leitað annað eftir að þeir neituðu honum í þrígang.

Ný heimildarmynd um Kings of Leon er komin út. Hún nefnist Talihina Sky og þar ræða Followill-bræðurnir um uppvöxt sinn í suðurríkjum Bandaríkjanna og leið sína upp á stjörnuhimininn. Sveitin spilaði í Hyde Park í London í gærkvöldi og endurtekur leikinn í kvöld.

KINGS OF LEON Rokkararnir vildu ekki semja lag fyrir James Bond.

>PLATA VIKUNNAR

Ég trúi á þig ★★★★

Bubbi og Sólskuggarnir

„Fjölbreytt og vel heppnað ferðalag inn í heim sálartónlistarinnar.“ - TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Aftur til Rómar

Bandaríski upptökustjórinn og tónlistarmaðurinn Brian Burton, sem er þekktari undir nafninu Dangermouse, er ekki þekktur fyrir að fara hefðbundnar leiðir í tónlistarsköpun sinni. Hann vakti fyrst athygli fyrir The Grey Album sem var sambland af hinu hvíta albúmi Bítlanna og The Black Album með Jay-Z. Hann hefur síðan tekið þátt í mörgum spennandi tónlistarverkefnum, m.a. með Gorillaz og Gnarls Barkley auk þess að vera í dúóinu Broken Bells með James Mercer, leiðtoga The Shins. Nýjasta útspil Dangermouse er platan Rome, gerð með ítalska tónlistarmanninum Daniele Luppi, sem er þekktur í heimalandinu bæði fyrir popp og kvikmyndatónlist.

FARSÆLT SAMSTARF Jack White, Norah Jones, Dangermouse og Daniele Luppi.

Ítalinn og Bandaríkjamaðurinn eiga sameiginlegt mikið dálæti á tónlist spaghettívestranna sem Ennio Morricone gerði. Þegar þeir kynntust fyrir fimm árum ákváðu þeir að gera plötu saman sem væri óður til ítalskrar kvikmyndatónlistar sjöunda og áttunda áratugarins. Hugmyndin fékk tíma til að þróast og á endanum ákváðu þeir að gera plötuna með sömu hljóðfæraleikurum og unnu með Morricone á sjöunda áratugnum og taka hana upp í Forum Music Village í miðborg Rómar og nota eingöngu gamladags upptökugræjur. Í Forum Music Village er hið goðsagnakennda Ortophonic hljóðver sem Morricone og fleiri notuðu á sjöunda áratugnum.

Rome kom út í maí. Tónlistin á henni sækir mikið í stemningu og hljóðheim Morricones. Lögin eru samt flest popplög með söngmelódíum og til að syngja þau fengu þeir félagar m.a. Jack White (úr White Stripes) og Noruh Jones. Útkoman er fín plata sem er í senn nútímaleg og gamaldags. Hún á eflaust eftir að draga athygli margra hlustenda að þeirri frábæru tónlist sem Morricone og fleiri gerðu á sjöunda áratugnum.

BON IVER Önnur plata Bon Iver, samnefnd hljómsveitinni, er nýkomin út.

Meira af öllu frá Bon Iver

Önnur plata Bon Iver er komin út. Hún var tekin upp í gamalli innisundlaug skammt frá æskuheimili forsprakkans Justins Vernon í Wisconsin-ríki.

Bon Iver hefur gefið út aðra plötu sína og er hún samnefnd hljómsveitinni. Hún var tekin upp í fyrrum dýralæknastofu í bænum Fall Creek í Wisconsin sem forsprakkinn Justin Vernon og bróðir hans keyptu árið 2008 og breyttu í hljóðver. Aðalupptökurýmið er í gamalli innisundlaug sem tengdist læknastofunni. Hljómar ekki ósvipað og Sundlaugin sem Sigur Rós hefur lengi notast við. „Að vinna á þessum stað sem við byggðum upp veitti okkur mikið frelsi,“ sagði Vernon. „Hann er bara fimm kílómetrum frá húsinu þar sem ég ólst upp og bara í tíu mínútna fjarlægð frá barnum þar sem foreldrar mínir kynntust.“

Hinn þrítugi Vernon stofnaði Bon Iver árið 2007 eftir að hann hætti í þjóðlagabandinu DeYarmon Edison og sömuleiðis með kærustunni sinni. Hann langaði að komast í burtu og flutti upp í fjallakofa föður síns. Þar fékk hann hugmyndina að Bon Iver-nafninu, samdi lágstemmd kassagítarlög og texta þar sem sambandsslitin voru krufin til mergjar. Eftir að hafa fengið góð viðbrögð við lögunum hjá vinum sínum gerði hann samning við fyrirtækið Jagjaguwar sem gaf út plötuna For Emma, Forever Ago árið 2008. Hún fékk mikið lof gagnrýnenda og lagið Skinny Love naut sérstakra vinsælda. Rapparinn Kanye West var einn þeirra sem sperrti eyrum og fékk Vernon til að aðstoða sig á síðustu plötu sinni, My Beautiful Dark Twisted Fantasy, með góðum árangri.

Flottir tónlistarmenn aðstoðuðu Vernon við upptökurnar á nýju plötunni og hann segir þá eiga alveg jafnmikinn hlut í Bon Iver-verkefninu og hann sjálfur. Eiga þeir það sammerkt að hafa unnið með virtum flytjendum á borð við Tom Waits, Arcade Fire, Sufjan Stevens, Antony and the Johnsons og The National.

Útsetningarnar eru fjölbreyttari en áður og elektróník kemur við sögu. Andrúmsloftið er engu að síður svipað og á For Emma, Forever Ago þar sem notaleg falsetturödd Vernons svífur yfir vötnunum. Platan hefur fengið mikið lof gagnrýnenda. The Guardian gefur henni fullt hús, eða fimm stjörnur, Uncut sömuleiðis og Pitchfork splæsir á hana 9,5 í einkunn af 10 mögulegum. Tímaritin Mojo og Q eru einnig hrifin og gefa henni fjórar stjörnur af fimm á meðan Rolling Stone límir á hana þrjár og hálfa stjörnu og segir að á henni sé meira af öllu en á síðustu plötu.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN

Vikuna 16. - 22. júní 2011

Sæti	Flytjandi	Lag
▲ 1	Bubbi Morthens	*Blik augna þinna*
▶ 2	A Friend In London	*New Tomorrow*
▲ 3	Coldplay	*Every Teardrop Is A Waterfall*
▲ 4	Lady Gaga	*The Edge Of Glory*
▶ 5	GusGus	*Over*
▼ 6	Bruno Mars	*Lazy Song*
▲ 7	Memfismafían & Valdimar	*Það styttir alltaf upp*
▲ 8	Rihanna	*California King Bed*
▲ 9	BlazRoca og fl.	*Reykjavíkurnætur*
▲ 10	Aloe Blacc	*I Need A Dollar*

TÓNLISTINN

Vikuna 16. - 22. júní 2011

Sæti	Flytjandi	Plata
▲ 1	Gus Gus	*Arabian Horse*
▼ 2	Bubbi	*Ég trúi á þig*
▶ 3	Ýmsir	*Sjómenn: Íslenskir við erum*
✱ 4	Ýmsir	*Pottþétt 55*
▼ 5	Páll Óskar	*Silfursafnið*
▼ 6	FM Belfast	*Don't Want To Sleep*
▶ 7	Magnús og Jóhann	*Ástin og lífið 1971-2011*
▼ 8	Ýmsir	*Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf*
▼ 9	Valdimar	*Undraland*
▲ 10	Víkingur Heiðar Ólafsson	*Bach / Chopin*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

ÚTILÍF

NORTH FACE TILBOÐ

FRÁBÆR TILBOÐ Á VÖLDUM ÚTIVISTARVÖRUM FRÁ THE NORTH FACE.

THE NORTH FACE ER STÆRSTA ÚTIVISTARMERKI HEIMS.

TILBOÐ: 20% AFSLÁTTUR

TNF BASE CAMP DUFFEL LEIÐANGURSPOKAR.
Sterkir og traustir.
Stærðir M-L-XL.
Almennt verð frá 17.990 kr.

TILBOÐ: 14.990 KR.

TNF ALEUTIAN Hlýr og góður trefjasvefnpoki fyrir sumarið.
Þolmörk: -5°c. Þyngd: 1.545 g
Almennt verð: 17.990 kr.

TILBOÐ: 14.990 KR.

TNF RESOLVE ÚTIVISTAR-JAKKI. HyVent öndunarefni með góðri vatnsvörn. Ýmsir litir. Fáanlegur fyrir dömur og herra. Gott verð.
Almennt verð: 17.990 kr.

TILBOÐ: 47.990 KR.

TNF POINT FIVE 3 LAGA GTX JAKKI. Topp fjalla- og útivistarjakki. Mikil vatnsvörn og góð útöndun. Fáanlegur fyrir dömur og herra.
Almennt verð: 59.990 kr.

TILBOÐ: 20% AFSLÁTTUR

TNF STUTTERMA SKYRTUR
Fljótþornandi og endingargóðar.
Ýmsir litir og mynstur.
Almennt verð frá 9.990 kr.

TILBOÐ: 20.990 KR.

TNF HEDGEHOG GTX III.
Léttir, öflugir og þægilegir.
GTX vatnsvörn.
Fáanlegir fyrir dömur og herra.
Almennt verð: 26.990 kr.

TILBOÐ: 12.990 KR.

TNF RECON DAGPOKI
Með þægilegu baki og vel innréttaður.
Almennt verð: 15.990 kr.

TILBOÐ: 21.990 KR.

TNF APEX TREKKING GÖNGUBUXUR. Vinsælustu göngu- og fjallabuxurnar.
Fáanlegar fyrir dömur og herra.
Almennt verð: 26.990 kr.

TILBOÐ: 12.990 KR.

TNF TREKKER CONV. GÖNGUBUXUR. Hægt að renna skálmum af. Fljótþornandi létt stretch-efni. Fáanlegar fyrir dömur og herra.
Almennt verð: 15.990 kr.

TILBOÐ: 15.990 KR.

TNF STRIDER REGN-/HLÍFÐARBUXUR. Vinsælar regnbuxur úr HyVent öndunrefni. Vatnsvarinn rennilás á hliðum.
Fáanlegar á dömur og herra.
Almennt verð: 19.990 kr.

THE NORTH FACE

ÍSLENSKA SÍA.IS ÚTI 55499 06/11

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

> NÝ MYND FRÁ LOPEZ

Jennifer Lopez er sögð vera í viðræðum um að leika aðahlutverkið í glæpamyndinni Parker þar sem mótleikari hennar yrði harðhausinn Jason Statham. Lopez hefur ekki átt góðu gengi að fagna á hvíta tjaldinu en vill nú snúa þeirri þróun við.

bíó

bio@frettabladid.is

Life of Brian efniviður í nýja mynd

BBC hefur ákveðið að ráðast í gerð kvikmyndar sem fjalla á um fárið í kringum Monty Python-myndina Life of Brian. Handrit eftir Tony Roche er tilbúið og búið er að ráða í helstu hlutverk. Samkvæmt frétt Guardian kemur enginn af meðlimum grínhópsins nálægt myndinni. Þeim hafi þó verið gefið tækifæri til að gera athugasemdir við handrit og koma sínum skoðunum á framfæri.

Life of Brian var frumsýnd árið 1979. Hún segir sögu gyðingsins Brians Cohen sem fyrir misskilning er talinn vera Jesús. Kirkjunnar mönnum fannst þessi hugmynd ekkert fyndin, þvert á móti þótti þeim bresku grínistarnir vera að stunda guðlast og hafa þjáningu Krists í flimtingum. Myndin var að endingu bönnuð á Írlandi og í Noregi auk þess sem nokkur sveitarfélög á Bretlandi neituðu að sýna hana.

Miðpunktur myndarinnar verður frægur umræðuþáttur þar sem Monty Python-liðarnir John Cleese og Michael Palin þurftu að þola miklar árásir af hendi kaþólska blaðamannsins Malcolm Muggeridge og biskupsins Mervyn Stockwood. Þeim Muggeridge og Stockwood var boðið að sjá myndina fyrir umræðuþáttinn en komu korteri of seint. Þeir misstu þar með af upphafinu en þar kemur einmitt fram að Brian og Jesús eru tvær ólíkar persónur.

UMDEILD MYND Life of Brian eftir Monty Python-flokkinn var ákaflega umdeild og nú stendur til að gera kvikmynd um fárið í kringum hana.

Aleinn í álögum

Kvikmyndin Beastly með þeim Alex Pettyfer og Vanessu Hudgens verður frumsýnd um helgina. Myndin byggir á kunnuglegu stefi en hún segir frá unga, ríka og myndarlega pabbastráknum Kyle. Hann á allt sem hugurinn girnist og níðist gjarnan á skólafélögum sínum þegar tækifæri gefst til.

Engin er auðveldari bráð en Kendra, undarleg stúlka sem Kyle niðurlægir á skólaballi. Í ljós kemur að hún er norn og leggur á strákinn þau álög að hann skuli afmyndast. Drengurinn neyðist til að flýja úr skóla og loka sig af í íbúð í New York því eini möguleiki hans til að aflétta álögunum er að hann fái einhvern til að elska sig eins og hann er. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Neil Patrick Harris sem áhorfendur Stöðvar 2 kannast við sem Barney Stinson úr gamanþáttunum How I Met Your Mother.

Vanessa Hudgens er hvað þekktust fyrir leik sinn í söngvamyndunum High School Musical þar sem hún lék á móti fyrrverandi kærasta sínum, Zach Effron. Alex Pettyfer vakti hins vegar fyrst athygli fyrir leik sinn í kvikmyndinni Alex Rider: Operation Stormbreaker en hann lék síðast í hasarmyndinni I Am Number Four. Kvikmyndin Beastly fær 4,9 á imdb.com.

UPPRENNANDI Vanessa Hudgens sló fyrst í gegn í High School Musical. Hún leikur eitt aðalhlutverkanna í Beastly.

Fyrirsætan sem sló í gegn

Með hártoppinn beinstífan upp í loftið heillaði hún áhorfendur er hún lék Mary í myndinni There´s Something About Mary. Það er hin leggjalanga og ljóshærða Cameron Diaz sem leikur aðalhlutverkið í gamanmyndinni Bad Teacher en myndin var frumsýnd hér á landi í gær.

HEILLANDI BROS Fyrirsætan fyrrverandi, Cameron Diaz, verður fertug á næsta ári og þrátt fyrir skort á leikaramenntun er hún meðal vinsælustu leikara í Hollywood í dag.
NORDICPHOTO/GETTY

Það var í byrjun tíunda áratugarins sem Cameron Diaz var send á vegum Elite-fyrirsætuskrifstofunnar í prufur fyrir myndina The Mask. Með enga leikreynslu að baki landaði Diaz aðalkvenhlutverki myndarinnar og skaust hratt upp á stjörnuhimininn í kjölfarið.

Ferilskráin hefur lengst talsvert og inniheldur kvikmyndir á borð við My Best Friend´s Wedding, Being John Malkovich, Vanilla Sky og Gangs of New York ásamt einum af englunum þremur í Charlie´s Angels myndunum. Einnig ljáði Cameron Diaz prinsessunni Fionu, í teiknimyndunum um græna risann Shrek, rödd sína við miklar vinsældir.

Leikkonan hefur toppað lista fjölmiðla yfir fegurstu konur heims og þykir bros hennar á hvíta tjaldinu hafa mikið aðdráttarafl á áhorfendur. Flestar myndir sem hún leikur í hafa rakað inn peningaseðlum en rómantískar gamanmyndir virðast vera hennar sérflokkur.

Nýjasta mynd hennar, Bad Teacher, fellur einmitt undir þann flokk kvikmynda en þar bregður Diaz sér í hlutverk fátæks og drykkfellds kennara, Elisabeth Hasley. Henni leiðist starf sitt óskaplega og leggur sig því ekki mikið fram í vinnunni. Þess vegna einsetur hún sér að næla í forríka forfallakennarann, leikinn af Justin Timberlake, en til þess þarf hún að taka sig á í starfi. Jason Segel, sem er best þekktur úr gamanþáttaröðinni How I Met Your Mother, leikur íþróttakennara sem gerir hosur sínar grænar fyrir Elisabeth án teljandi lukku.

Ekkert lát virðist vera á vinsældum Cameron Diaz sem fagnar fertugsafmæli sínu á næsta ári. Hún er þessa dagana að taka upp myndina Gambit, sem skartar breska leikaranum Colin Firth í aðalhlutverki, en hún verður frumsýnd árið 2012.

alfrun@frettabladid.is

SJÁLFSTÆÐ KONA

Í myndinni Bad Teacher leika Cameron Diaz og Justin Timberlake, fyrrum kærustupari, á móti hvort öðru og hefur það gefið slúðurmiðlum vestanhafs nóg að skrifa um.
Diaz og Timberlake voru saman á árunum 2003-2006 en virðast hafa haldið góðri vináttu sín á milli eftir sambandsslitin. Meira að segja svo góðri að Diaz og Timberlake þóttu sérstaklega innileg á rauða dreglinum við frumsýningu myndarinnar í Berlín í vikunni. Bæði eru þau nýkomin úr sambandi og því ástæða til að halda að einhverjar glæður hafi kviknað á milli þeirra við tökur. Diaz hefur verið kennd við marga menn innan skemmtanaiðnaðarins en ekkert samband virðist endast lengur en í nokkur ár hjá leikkonunni. Leikarinn Matt Dillon, tónlistarmaðurinn Jared Leto, leikarinn Edward Norton og nú síðast hafnaboltastjarnan Alex Rodriguez eru meðal þeirra manna sem Diaz hefur átt í ástarsambandi við. Diaz hefur aldrei gengið upp að altarinu né eignast börn og í viðtölum lýst því yfir að henni þyki hið hefðbundna fjölskyldulíf ekki eftirsóknarvert.

Fox í feluhlutverki hjá Cohen

Bandarísku leikkonunni Megan Fox bregður fyrir í litlu hlutverki í kvikmyndinni The Dictator. John C. Reilly verður í svipuðu hlutverki í myndinni. Ekki liggur fyrir hvers eðlis hlutverkin eru en mikil leynd hvílir yfir tökunum sem standa nú yfir.

The Dictator er nýjasta kvikmynd Sacha Barons Cohen en henni er leikstýrt af Larry Charles, manninum á bak við sjónvarpsþættina Seinfeld og Curb Your Enthusiasm. Hún segir frá arabískum einræðisherra sem hefur kúgað þjóð sína í áratugi. Hann neyðist þó til að flýja land og fær geitahirði, sem raunar er tvífari hans, til að taka við embættinu um stundarsakir. Einræðisherrann ákveður að setjast að í New York þar sem hann reynir að læra nýja siði af íbúum borgarinnar.

Þegar hefur verið tilkynnt að Anna Faris og Sir Ben Kingsley leiki stór hlutverk í myndinni. Cohen hefur auk þess lýst því yfir að myndin sé innblásin af skáldsögu sem talið er að Saddam Hussein hafi skrifað á valdatíma sínum í Írak.

ÞOKKAGYÐJAN OG GRÍNISTINN Megan Fox leikur lítið hlutverk í nýjustu gamanmynd Sacha Baron Cohen, The Dictator.

FIMMTUDAGUR TIL SUNNUDAGS

Tifandi tilboðsbomba byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

24%

DOMO heilsugrill 2000W

Verð áður 16.999
Tilboðsverð 12.999
Þú sparar 4.000

Vinsælasta sumarvaran

50%

GJALLARHORN m/sírenu

Verð áður 2.999
Tilboðsverð 1.500
Þú sparar 1.500

20%

TRISTAR blandari

Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.999
Þú sparar 2.000

Þú sparar 8.750

WEBER gasgrill Q220

Verð áður 69.999
Tilboðsverð 61.249
Þú sparar 8.750

Á að vera til á hverju heimili

40%

NORPRO skafa og saxari

Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.199

Tilvalin brúðkaupsgjöf

40%

BODUM pressukanna og froðusnakkur

Verð áður 9.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 4.000

50%

VEIÐISTANGARSETT

Verð áður 1.999
Tilboðsverð 1.000
Þú sparar 999

Fyrir allar hellur

40%

TRISTAR pönnukökupanna

Verð áður 4.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 2.000

Þekkt merki á ótrúlegu verði

33%

GRUNDIG DEEP BASS Heyrnartól

Verð áður 2.999
Tilboðsverð 1.999
Þú sparar 1.000

25%

KNOPEX CONCERTO Viðarútvarp

Verð áður 7.995
Tilboðsverð 5.995
Þú sparar 2.000

Matreiðslubók og svunta fylgir með 6.805

KITCHEN AID ýmsir litir

Verð áður 82.990
Tilboðsverð 74.490
Þú sparar 8.500

KITCHEN AID hvít

Verð áður 79.990
Tilboðsverð 71.990
Þú sparar 8.000

Öðruvísi bingo fyrir sex

50%

BINGO drykkjuleikur

Verð áður 4.999
Tilboðsverð 2.500
Þú sparar 2.500

Einfalt og ódýrt en virkar

50%

BAKSTUÐNINGUR

Verð áður 2.499
Tilboðsverð 1.250
Þú sparar 1.250

50%

HÁTALARAR f. IPod/mp3

Verð áður 2.997
Tilboðsverð 1.499
Þú sparar 1.498

Þú sparar 5.000

WEBER gasgrill Q100

Verð áður 39.999
Tilboðsverð 34.999
Þú sparar 5.000

Heimilistækjamarkaðurinn allt á lægsta verði aðeins 2.990

40%

Tristar hraðsuðukanna 2000W

25%

Cuisiner brauðrist

40%

Tristar hitablásari 2000W

50%

Tristar handþeytari

40%

Cuisiner eggjasjóðari

Fyrir fupheitt sumar á Íslandi eða annars staðar

50%

HANDVIFTA með bandi

Verð áður 499
Tilboðsverð 250

22%

GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI Nuvi 1440 í bílinn

Verð áður 44.900
Tilboðsverð 34.900
Þú sparar 10.000

29%

TRISTAR rafmagnspanna 30cm

Verð áður 6.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 2.000

33%

EINNOTA MYNDAVÉL 24 myndir

Verð áður 1.499
Tilboðsverð 900

Brúðargjafalisti

Ávinningur brúðhjóna

- INNEIGN: 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
- HAPPDRÆTTI: Glæsilegir vinningar í boði.
- GÓÐGERÐAMÁL: brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.

Fljótur að borga sig upp

43%

FJÖLNOTA RYKSUGUPOKI

Verð áður 1.749
Tilboðsverð 999

Skurðarbretti fylgir með

30%

HNÍFASETT með brýni

Verð áður 4.999
Tilboðsverð 3.499
Þú sparar 1.500

Ódýrari verður hún ekki

29%

EXQUISIT uppþvottavél GSP-8012

Verð áður 84.900
Tilboðsverð 59.900
Þú sparar 25.000

20%

EXQUISIT kæliskápur 177cm

Verð áður 99.900
Tilboðsverð 79.900
Þú sparar 20.000

50%

HÖFUÐKLÓRA ótrúlega þægilegt og ódýrt

Verð áður 749
Tilboðsverð 375

fólk

folk@frettabladid.

250 ÞÚSUND DOLLARAR eru launin sem Jon Hamm fær fyrir hvern þátt í næstu seríu af Mad Men. Samningurinn er til þriggja ára en Hamm hefur farið á kostum í hlutverki hins keðjureykjandi Dons Draper.

STÓRMYND SUMARSINS!

JIM CARREY

MR. POPPER'S PENGUINS

FRÁBÆR GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

KOMIN Í BÍÓ!

SENDU SMS SKEYTIÐ ESL PEN Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA

VILTU VINNA MIÐA?

FULLT AF VINNINGUM:

BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/MRPOPPERS

sena

VÍGALEGIR Þeir Biggi Veira, Högni Egilsson og Stebbi Steph ganga svartklæddir um sandana. MYND/JÓIKJARTANS

GUSGUS GERIR MYNDBAND

Ein vinsælasta hljómsveit landsins, GusGus, tók upp myndband við lag sitt Over í gær en lagið er fyrsta smáskífa plötunnar Arabian Horse. Það var góður hópur fagmanna sem stóð að gerð myndbandsins sem tekið var upp í blíðskaparveðri á Suðurlandi.

Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason sáu um leikstjórn og félagar þeirra á vinnustofunni Narfa framleiddu. Bak við linsuna sat Karl Óskarsson en hann er reyndur tökumaður og hefur gert myndbönd fyrir frægar sveitir eins og Westlife, Hurts, Aha og Björk.

Guðmundur Jörundsson fatahönnuður sá um að klæða þau Daníel Ágúst, Stebba Steph, Bigga Veiru, Högna Egilsson og Urði Hákonardóttur. Spennandi verður að sjá útkomuna enda lagið Over að klifra upp vinsældalistana þessa dagana. - áp

FÖRÐUN Harpa Káradóttir málar Daníel Ágúst á tökustað.

STUND MILLI STRÍÐA Það eru margir sem koma að gerð myndbandsins en hér bíður Daníel eftir að tökur hefjist á meðan Ellen og Guðmundur ræða saman bakgrunni.

Hollensk rúgbrauð á Landsmóti

Hollenskur fornbílaklúbbur með Volkswagen-rúgbrauð og -bjöllur fremst í flokki tekur þátt í Landsmóti Fornbílaklúbbs Íslands sem verður haldið á Selfossi í áttunda sinn um næstu helgi.

Um fimmtíu Hollendingar komu til landsins á 26 loftkældum bílum með Norrænu á sunnudaginn og hafa þeir fikrað sig áfram eftir hringveginum síðustu daga. Klúbburinn kom við í Samgönguminjasafninu Ystafelli í Þingeyjarsveit þar sem vel var tekið á móti þeim. „Þetta var rosalega gaman. Þetta er skemmtilegt fólk. Það borðaði hérna og þeir sem voru lengst stoppuðu í fimm klukkustundir," segir Sverrir Ingólfsson á Ystafelli.

Um 3.500 gestir komu á landsmótið í fyrra og er búist við enn betri þátttöku í ár enda er búist við góðu veðri um helgina. Hópakstur frá Reykjavík á Selfoss verður á föstudagskvöld frá planinu við MS og mun hluti af hollensku bílunum taka þátt í akstrinum. - fb

HJÁ YSTAFELLI Hollensku fornbílarnir á hlaðinu hjá Samgönguminjasafninu Ystafelli í Þingeyjarsveit. MYND/FRIÐGEIR SVERRISSON

Katy Perry

shatter

Lakkið eina umferð af Black Shatter yfir hvaða OPI lakk sem er og fáið fullkomið Katy Perry útlit!

Black Shatter

Prufið OPI lökkin og Black Shatter hjá naglafræðingum **OPI í Hagkaup**

Öll OPI Naglalökk eru með hinum einstaka Pro Wide TM Bursta (einkaleyfi)
INNIHELDUR ENGIN DBP, TOLOURENE EÐA FORMALDEHYDE

O·P·I

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SAMBÍÓIN

VANESSA HUDGENS ALEX PETTYFER NEIL PATRICK HARRIS

FRÁBÆR FJÖLSKYLDU-OG GAMANMYND MEÐ JIM CARREY Í FANTAFORMI. SUMARSMELLURINN Í ÁR!

JIM CARREY MR. POPPER'S PENGUINS

"EF ÞÚ HAFÐIR GAMAN AF TWILIGHT MYNDUNUM, ÞÚ MUNT FALLA FYRIR BEASTLY"

★★★ S.F. CHRONICLE ★★★ MIAMI HERALD

Frábær mynd sem kemur skemmtilega á óvart. Nútíma útgáfa af Beauty and the Beast

FROM WRITER-DIRECTOR J.J. ABRAMS AND PRODUCER STEVEN SPIELBERG ★★★★★ ET WEEKLY SUPER 8

HANGOVER PART II

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU KUNG FU PANDA 2 ★★★★

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
BEASTLY	kl. 6 - 8 - 10:10	10
SUPER 8	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
SUPER 8 Luxus VIP	kl. 8 - 10:20	VIP
THE HANGOVER 2	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali	Sýnd í 3D kl. 6	L
KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali	Sýnd í 2D kl. 6	L
KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali	Sýnd í 2D kl. 10:20 M/texta	L
PIRATES 4	Sýnd í 2D kl. (5:20 VIP) - 8 - 10:40	10
SOMETHING BORROWED	kl. 8	L
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
SUPER 8	kl. 8 - 10:20	12
HANGOVER 2	kl. 8 - 10:20	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
SUPER 8	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
MR. POPPER'S PENGUINS	kl. 5.30 - 8 - 10.20	L
HANGOVER PART II	kl. 8 -10.25	12
X-MEN: FIRST CLASS	kl. 8 -10.45	14
KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D	kl. 5.30	L
PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D	kl. 5	10
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
BEASTLY	kl. 6 - 8 - 10	10
SUPER 8	kl. 5:50 - 8 - 10	12
KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali	Sýnd í 3D kl. 6	L
KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali	Sýnd í 3D kl. 8 Íltextuð	L
THE HANGOVER 2	kl.10:20	12
SAMBÍÓIN SELFOSS		
BRIDESMAIDS	kl. 8 - 10:30	12
SUPER 8	kl. 8 - 10:20	12

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

BAD TEACHER HÚN FER EKKI EFTIR NEINNI KENNSLUBÓK! 14 LÚXUS midi.is

STÓRMYND SUMARSINS! JIM CARREY MR. POPPER'S PENGUINS L LÚXUS midi.is

SUPER 8 12 ★★★★★★★★★ - SÉÐ & HEYRT - KVIKMYNDIR.IS

BRIDESMAIDS 12 ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS

X-MEN FIRST CLASS 12 ★★★★★★★★★ - FRÉTTATÍMINN - KVIKMYNDIR.IS

KUNG FU PANDA 2 L ★★★★ BOX OFFICE MAGAZINE

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR	NÁNAR Á MIÐI.IS	
BAD TEACHER	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	14
BAD TEACHER Í LÚXUS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	14
MR. POPPER´S PENGUINS	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
MR. POPPER´S PENGUINS Í LÚXUS	KL. 3.40	L
SUPER 8	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
BRIDESMAIDS	KL. 8 - 10.40	12
KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3.40 - 5.50	L
KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 3.40	L

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%		
BAD TEACHER	KL. 5.50 - 8 - 10.10	14
MR. POPPER´S PENGUINS	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
WATER FOR ELEPHANTS	KL. 5.30	L
PAUL	KL. 5.50 - 8 - 10.10	12
FAST FIVE	KL. 8 - 10.30	12
BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS		
BAD TEACHER	KL. 6 - 8 - 10	14
MR. POPPER´S PENGUINS	KL. 6 - 8	L
BRIDESMAIDS	KL. 10	12

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

BAD TEACHER 14 MR. POPPER'S PENGUINS L BRIDES MAIDS ★★★½ T.V. - kvikmyndir.is 12

KUNG FU PANDA 2 L ★★★★ BOX OFFICE MAGAZINE

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BAD TEACHER	6, 8 og 10
MR. POPPERS PENGUINS	4, 6 og 8
BRIDES MAIDS	4, 6.30, 9 og 10
KUNG FU PANDA 2 3D	4 - ISL TAL

Verðlaunahafinn Yrsa ásamt Eiríki Brynjólfssyni, foringja hins íslenska glæpasagnafélags. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

GOTT GLÆPASAGNATEITI

Yrsa Sigurðardóttir hlaut Blóðdropann á þriðjudag fyrir bók sína Ég man þig. Bókin verður því framlag Íslands til Norrænu glæpasagnaverðlaunanna, Glerlykilsins. Fjöldi starfsfélaga Yrsu úr glæpasagnaheiminum lét sjá sig í Borgarbókasafninu þar sem afhendingin fór fram til að heiðra Yrsu á þessum merkilegu tímamótum.

Nanna Rögnvaldsdóttir matargúrú ásamt syni sínum Hjalta.

Glæpasagnahöfundurinn Viktor Arnar Ingólfsson með Silju Aðalsteinsdóttur.

Erla Kristín, Sunna Björk, Steinunn H. og Ingibjörg skáluðu í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 23. júní 2011

Tónleikar

12.15 **The Tiny Trio** heldur djasstónleika í **Gerðubergi**. Tríóið flytur helstu perlur Djass-söngbókarinnar. Leikin verður djasstónlist í anda Chet Baker ásamt íslenskum dægurlögum. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

20.00 Djassdívan **Kristjana Stefáns** og trúbadorinn **Svavar Knútur** halda tvenna **Jónsmessutónleika** í **Viðey**. Fyrri hefjast kl. 20 og þeir seinni kl. 23. Miðaverð er kr. 3.000 og far með Viðeyjarferjunni innifalið. Börn á grunnskólaaldri borga kr. 1.000.

20.00 **Friðrik Ómar** og **Jógvan** syngja íslensk og færeysk dægurlög í **Hofi**, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000 og fer miðasala fram á www.menningarhus.is.

21.00 **Aftan festival** verður haldið á **Mamma mía** í Sandgerði. **Bragi Ingimars**, **Johnny and The Band** og **Hobbitarnir** koma fram. Aðgangur er ókeypis og 18 ára aldurstakmark.

22.00 Rafhljómsveitin **Bloodgroup** tekur upp kassagítarinn, spilar með strengjasveit og píanóleikara á **Hvítu perlunni**. Tónleikarnir eru hluti af gogoyoko wireless tónleikaröðinni. Miðaverð er kr. 1.500 og fer miðasala fram í 12 tónum á Skólavörðustíg.

22.00 Hljómsveitirnar **Ferlegheit**, **Eldberg** og **The Vintage Caravan** halda tónleika á **Sódómu**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Opnanir

17.00 **Guðný Hafsteinsdóttir**, leirlistakona og hönnuður, opnar sýninguna **Allt fram streymir.....** í **Kaolín gallerí**, Ingólfsstræti 8. Allir velkomnir.

17.00 Sýningin **Hringekjuþráhyggja** eftir listamennina **Birgi Snæbjörn Birgisson**, **Helgu Hjaltalín Eyjólfsson** og **Helga Þorgils Friðjónsson** opnar í **Studio Stafni**, Ingólfstræti 6. Allir velkomnir.

Bækur

15.00 **Forlagið** heldur sérlegan Kortadag í lagerverslun sinni á **Fiskislóð 39**. Fjölbreytt úrval korta og ferðabóka á frábæru verði. Örn Sigurðsson, rit-stjóri kortaútgáfu Forlagsins og Hans H. Hansen, margverðlaunaður kortagerðamaður, veita ráðgjöf. Klifurveggur fyrir börnin frá kl. 17 og boðið upp á pylsur.

Myndlist

14.00 Sýningunni **Snúið útúr** eftir **Héðin Finnsson** og **Sóleyju Stefánsdóttur** lýkur í dag. Þau skipa hópinn Bæði og sem er einn af listhópum **Hins Hússins 2011**. Sýningin er í Kaffistofunni **nemendagalleri LHÍ**, Hverfisgötu 44. Allir velkomnir.

18.00 Myndlistarmenn í samtökunum **Grósku** bjóða til sýningar við ströndina í **Sjálandi**, Garðabæ. Þema sýningarinnar er ströndin. Hljómsveitir, kórar, varðeldur og ýmsar uppákomur. Allir velkomnir.

20.00 **Hafþór Yngvason**, safnstjóri **Listasafns Reykjavíkur**, leiðir kvöldgöngu við Sæbrautina og segir frá útilistaverkunum sem þar eru. Gangan tekur um klst. og lagt af stað frá **Grófinni**, milli Tryggvagötu 15 og 17. Þátttaka er ókeypis.

Útivist

20.00 **Menningarnefnd Seltjarnarnesbæjar** efnir til hinnar árlegu **Jónsmessugöngu**. Gengið er frá **Plútóbrekku**, húsasöguganga farin um hluta Framnessins, gengið niður að dæluhúsi Hitaveitu Seltjarnarness og loks að bálkestinum í fjörunni við Seltjörn. Harmónikuleikari verður með í för. Þátttaka er ókeypis.

BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

MARY AND MAX	18:00, 20:00, 22:00
THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER	18:00, 20:00, 22:00
HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN?	18:00, 20:00
ROUTE IRISH	22:00
FÍASKÓ (MEÐ ENSKUM TEXTA)	18:00
NORÐ VESTUR (MEÐ ENSKUM TEXTA)	20:00
BÖRN NÁTTÚRUNNAR (MEÐ ENSKUM TEXTA)	22:00

THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER · A SUMMER OF ICELANDIC CINEMA · Mary and Max

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


HÚN FER EKKI EFTIR NEINNI KENNSLUBÓK
CAMERON DIAZ
JUSTIN TIMBERLAKE
OG
JASON SEGEL
BAD TEACHER
TRODDU ÞESSU...
SMS LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SMÁRA BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ
sena
SENDU SMS ESL BAD Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir og fleira!
9. HVER VINNUR!
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

sport

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON og lærisveinar hans í BÍ/Bolungarvík taka á móti Íslandsmeisturum Breiðabliks í kvöld en leikurinn er liður í sextán liða úrslitum Valitor-bikarsins. KR tekur einnig á móti FH í sömu keppni í kvöld en sá leikur er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

KR OG FH Sigurvegari leiksins í kvöld mætir Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dregið í bikarkeppninni:

Keflavík fær KR eða FH

FÓTBOLTI Í gær var dregið í átta liða úrslit Valitors-bikars karla og kvenna. Drátturinn í karlaflokknum var sérstakur því enn á eftir að spila tvo leiki í sextán liða úrslitunum. Þeir leikir fara fram í kvöld.

Sigurvegarinn í leik KR og FH mætir Keflavík sem verður þá stórleikur átta liða úrslita karla. Þeir leikir fara fram 3. júlí.

„Við fáum að fylgjast með KR og FH í sjónvarpinu og getum byrjað að undirbúa okkur eftir þann leik," sagði Haraldur Freyr Guðmundsson, fyrirliði Keflavíkur, við Fréttablaðið.

„Við vitum að við fáum erfiðan leik annaðhvort í Vesturbænum eða Kaplakrika en munum mæta brattir í þá. Við teljum okkur vera með gott lið, hvort sem er fyrir deild eða bikar, og förum fullir sjálfstrausts í leikinn."

Stórleikurinn í kvennaflokki er leikur Vals og Stjörnunnar. Leikirnir í kvennaflokki fara fram 1. júlí.

„Kannski aðeins auðveldara í heimaleik en það er gott að fá leik í Garðabænum. Það er fínt fyrir keppnina að fá stóran leik strax í 8-liða úrslitunum og verður gaman að mæta Val," sagði Þorlákur Árnason, þjálfari Stjörnunnar.

- hbg

Valitor-bikarinn

8-liða úrslit karla:
BÍ/Bolungarvík eða Breiðablik - Þróttur R.
Þór - Grindavík
Fjölnir - ÍBV
KR eða FH - Keflavík

8-liða úrslit kvenna:
Fylkir - FH
Stjarnan - Valur
KR - Grindavík
ÍBV - Afturelding

Æskilegt að þjálfarar tali saman

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að ýmislegt megi læra af þátttöku Íslands á EM U-21 liða og að farið verði yfir hvað hafi gengið vel og hvað megi bæta. Meðal þess sé undirbúningurinn og samstarf þjálfara.

FÓTBOLTI Ísland varð í 5.-6. sæti á EM U-21 liða í Danmörku sem nú stendur yfir. Ísland komst því ekki í undanúrslitin en Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er engu að síður stoltur af árangrinum. „Það er frábært að vera í 5.-6. sæti af 53 þjóðum í Evrópu. Ég er stoltur af strákunum og af frammistöðu þeirra. Við munum svo fara yfir það innan KSÍ, bæði með þjálfarateyminu og landsliðsnefndinni, hvernig til tókst og hvað hefði mátt betur fara," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið.

Lokahópur U-21 liðsins kom saman aðeins þremur dögum fyrir fyrsta leik í Danmörku og er lítill undirbúningur talinn eiga sinn þátt í því að liðið tapaði fyrstu tveimur leikjum sínum. Eftir mótið sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 liðsins, að undirbúningurinn hefði verið of lítill.

Íslandsmótið er líka flaggskip

„Við munum fara yfir það hvort við gátum gert eitthvað betur hvað undirbúninginn varðar," sagði Geir en heil umferð fór fram í Pepsi-deildinni í vikunni fyrir Evrópumeistaramótið. „En það er ljóst að þessi mál eru flóknari en þau virðast í fyrstu. Hefðum við sleppt þessari umferð á Íslandsmótinu hefði verið mánaðarhlé í deildinni. Það tekur enginn slíka ákvörðun auðveldlega og má ekki gleyma því að Íslandsmótið er líka flaggskip íslenskrar knattspyrnu."

Hann bendir einnig á að undirbúningurinn hafi falið í sér meira en bara það að finna æfingadaga fyrir liðið. „Ég held að flestir átti sig ekki á því að landsliðið á ekki rétt á leikmönnunum sem taka þátt í þessu móti. Þessi keppni fer ekki fram á alþjóðlegum leikdögum og því er félögum heimilt að banna sínum leikmönnum að taka þátt. Stór þáttur í okkar undirbúningi var að tryggja að allir okkar bestu leikmenn gætu tekið þátt í mótinu. Okkur tókst það en því var ekki að heilsa hjá öllum, eins og við vitum."

Einstaklingsmunur á þjálfurum

Eyjólfur greindi einnig frá því eftir mótið að hann hefði átt lítið sem ekkert samstarf við Ólaf Jóhannesson, A-landsliðsþjálfara, á meðan á undankeppninni stóð. Fréttablaðið spurði Geir hvort að til stæði að taka þau mál til skoðunar innan KSÍ.

GEIR ÞORSTEINSSON Formaður KSÍ segir að landsliðsþjálfarar hafi sitt frjálsræði til að sinna sínum störfum og því verði ekki breytt. Hins vegar væri æskilegt fyrir þá að starfa saman þegar þess er kostur. Hér er Geir með Ólafi Jóhannessyni, þjálfara A-liðs karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta er flækja sem við þurfum að eiga við en það vorum ekki við sem skópum þessa flækju.
>
> **GEIR ÞORSTEINSSON**
> FORMAÐUR KSÍ

„Samstarf þjálfara og viðræður þeirra á milli eru mjög æskilegar," sagði Geir. „Ég hef hins vegar á löngum ferli í knattspyrnuhreyfingunni séð að þetta er mjög misjafnt á milli þjálfara og meira ráðist af einstaklingunum sjálfum. Sumir hafa sína aðferðarfræði og telja hana rétta. Aðrir trúa á meiri samstarf og samskipti. Hver hefur sína leið."

Alþjóðlegt vandamál

Það sem helst hefur verið rætt um í þessu samhengi er sú togstreita sem var á milli A- og U-21 landsliðsins um forgang á leikmönnum. Geir bendir á að samstarf og samskipti þjálfara snúist ekki um þau mál.

„Að mínu viti er það tvennt ólíkt. Vandamálið með það með hvaða liði leikmenn eiga að spila er ekki íslenskt. Þetta er að stórum hluta til komið vegna þess að leikir A-liðsins, U-21 og jafnvel U-19 liðanna eru allir settir á sömu dagana. Ástæðan er sú að það eru svo fáir alþjóðlegir leikdagar og það umhverfi hafa FIFA og UEFA skapað. Því hafa þessi vandamál komið víðar upp en á Íslandi. Þetta er flækja sem við þurfum að eiga við en það vorum ekki við sem skópum þessa flækju."

Fylgjast með þróuninni

Hins vegar neitar Geir því ekki að æskilegast væri að þjálfarar allra landsliða KSÍ myndu róa í sömu átt.

„Við höfum rætt það að samræma okkar störf í landsliðum og það er allt til skoðunar. Við höfum hins vegar haft þann háttinn á að hver þjálfari hefur sitt frjálsræði og því ætlum við ekki að breyta," sagði Geir og bendir á að það henti til að mynda ekki alltaf að láta öll yngri landsliðin spila sömu leikaðferðina, til að undirbúa leikmenn fyrir það að spila með A-liðinu.

„Flestir okkar þjálfarar hafa verið sammála um að það beri að móta liðið eftir þeim leikmannahópi sem hann hefur hverju sinni. Menn verða þó að fylgjast áfram með gangi mála og hvernig við getum þróað okkar knattspyrnu. Vil ég ekkert útiloka í þeim efnum."

eirikur@frettabladid.is

EYJÓLFUR SVERRISSON Þjálfari U-21 liðs karla.

Byrjaðu góðan dag vel

– Fáðu þér létta ab mjólk á hverjum degi

Létta AB mjólkin er einhver hollasti morgunverður sem völ er á. AB mjólkin inniheldur milljarða gagnlegra mjólkursýrugerla sem valda því að óæskilegir gerlar eiga erfitt uppdráttar í meltingarveginum. Regluleg neysla tryggir að meltingarflóran er alltaf í lagi og ónæmiskerfið starfar með hámarksafköstum.

MYNDA HÚSIÐ / SÍA

Einar Ingi Hrafnsson og Þórey Rósa Stefánsdóttir á leið til Danmerkur:

Mors Thy vill fá Einar í sínar raðir

HANDBOLTI Handboltaparið Einar Ingi Hrafnsson og Þórey Rósa Stefánsdóttir er að öllum líkindum á leið til Danmerkur en þau léku bæði með þýskum liðum síðasta vetur.

Þau komu frá Danmörku í gær þar sem Einar Ingi var í viðræðum við danska úrvalsdeildarliðið Mors Thy sem hefur gert Einari Inga samningstilboð. Einar Ingi tjáði Fréttablaðinu í gær að hann væri svo gott sem búinn að ná saman við danska liðið en þó væru enn lausir endar.

„Ég hef ekki enn ákveðið hvort ég vil fá tveggja ára eða einn plús einn samning. Svo á Þórey eftir að finna sér lið í nágrenninu en það eru einhverjir möguleikar þar í stöðunni," sagði Einar Ingi en unnusta hans ætti nú ekki lenda í vandræðum með að finna sér félag enda öflugur hornamaður sem spilar með íslenska landsliðinu.

EINAR INGI HRAFNSSON Er hér í leik með HK. Hann er að öllu óbreyttu á leið til Danmerkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einar Ingi er öflugur línumaður sem lék með HK og Fram hér heima áður en hann fór til Nordhorn í Þýskalandi. Þar stóð hann sig ágætlega í vetur.

Mors Thy varð í þriðja neðsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar í vetur og þarf því eðlilega að styrkja sig í sumar til þess að geta gert enn betur á næstu leiktíð.

- hbg

Báðir undanúrslitaleikirnir á EM U-21 árs landsliða voru framlengdir í gær:

Spánn og Sviss mætast í úrslitum

FÓTBOLTI Það varð ljóst í gær að Spánn og Sviss mætast í úrslitaleik EM U-21 árs landsliða í Danmörku. Báðir undanúrslitaleikirnir í gær fóru í framlengingu. Spánn vann Hvíta-Rússland 3-1 en Sviss dugði 1-0 sigur á Tékkum.

Leikur Hvít-Rússa og Spánverja var heldur betur dramatískur. Flestir spáðu því að Spánn myndi vinna öruggan sigur. Spánverjar réðu lögum og lofum í leiknum en það voru Hvít-Rússar sem komust óvænt yfir á 37. mínútu er Andrei Voronkov skoraði með laglegu skoti í teignum er hann snéri bakinu í markið.

Rússarnir lágu í vörn í síðari hálfleik og Spánverjum gekk ágætlega að skapa sér færi. Það var svo allt annað mál að nýta færin. Rússarnir virtust vera að landa sigri er Adrian Lopez jafnaði leikinn einni mínútu fyrir leikslok. Hann skoraði þá úr þröngu færi á nærstöng.

Það varð aldrei spurning hvernig leikar færu í framlengingunni. Lopez skoraði aftur rétt fyrir lok fyrri hálfleiks framlengingar og Jeffren bætti þriðja markinu við áður en yfir lauk. Spánverjar í úrslit en Hvít-Rússar létu þá hafa hraustlega fyrir hlutunum.

Leikur Tékka og Svisslendinga var ekki eins skemmtilegur. Bæði lið voru mjög varfærin í sínum leik en sóknarlotur Sviss voru þó beittari. 0-0 í hálfleik í hrútleiðinlegum leik. Síðari hálfleikur var litlu skárri og leikurinn virkaði eins og gott svefnmeðal. Varð því að framlengja.

Í framlengingunni skoraði Admir Mehmedi glæsilegt mark með skoti utan teigs sex mínútum fyrir leikslok og það mark dugði til sigurs. **- hbg**

HETJAN Adrian Lopez fagnar hér jöfnunarmarki sínu sem kom á elleftu stundu. NORDIC PHOTOS/AFP

BARCELONA Sigurvegari Meistaradeildarinnar í ár. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

365 semur um útsendingar:

Meistaradeildin á Stöð 2 Sport

FÓBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, tilkynnti í gær um áframhaldandi samstarf við 365 miðla um útsendingar á Íslandi frá Meistaradeild Evrópu og Evrópudeildinni. Samningurinn er til ársins 2015.

Stöð 2 Sport mun sem fyrr sinna Meistaradeildinni af alúð með fjölda útsendinga sem og með samantektarþætti. Aukið verður við þjónustuna enn frekar á næstu leiktíð.

Áætlaður fjöldi útsendinga frá þessum keppnum er um 300 talsins.

SIGURBERGUR SVEINSSON Söðlar um og fer til Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurbergur Sveinsson:

Samdi við Basel í Sviss

HANDBOLTI Sigurbergur Sveinsson, áður leikmaður Hauka, er genginn til liðs við svissneska félagið RTV 1879 Basel og gerði hann eins árs samning við félagið.

Sigurbergur lék í þýsku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð, fyrst með Rheinland og svo Hannover-Burgdorf. Sigurbergur fór frá fyrrnefnda félaginu vegna fjárhagserfiðleika þess en átti í harðri samkeppni um stöður hjá Hannover-Burgdorf.

Fram kemur á heimasíðu Basel að það eru utanaðkomandi aðilar sem munu greiða laun Sigurbergs en honum er ætlað að fylla skarð svissneska landsliðsmannsins Ruben Schelbert sem gekk í sumar til liðs við Kadetten Schaffhausen.

Björgvin Páll Gústavsson hefur orðið meistari með Shaffhausen síðustu tvö árin en hann er nú genginn til liðs við Magdeburg í Þýskalandi. Basel varð í níunda sæti deildarinnar á síðustu leiktíð.

Hann á að baki 35 leiki með A-landsliði Íslands. **- esá**

VILLAS-BOAS Hefur verið afar farsæll stjóri. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea réð Villas-Boas:

Vinnum saman sem lið

FÓTBOLTI Chelsea tilkynnti í gær að það hefði ráðið Andre Villas-Boas sem knattspyrnustjóra félagsins næstu þrjú árin. Villas-Boas tekur við starfinu af Ítalanum Carlo Ancelotti sem var rekinn.

Villas-Boas kemur til félagsins frá Porto en stjórinn er aðeins 33 ára gamall. Villas-Boas er oft kallaður „litli Mourinho“.

Villas-Boas byrjaði strax á því í gær að undirstrika að árangur Chelsea snérist ekki um hann heldur liðið.

„Ekki búast við því að einn maður geri kraftaverk. Búist frekar við því að við sem lið gerum eitthvað saman. Það skiptir mestu máli. Mín koma skiptir minna máli en áframhaldandi velgengni Chelsea,“ sagði Villas-Boas.

Stjórinn er ekki alveg ókunnugur hjá Chelsea því hann var í þjálfarateymi Jose Mourinho er Mourinho stýrði Chelsea.

„Þessu félagi hefur gengið vel og það er mikil áskorun fyrir mig að halda félaginu áfram á sigurbraut. Ég persónulega er mjög metnaðarfullur og mun gera allt til þess að halda Chelsea á toppnum,“ sagði Villas-Boas. - hbg

Anna Úrsula Guðmundsdóttir

Á leið til Ungverjalands

HANDBOLTI Landsliðslínumaðurinn Anna Úrsula Guðmundsdóttir mun ekki leika með Val á næstu leiktíð því hún er á leið í atvinnumennsku til Ungverjalands.

Valur missir ansi stóran spón úr aski sínum enda Anna Úrsula algjör lykilmaður hjá félaginu og var hún valinn besti leikmaður N1-deildar kvenna síðasta vetur. - hbg

Stjörnumenn eru stórhuga fyrir næsta tímabil og ætla sér beina leið upp í N1-deildina í vetur:

Arnar Jón kominn og líklega fleiri á leiðinni

HANDBOLTI Forráðamenn handknattleiksdeildar Stjörnunnar ætla sér stóra hluti næsta vetur og næstu ár. Stefnan er tekin beint upp í N1-deildina næsta vetur og þar ætlar Stjarnan síðan að festa sig í sessi á nýjan leik.

Skyttan örvhenta, Arnar Jón Agnarsson, hefur ákveðið að semja við sitt gamla félag en hann kemur til liðsins frá þýska B-deildarliðinu Aue þar sem hann stóð sig með miklum sóma síðustu tvö ár. Stjarnan er einnig í viðræðum við hornamanninn Gylfa Gylfason, sem hefur ákveðið að snúa heim frá Þýskalandi eftir langa dvöl þar í landi, sem og línumanninn Harald Þorvarðarson. Þeir Gylfi og Haraldur eru æskufélagar og stefna á að spila saman á næstu leiktíð samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fleiri félög hafa áhuga á þeim félögum.

Svo skilst Fréttablaðinu að Patrekur Jóhannesson hafi gefið vilyrði fyrir því að leika í vörninni með Stjörnunni á næstu leiktíð fari svo að liðið nái að styrkja sig almennilega og metnaður verði í starfinu.

„Konan hafði ekki lengur áhuga á að búa úti og barnið var ekki mikið hjá okkur. Það var því ekki hægt að halda þessu sjómannslífi áfram þó svo það hafi verið skemmtilegt. Það er líka gaman á Íslandi,“ sagði Arnar Jón um ástæður þess að hann ákvað að koma heim. Félag hans, Aue, náði ekki að tryggja sér sæti í nýju B-deildinni í Þýskalandi en Arnar efast ekki um að liðið komist upp í hana næsta vetur.

„Þetta var skemmtilegt og ég fékk mikið út úr því að vera hetja í litlum bæ í Austur-Þýskalandi. Mér gekk fáránlega vel bæði árin. Það var gaman að fara úr frystinum hjá Aroni Kristjáns yfir í að vera hetja í Þýskalandi. Ég get ekki neitað því,“ sagði Arnar sem er spenntur fyrir því að spila með Stjörnunni.

„Ég á ekki von á öðru en að ég fari í Stjörnuna og það koma vonandi fleiri til liðs við félagið á næstu dögum. Ég hef hafnað öðrum félögum og gert munnlegt samkomulag við Stjörnuna. Ég held að þetta verði spennandi vetur í Garðabænum,“ sagði Arnar Jón. - hbg

BÁÐIR Á LEIÐ Í STJÖRNUNA? Arnar Jón, hér í búningi Hauka, er hér í baráttunni við Harald Þorvarðarson hjá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íþróttaferillinn lengdist um mörg ár

Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, ein besta körfuknattleikskona landsins, hefur ákveðið að skipta um íþrótt. Hún stefnir nú á að koma sér í fremstu röð á heimsvísu í kraftlyftingum og jafnvel keppa á Ólympíuleikum.

KRAFTLYFTINGAR Körfuknattleikskonan Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir hefur ákveðið að söðla um og mun nú einbeita sér að því að æfa og keppa í kraftlyftingum. Hún stefnir á að ná langt á heimsvísu og útilokar ekki að keppa á Ólympíuleikum ásamt systur sinni, frjálsíþróttakonunni Helgu Margréti.

„Eins og málin standa núna er ég hætt í körfuboltanum og vonandi gengur mér það vel á nýjum vettvangi að ég verði bara í lyftingunum,“ sagði Guðrún Gróa, sem hefur verið valin besti varnarmaður Iceland Express-deildar kvenna síðustu þrjú ár og orðið bæði Íslands- og bikarmeistari með KR. Síðasta tímabil olli henni hins vegar vonbrigðum.

„Ég hef stundum íhugað að skipta yfir í lyftingarnar og í vetur fór ég að gera það af fullri alvöru. Ég var ekki sátt við sjálfa mig og liðið í vetur. Ég var með hugann við lyftingarnar og langaði einfaldlega til að kýla á það,“ sagði hún en í vetur mætti hún til keppni á Íslandsmóti í kraftlyftingum að morgni til en keppti svo með KR í leik í úrslitakeppninni um kvöldið.

„Það fór ekki vel saman,“ sagði hún og hló. „Það var alveg skelfilegt. Ég myndi ekki leggja í það aftur. Ég hef reynt að taka þetta saman og það gekk ekki upp. Maður þarf hvíld í sólarhring eftir æfingu í kraftlyftingum enda sást það á spilamennsku minni eftir áramót – ég var þreytt og ekki upp á mitt besta.“

Hún segir að það hafi átt ríkan þátt í ákvörðun sinni hversu langt hún geti náð í kraftlyftingunum.

HELGA MARGRÉT Hefur skilað körfuboltaskónum og mun nú einbeita sér að því að keppa í kraftlyftingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég á enn eitt ár eftir í unglingaflokki og ætla ég að nýta næsta ár til að keppa í þeim flokki, bæði á Heims- og Evrópumeistaramóti,“ sagði hin 22 ára gamla Guðrún Gróa sem ætlar að sleppa heimsmeistaramóti unglinga sem fer fram í Kanada í haust. „Mér fannst það fullsnemmt fyrir mig að keppa á því móti. Ég mun því nota tímann fram að næsta keppnisári til að æfa, styrkja mig og aðlaga mig nýrri íþrótt. Þetta er nefnilega svo ótrúlega mikil breyting,“ segir hún og fagnar því að geta enn keppt í unglingaflokki. „Það er mikill kostur og hefur lengt minn íþróttaferil um mörg ár,“ sagði hún og hló.

Hún segir fullar forsendur fyrir því að stefna langt í greininni. „Miðað við mína jafnaldra tel ég að ég geti náð langt á heimsvísu. Ég væri ekki til í að gefa körfuna upp á bátinn ef ég héldi annað.“

Guðrún Gróa segist alltaf hafa verið sterk en að það hafi verið einkaþjálfari hennar, Ingimundur Björgvinsson, sem benti henni á möguleikann á að keppa í kraftlyftingum. „Ég er sterk frá náttúrunnar hendi og hef alltaf verið. Svo benti Ingimundur mér á ýmsar tölur og staðreyndir og þróaðist þetta út frá því.“

Um möguleikann á því að keppa eitt sinn á Ólympíuleikum og þá með systur sinni segir hún að það sé ekki útilokað. „Kraftlyftingar eru eins og er ekki keppnisgrein á Ólympíuleikum vegna þess búnaðar sem notaður er í keppni. Á næsta ári verður hins vegar hætt að nota þennan búnað og gæti því verið að kraftlyftingar fengju aftur inni á Ólympíuleikum árið 2016. Þá er aldrei að vita.“

eirikur@frettabladid.is

WORLD PRESS PHOTO 11

16. júní - 7. júlí í Kringlunni

Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2010.

Opið til 21 í kvöld.

Kringlan NÝHERJI FRÉTTABLAÐIÐ JÓNSSON & LE'MACKS TNT Canon

golf

golfogveidi@frettabladid.is

471 METRI er lengsta teighögg sem mælt hefur verið í sögunni.

114 METRAR er lengsta pútt sem skráð hefur verið í golfsögunni

GOLF & HEILSA

Eru rassvöðvarnir í fríi?

Magni M. Bernhardsson, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Eru rassvöðvarnir í sumarfríi? spyr Magni Bernhardsson kírópraktor sem segir að vöðvarnir gegni mikilvægu hlutverki í golfsveiflunni. Oftar en ekki séu þeir ekki virkir, sem leiði til þess að nálægir vöðvar sinni hlutverki þeirra með miður góðum árangri.

„Algengt er að golfarar fullyrði að rassvöðvarnir séu ekki vandamálið heldur bakið vegna þess að verkurinn er þar en svo er oft ekki því rassvöðvarnir eru í fríi og bakið er látið vinna alla vinnuna, þess vegna er bakið stíft en rassvöðvarnir slakir, segir Magni.

„Rassvöðvarnir ásamt kviðvöðvunum gegna því mikilvæga hlutverki að mynda stöðugleika í golfsveiflunni. Þegar þessir vöðvar eru ekki virkir þá er mikil hætta á að bakmeiðsl myndist ásamt verk í lærvöðva, aftan í læri. Bakmeiðsl eru algengustu meiðsl sem golfarar finna fyrir og geta verið þrálát ef ekkert er að gert."

En hvað er til ráða?

Magni segir að fyrst verði að athuga hvort rassvöðvarnir séu virkir. „Leggist á bakið með iljar á gólfinu, setjið hægri hendi undir hægri rasskinn og vinstri hendi undir vinstri rasskinn. Kreppið rassvöðvann án þess að kreppa bakið eða aftanverða lærvöðva. Ef þú finnur fyrir því að þú kreppir rassvöðvana án þess að kreppa nálæga vöðva þá eru rassvöðvarnir ekki í frí, en ef þú finnur að þú kreppir aðra vöðva með þá er tími kominn á rassæfingar."

Kynslóðaskiptin staðreynd

Með sigri Rory McIlroy á Opna bandaríska meistaramótinu um helgina virðist ljóst að kynslóðaskipti eru að verða í alþjóðlegu golfi. Kollegar Rory spá því að hann muni senn taka við sem fremsti kylfingur samtímans. Hæfileikar hans eru taldir slíkir að fátt geti komið í veg fyrir að hann slái öll met.

„Það eru bara tveir kylfingar sem gera mig agndofa þegar þeir slá boltann. Rory og Tiger," skrifar atvinnukylfingurinn Darren Clarke í ítarlegri grein í Guardian, en tilefni skrifanna er ótrúlegur sigur kylfingsins Rory McIlroy á Opna bandaríska meistaramótinu um helgina. Clarke, og golfheimurinn allur, eru á einu máli um að afrek McIlroy sé aðeins sá fyrsti af fjölmörgum stórsigrum þessa 22 ára pilts frá Norður-Írlandi og spáð er metaregni.

Afrek

Þegar McIlroy ýtti golfbolta sínum niður í lokaholu hins alræmda Congressional-vallar á sunnudaginn var ljóst að hann hafði leikið á 268 höggum eða 16 höggum undir pari, og fjórum höggum betur en Tiger Woods árið 2000. Sú frammistaða hefur verið talin ein sú besta í golfsögunni, enda vann Tiger mótið með 15 höggum. McIlroy varð yngsti sigurvegarinn síðan 1923 og þriðji kylfingurinn í sögu mótsins sem spilar alla mótsdagana undir 70 höggum.

Clarke segir í grein sinni að McIlroy hafi „fáránlega mikla hæfileika". Um frammistöðu hans á mótinu segir Clarke. „Hann lét þetta líta út fyrir að vera barnaleikur."

Aðrir afrekskylfingar taka undir með Clarke því eftir sigurinn um helgina hafa menn keppst við að lofa frammistöðuna. Ekki síst þeir sem deildu vellinum með honum á þessu móti og sigurvegarar liðinna ára.

Mark O´Meara fullyrðir að hann sé mun betri en Tiger á sama aldri; Geoff Ogilvy segir hann langbesta unga kylfinginn sem hann hefur leikið með. Ernie Els var ekki orðmargur en þetta misskilst ekki: „Næsti númer eitt."

Flestir bera hann saman við Tiger Woods, auðvitað, og telja McIlroy eiga alla möguleika á því að endurtaka sigurgöngu hans, og bæta um betur. Gullbjörninn, Jack Nicklaus, segir hann geta náð hæstu hæðum, taki hann réttar ákvarðanir um framgang ferilsins á næstu árum. Hann telur met sitt, 18 risatitlar, ekki fjarstæðukennt takmark fyrir Norður-Írann unga.

Auðæfi

Það er nú svo að McIlroy hefur náð þessum hæðum í einni af þeim íþróttum sem gefa afreksmönnum mest af veraldlegum gæðum. Tiger Woods er lifandi dæmi um það. McIlroy hefur þegar aflað meiri tekna en hann mun nokkru sinni geta eytt því um leið og hann gerðist atvinnumaður árið 2007 gerði hann góða samninga við nokkur stórfyrirtæki.

Sérfræðingar telja hins vegar að það sé aðeins byrjunin því milljarðar á milljarða ofan muni falla McIlroy í skaut á næstunni þegar nýir samningar verða undirritaðir. Umboðsmaður hans hefur nokkra tugi slíkra samninga til skoðunar, sem reyndar lágu fyrir áður en sigur vannst á bandaríska meistaramótinu.

RORY MCILROY Fyrir sjö árum veðjaði faðir hans Gerry 100 pundum á að sonurinn myndi vinna Opna breska fyrir 25 ára aldur. Líkur veðbankans voru þá 500:1. Nú eru þær metnar 3:1.

svavar@frettabladid.is

Kynslóðaskipti í golfinu

Það vill gleymast í öllu fjölmiðlafárinu í kringum sigurvegarann Rory McIlroy að annar kornungur kylfingur, Jason Day, tryggði sér annað sætið á US Open. Hann var einnig í öðru sæti á Masters, fyrsta risamóti ársins. Day er 23 ára gamall Ástrali og situr hann nú í níunda sæti heimslistans.

Fréttaskýrendur í golfheiminum eru á einu máli um að kynslóðaskipti séu að verða í alþjóðlegu golfi. Tiger Woods og Phil Mickelson hafa leitt vagninn um langt skeið en ungkylfingar eins og McIlroy og Day auk Ricky Fowler (f. 1988), Anthony Kim (f.1985) og Dustin Johnson (f. 1984) eru líklegir til að berjast um æðstu metorð næstu árin. Þá má ekki gleyma þeim Ryo Ishikawa (f. 1991) og Matteo Manassero (1993) sem þegar eru orðnir tveir af bestu kylfingum heims.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Hollráð Hinna

Skynsemin í pokanum

Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, gefur smá hugleiðingu sem hann kallar „Golf með skynsemi".

Að hleypa fram úr

Sú siðaregla, sem sennilega er oftast brotin og veldur hvað mestri óánægju, er án efa reglan um hvenær og hvernig hleypa skuli fram úr. Þú hleypir fram úr:

1. ...þegar hópur, sem á rétt á að fara fram úr, nær hópi sem þú ert í.
2. ...þegar hópar sem leika heilan hring (18 holur) og þinn hópur hefur hafið leik á annarri holu en þeirri fyrstu (oftast tíundu).
3. ...þegar þinn hópur leikur hægar en þeir sem á eftir koma.
4. ...ef þinn hópur hefur dregist aftur úr þannig að brautin fyrir framan ykkur er auð og hópurinn á eftir ykkur þarf að bíða.
5. ...ef bolti einhvers leikmanns í þínum hópi er týndur og þið finnið hann ekki strax (½ mín.).

Aðeins er leyfilegt að leita í 5 mínútur að hverjum bolta. Finnist hann ekki á þeim tíma er hann, skv. reglunni, týndur og bannað að leita lengur að honum. Eigandi hans verður að fara til baka og slá nýjan bolta gegn einu vítishöggi.
Það er algengur misskilningur að ekki þurfi að hleypa fram úr fyrr en eftir þessar 5 mín. Hið rétta er að hleypa skal fram úr þegar ljóst er að boltinn er ekki auðfundinn.

Leikhraði:

Það virðist vera útbreiddur misskilningur að sá leiktími sem gefinn er sé sá tími sem á að taka til að ljúka hring. Sá tími sem gefinn er, er hámarkstími fyrir hring og því ættu kylfingar að reyna að spila innan þess tíma. Aðalreglan er hins vegar sú að leikhópar ættu ávallt að halda í við næsta leikhóp fyrir framan.

Evrópumót áhugakylfinga:

Landsliðsvalið liggur nú fyrir

Ragnar Ólafsson, landsliðseinvaldur í golfi, hefur valið landslið Íslands sem leika á Evrópumótum áhugamannalandsliða í júlí næstkomandi. Karlarnir leika á Oceanico Victoria-vellinum á Vilamoura-svæðinu í Portúgal, en konurnar á Murhof í Austurríki.

Karlaliðið er þannig skipað: Arnar Snær Hákonarson, Alfreð Brynjar Kristinsson og Guðmundur Ágúst Kristjánsson, allir úr GR, Axel Bóasson úr Keili, Guðjón Henning Hilmarsson úr GKG og Ólafur Björn Loftsson úr Nesklúbbnum.

Kvennalandslið Íslands: Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Signý Arnórsdóttir og Tinna Jóhannsdóttir, allar úr Keili, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Sunna Víðisdóttir úr GR, og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni. - shá

EINPÚTT Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni er ein af landsliðsstelpunum okkar.

HONDA
The Power of Dreams

Raðaðu þínum þörfum saman
Honda CR-V passar fyrir þær allar
á verði frá kr. **5.290.000** (á mán. kr. 62.008*)

CR-V

Sannreyndu hvernig hagkvæmnin á Honda CR-V smellpassar

Rýmið passar fyrir fjöll af hamingju,
fjölstjörnuöryggið fyrir alla fjölskylduna,
sparneytnin fyrir skutlið,
búnaðurinn passar upp á stemmninguna
og allt á Honda-góðu verði.
Passar algjörlega.

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,95% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 10,69%. Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

www.honda.is

dagskrá

> Katherine Heigl

„Það er skemmtilegra að trúa því að aðrir heimar séu til."

Í kvikmyndinni The Ugly Truth leikur Katherine Heigl framleiðanda morgunþáttar sem fær nýjan samstarfsmann, karlrembuna Butler. Hann ákveður að hjálpa henni í ástalífinu með afar misjöfnum en skemmtilegum árangri og er myndin á dagskrá Stöðvar 2 bíós kl. 22.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST MEÐ TVEIMUR BRESKUM SAKAMÁLAÞÁTTUM

Tekist á við erfiðar aðstæður

Bretar eru snillingar í að senda frá sér vandað og raunsætt sjónvarpsefni. Þættirnir Þögnin sem hafa verið sýndir í Sjónvarpinu fjalla um heyrnarlausa stúlku sem verður vitni að morði á lögreglukonu og hefur það ófyrirséðar afleiðingar. Allir leikararnir standa sig með mikilli prýði og sér í lagi aðalleikkonan unga. Hún kemur vel til skila innilokuninni sem hún þarf að glíma við og hvernig hún þarf að berjast við að verða metin að verðleikum í samfélagi sem lítur hana öðrum augum en annað fólk.

ÞÖGNIN Bresku sakamálaþættirnir Þögnin eru sýndir í Sjónvarpinu á þriðjudagskvöldum.

Önnur vönduð bresk þáttaröð er Sakborningar, einnig í Sjónvarpinu. Þar er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess að verða leiddur fyrir dóm. Þátturinn um hermennina í Afganistan þar sem einn var niðurlægður svo mjög að hann framdi á endanum sjálfsvíg lýsti því vel hvernig lífið getur gengið fyrir sig í miskunnarlausu stríði þar sem enginn má sýna vott af veikleika þrátt fyrir erfiðar og nánast ómögulegar aðstæður. Logið var að fjölskyldu hans að hann hefði dáið hetjudauða þegar raunin var allt önnur. Sannleikurinn mátti ekki koma í ljós. Virkilega magnþrungið efni sem fær mann til að staldra við og hugsa, öfugt við margt annað sem er í boði.

RÚV

14.35 Evrópumót landsliða undir 21 árs (Undanúrslit) (e)
15.55 Golf á Íslandi (3:14) (e)
16.20 Tíu fingur (8:12)
17.25 Skassið og skinkan (12:20)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Geymslan
18.25 Dýraspítalinn (6:10)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Önnumatur frá Spáni – Ostur (6:8) (AnneMad i Spanien)
20.40 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives)
21.30 Tríó (3:6) Ný íslensk gamanþáttaröð. Tilvera blaðberans Friðberts og líksnyrtisins Þormóðs fer öll á annan endann þegar ungt og glæsilegt par flytur í íbúðina á milli þeirra í raðhúsi í Mosfellsbæ.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Glæpahneigð (Criminal Minds IV)
23.05 Kviksjá
23.10 Skytturnar (e)
00.25 Kviksjá
00.35 Kastljós (e)
01.00 Fréttir (e)
01.10 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 Top Secret
10.00 Yes Man
12.00 UP
14.00 Top Secret
16.00 Yes Man
18.00 UP
20.00 The Ex
22.00 The Ugly Truth
00.00 Funny Money
02.00 Man About Town
04.00 The Ugly Truth
06.00 Race to Witch Mountain

STÖÐ 2

06.25 Fréttir og Ísland í dag
07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
10.55 The Mentalist (1:23)
11.45 Gilmore Girls (22:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Into the Storm
14.45 The O.C. 2 (15:24)
15.30 Sorry I've Got No Head
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Two and a Half Men (17:22)
19.40 Modern Family (8:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðuramerískra fegurðardís. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
20.05 Grillskóli Jóa Fel (2:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
20.40 Amazing Race (6:12)
21.25 NCIS (20:24)
22.10 Fringe (18:22)
22.55 The Mentalist (24:24)
23.40 Rizzoli & Isles (6:10)
00.20 Damages (5:13)
01.05 The Pacific (8:10)
02.00 Men at Work
03.35 Street Kings
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

16.20 FK Austria Wien - Figo & Friends Útsending frá knattspyrnuleik milli FK Austria Wien og stjörnuliðs Luis Figo.
18.05 LA Liga's Best Goals Fallegustu mörkin í spænsku úrvalsdeildinni veturinn 2010 - 2011.
19.00 Norðurálsmótið Sýndar svipmyndir frá Norðurálsmótinu á Akranesi þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar láta ljós sín skina. Það eru strákar í 7. flokki sem keppa á Norðurálsmótinu en alls mæta 26 félög með 144 lið og yfir 1200 þátttakendur.
19.45 KR - FH Bein útsending frá leik KR og FH í 16 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
22.00 Valitor mörkin 2011 Sýnd mörkin úr leikjunum í 16 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason fara yfir mörkin og umdeildu atvikin í leikjunum.
23.05 Grillhúsmótið Sýnt frá Grillshúsmótinu þar sem helstur kraftajötnar landsins keppa.
23.50 KR - FH Útsending frá leik KR og FH í 16 liða úrslitum í Valitor bikarkeppni karla í knattspyrnu.
01.40 Valitor mörkin 2011 Sýnd mörkin úr leikjunum í 16 liða úrslitunum

SPORT 2 *enski boltinn*

18.15 Arsenal - WBA Útsending frá leik Arsenal og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
20.00 PL Classic Matches. Leeds - Liverpool, 2000
20.30 Premier League World Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
21.00 Season Highlights 1997/1998 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
21.55 Man. Utd. - Wolves Útsending frá leik Manchester United og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
23.40 Pep Guardiola Magnaðir þættir um fremstu knattspyrnumenn sögunnar en að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.45 Dynasty (4:28)
17.30 Rachael Ray
18.15 America's Next Top Model (13:13) (e)
19.00 Million Dollar Listing (8:9)
19.45 Whose Line is it Anyway? (18:39)
20.10 Rules of Engagement (7:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
20.35 Parks & Recreation (7:22)
21.00 Running Wilde (3:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Develpment. Steve reynir í örvæntingu sinni að heilla Emmy upp úr skónum með því að heita því að setjast ekki í forstjórastól olíufyrirtækisins.
21.25 Happy Endings (3:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Brad líst illa á hugmynd Jane um að eignast nýtt par sem vin. Max og Dave reyna á sama tíma að leysa ráðgátu um hvers vegna matur virðist hverfa úr íbúðinni þeirra.
21.50 Law & Order: LA (14:22)
22.35 Green Room with Paul Provenza (3:6)
23.05 The Good Wife (22:23) (e)
23.55 CSI: Miami (11:24) (e)
00.40 Smash Cuts (6:52) (e)
01.05 Law & Order: LA (14:22) (e)
01.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
07.00 US Open 2011 (3:4)
12.00 Golfing World
12.50 US Open 2011 (4:4)
17.45 Golfing World
18.35 Inside the PGA Tour (25:42)
19.00 Travelers Championship (1:4)
22.00 Golfing World
22.50 Ryder Cup Official Film 2002
00.50 ESPN America

EXTRA

19.45 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
20.30 In Treatment (35:43) Ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu vandamálum.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Gossip Girl (19:22)
22.35 Off the Map (3:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörpuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
23.20 Ghost Whisperer (15:22)
00.05 The Ex List (10:13)
00.50 In Treatment (35:43)
01.15 The Doctors
01.55 Fréttir Stöðvar 2
02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

20.00 Hrafnaþing Er einhver atvinnulífsvon hjá vinstri stjórn.
21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur Þáttaröð með fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.
21.30 Kolgeitin Sigtryggur Baldursson fjallar um íslenska tónlist
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

ÍNN

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma 4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05
GRILLSKÓLI JÓA FEL

Að þessu sinni sýnir Jói hvernig gott er að grilla svínarif með heimagerðri sósu, kjúklingabita með gráðostasósu og grilluðu snakki. Í aðalrétt er svo heil-grillaður lambahryggur, bakaðar kartöflur og piparsósa.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Heimsmenning á hjara veraldar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Fáni og flattur þorskur **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Landið í þér **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

07.30 Monarch of the Glen **08.25** New Tricks **09.15** New Tricks **10.05** EastEnders **10.35** Fawlty Towers **11.10** The Weakest Link **12.00** Keeping Up Appearances **12.30** ,Allo ,Allo! **13.05** ,Allo ,Allo! **13.40** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** Lark Rise to Candleford **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear **22.55** Lark Rise to Candleford

DR 1

12.30 Mission. Baby **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Vestindiens hemmelighed **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** Sankthansaften **19.50** SportNyt **20.00** Pigen der vidste for meget **21.50** Verdens værste naturka-tastrofer **22.40** Min italienske drøm

NRK 1

10.05 Filmavisen 1960 **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Ut i naturen **11.35** Niklas' mat **12.05** Folk **12.35** Norge rundt **13.00** Derrick **14.00** Et land i brun saus **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Mat i Norden **18.00** Store leker **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Hurtigruten **21.00** Kveldsnytt **21.15** Farlig oppdrag **22.45** Elvis i glada Hudik **23.45** Etter at du dro

svt1

10.55 Hemliga prinsar **11.55** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** En svensk sommar i Finland **14.45** Livet på landet **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** Flugor **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Dox **20.35** Black angels **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** The Tudors **23.10** Rapport

Stigar og tröppur til allra verka

MÚRBÚÐARVERÐ



Kletthálsi Rvk
Akureyri
Reykjanesbæ
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

VORTILBOÐ
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Ég fer nú yfirleitt ekki á neina flotta staði, svo það er örugglega bara Subway.

Atli Sigursveinsson, gítarleikari Endless Dark

Samdi lag við sálm Sigurbjörns

Pétur Ben, Toggi, Svavar Knútur og Matthías Baldursson ætla að frumflytja eigin lög við sálma Sigurbjörns Einarssonar á tónleikum í Lindakirkju 30. júní. Tónleikarnir verða haldnir í tilefni þess að biskupinn fyrrverandi hefði orðið 100 ára þennan sama dag.

„Guðni Már prestur í Lindakirkju er gamall vinnufélagi minn og kunningi. Ég hef alltaf haldið svolítið upp á hann og hann tékkaði hvort ég væri til í þetta," segir Toggi, sem var upptekinn við að reyta arfa þegar Fréttablaðið hafði samband, enda eigandi garðyrkjufyrirtækis. „Það er gaman að prófa eitthvað annað og þurfa ekki að eyða tíma í textagerð. Ég er í smá biðstöðu með mína tónlist. Ég er eiginlega búinn með plötu en er ekki að fara að gefa hana út strax þannig að það er fínt að hafa eitthvað annað að dunda sér við," bætir hann við.

Lagið er við sálminn Hjá Guði og var Toggi, sem samdi hið vinsæla Þú komst við hjartað í mér, ekki lengi að hrista það fram úr erminni. „Ég samdi það bara um kvöldið og tók það upp á símann minn," segir hann. „Ég er ekkert trúaður sjálfur en ekkert öfgavantrúaður heldur. Ég er meira leitandi. En mér finnst lög við sálma mjög flott."

Á meðal annarra sem koma fram í Lindakirkju eru Ellen Kristjánsdóttir, Regína Ósk, Erna Kirstin Blöndal og Gospeltónar. Miðaverð er 2.000 krónur og hefst miðasala í Kirkjuhúsinu 27. júní kl. 10. Jafnframt verður hægt að kaupa miða í Lindakirkju 28. til 30. júní. - fb

FLYTUR NÝTT LAG Toggi frumflytur lag við sálminn Hjá Guði eftir Sigurbjörn Einarsson í Lindakirkju 30. júní.

Í VARNARVEGG Páll Óli, lengst til hægri, sallarólegur og svipbrigðalaus í varnarveggnum. MYND/GKS

PÁLL ÓLI ÓLASON: SEM BETUR FER ER ÉG EKKI EINS OG FÍFL

Fótboltastrákur úr Árborg slær í gegn á Flick My Life

„Ég veit ekkert hver er að gera þetta," segir Páll Óli Ólason sem hefur slegið í gegn á síðunni Flickmylife.com að undanförnu. Þar hefur ljósmynd af honum verið klippt á skondinn hátt inn í ýmsar kringumstæður. Má þar nefna atriði úr gamanmyndinni Forrest Gump, nautaat, skautadans og morðið á Lee Harvey Oswald, banamanni Johns F. Kennedy, fyrrum Bandaríkjaforseta.

Páll Óli spilar fótbolta með Árborg í 1. deildinni. Myndin af honum var tekin þegar hann stillti sér upp í varnarvegg í æfingaleik gegn Reyni Sandgerði í vor. Á meðan félagar hans í veggnum voru í hinum ýmsu stellingum þegar spyrnan var tekin stóð hann, að því er virtist óttalaus, og beið eftir skotinu. Myndin birtist fyrst á síðunni Fotbolti.net en eftir það hefur útklippt myndin af Páli Óla öðlast nýtt líf á Flick My Life. „Mér er svo sem sama," segir hann um birtinguna. „Ég er sem betur fer ekki eins og fífl á myndinni. Þetta var svo léleg aukaspyrna að ég þurfti ekki að hreyfa mig neitt."

VINSÆLL Á NETINU Útklippt mynd af Páli Óla Ólasyni hefur verið vinsæl á síðunni Flickmylife.com að undanförnu.

Aðspurður segist hann ekki vera að íhuga málsókn vegna myndaraðarinnar, líkt og Ásgeir Kolbeinsson íhugaði fyrr á árinu þegar einkalíf hans var orðið óþægilega áberandi á síðunni. „Hann fór upp í fimmtíu og eitthvað. Hann var ekki par sáttur skilst mér en ég hef bara gaman af þessu. Þarna er ekkert verið að taka líf mitt og draga mann eitthvað niður," segir Páll Óli hress.

freyr@frettabladid.is

Lúmskt gaman að vera gothari

„Ég held að það hafi verið redding hjá leikstjóranum að fá mig í þetta hlutverk en við þekkjumst vel eftir tökurnar á Óróa," segir Atli Óskar Fjalarsson en þegar Fréttablaðið náði af honum tali var hann staddur á Akureyri þar sem tökur eru nýhafnar á gamanþáttaröðinni Hæ Gosi.

Atli Óskar vakti verðskuldaða athygli á síðasta ári fyrir leik sinn í unglingamyndinni Óróa en þetta er í fyrsta sinn sem hann leikur í sjónvarpsþáttum. Hlutverk Atla í Hæ Gosa er frekar óvanalegt en hann bregður sér í gervi gotharans, Jasons, með tilheyrandi útlitsbreytingum.

„Ég er að fara út fyrir minn þægindaramma en það er bara hressandi. Jason er mjög fyndin týpa sem léttir aðeins söguþráð þáttanna," segir Atli en hann þarf að lita hárið á sér svart, gera húðina hvíta, naglalakka sig og hlaða á sig skartgripum til að koma sér í hlutverkið. „Ég hef lúmskt gaman af því að bregða mér í búninginn og get fullyrt að þetta er í fyrsta skipti sem ég set sjálfviljugur á mig naglalakk."

Atli Óskar vinnur í sumar hjá símafyrirtækinu Tali en segir að það hafi verið lítið mál að fá frí í nokkra daga. „Ég hef það mjög gott hérna, fæ meira að segja að vera einn í herbergi. Þar eru 50 svört handklæði og litaflokkað M&M. Svo er ég líka með einkabílstjóra sem keyrir mig hvert sem ég vil. Þetta er frábært," gantast Atli Óskar. Önnur þáttaröð sjónvarpsþáttanna Hæ Gosi fer í loftið í haust á Skjá einum. - áp

SVARTKLÆDDUR Leikarinn Atli Óskar Fjalarsson er óþekkjanlegur í gervi sínu.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

~~Kr. 8.990~~
Kr. 7.642
15% AFSLÁTTUR

Kr. 3.999

~~Kr. 8.990~~
Kr. 7.642
15% AFSLÁTTUR

~~Kr. 8.990~~
Kr. 7.642
15% AFSLÁTTUR

~~Kr. 7.990~~
Kr. 6.792

~~Kr. 7.990~~
Kr. 6.792

15% AFSLÁTTUR

SUMARIÐ ER TÍMINN

Risa sending af dömu, herra og barnafötum kemur í hús um helgina!

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

ÓDÝRT & GOTT

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hera með Gay Pride-lag

Nýtt lag með **Heru Björk** og Haffa Haff, Feel the Love Tonight, kemur út í dag. Laginu er ætlað að verða alþjóðlegt einkennislag Gay Pride árið 2011 og ætlar Hera Björk að syngja það á tónleikaferð sinni um Bandaríkin sem hefst í dag. Lagið verður einnig sungið á Gay Pride hér heima og þá verður það í íslenskri útgáfu. Höfundar Feel the Love Tonight eru Örlygur Smári og Pétur Örn Guðmundsson og textann sömdu þeir einnig ásamt Heru Björk.

Heiðursfélagi Sóta

Hestamannafélagið Sóti á Álftanesi fagnaði sumrinu með því að halda síðasta mót vetrarins fyrir skemmstu. **Forsetahjónin á Bessastöðum**, nágrannar hestamannanna heiðruðu samkomuna með nærveru sinni. Af því tilefni var Dorrit Moussaieff gerð að heiðursfélaga hestamannafélagsins. Forsetahjónin eru hestaunnendur og hafa margoft farið í hestaferðir. Eins og kunnugt er slasaðist Ólafur á vinstri öxl þegar hann féll af baki í hestaferð í Húnaþingi fyrir tveimur árum og var hann þá fluttur á sjúkrahús til Reykjavíkur. Þetta var í annað skiptið á áratug sem hann slasaðist.

- fb, - jab

Mest lesið VÍSIR

1. Dómari hugsanlega vanhæfur vegna ummæla um Ísland
2. Vann 2 milljónir í lottósjálfsala
3. "Apinn" handtekinn í Mexíkó
4. Gjaldið hækkar í göngin
5. Verður vísað úr landi
6. Dró sér fé frá fólki á sambýli
7. Hárið sett upp í Hörpunni